

**Hjaltalín**
**SAMEINAST Á JÓLUNUM ▸18**



**ERLENDAR FRÉTTAMYNDIR ÁRSINS ▸24**







# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**
27. desember 2014
303. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




## SJÁLFSTÆÐAR KONUR

**Vigdís Hrefna** og **Elma Stefanía** eru Rósa og Ásta Sóllilja í Sjálfstæðu fólki í jólasýningu Þjóðleikhússins. Þær segja persónurnar sterkar konur með sjálfstæðan vilja. ▸22

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HRESS JÓLAFJÖLSKYLDA**
Tekur upp nýtt jólalag á hverju ári og gefur í jólagjöf. ▸54



**ÚTVARPSLEIKARAR**
**Ágúst og Theodór leika Míó og JumJum**
▸36

**TÍSKUÁRIÐ 2014**
Venjulegur klæðnaður fékk uppreisn æru.
▸32















## GLEÐIFRÉTTIN

### Sjávarútvegsskólanum þakkað

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt ályktun þar sem framlag Sjávarútvegsskóla stofnunarinnar á Íslandi er þakkað. Viðurkenningin beinist einkum að framlagi skólans í þágu smárra eyþróunarríkja. Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna er rekinn sem hluti af framlagi Íslands til þróunarmála og hefur verið starfræktur síðan 1998. Þar hafa um 300 sérfræðingar í sjávarútvegsmálum í þróunarlöndum hlotið sex mánaða þjálfun hérlendis og hafa yfir þúsund manns tekið þátt í námskeiðum sem skólinn hefur þróað og haldið í samstarfslöndunum.

Skólinn er rekinn samkvæmt þríhliða samningi Hafrannsóknastofnunar og utanríkisráðuneytisins við SÞ.

## FIMM Í FRÉTTUM BRCA-GEN OG HÖNNUNARHÚSGÖGN



**Bergur Þorri Benjamínsson**, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar, er ósáttur við nýjar reglur um ferðaþjónustu fatlaðra. Ákvæði um hámarksferðir í mánuði mismuna fötluðum að hans mati.



**Kristín Helga Guðmundsdótir** er verkefnisstjóri Konukots. Í Konukoti var tekið vel á móti konum sem ekki áttu í önnur hús að venda á jólunum.



Reykjavíkurborg, Félagsstofnun stúdenta og Háskóli Íslands undirrituðu í vikunni viljayfirlýsingu um byggingu 650 nýrra stúdentaíbúða á háskólasvæðinu og í nágrenni þess. **Kristín Ingólfsdóttir** er háskólarektor.



**Páll Winkel** fangelsismálastjóri sagðist í samtali við Fréttablaðið telja það fjarstæðukennt að íslensk stjórnvöld geti samið um að íslenskir fangar afpláni í fangelsum erlendis. Langur biðlisti er eftir afplánun hér á landi. Norsk og hollensk stjórnvöld hafa samið um að 242 norskir fangar fái að afplána í Hollandi.



➜ Tólf hestar fundust drukknaðir í Bessastaðatjörn sunnudaginn 21. desember. **Jóhann Kolbeins** er formaður Hestamannafélagsins Sóta.

## Voðmúlastaðakapella



**VINSÆLASTA MYNDIN** Rangt var farið með nafn mannsins sem átti mynd af Voðmúlastaðakapellu í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis. Myndin var valin vinsælasta myndin af lesendum og birtist hún í Fréttablaðinu á aðfangadag jóla. Ljósmyndarinn heitir Sigurður Jónsson. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Sex hundruð keyptu kebab á aðfangadag

Yaman Brikhan, eigandi kebabstaðarins Ali Baba í Veltusundi, þurfti að hafa snör handtök á veitingastað sínum. Hann afgreiddi sex hundruð viðskiptavini á aðfangadag. Metfjöldi ferðamanna dvelur í höfuðborginni yfir jólin.

**VIÐSKIPTI** Metfjöldi ferðamanna dvelur á Íslandi um jólin, eða um 60 þúsund manns. Meiri eftirspurn er eftir verslun og þjónustu og víða mynduðust langar biðraðir ferðamanna í miðborginni fyrir utan þá fáeinu staði sem höfðu opið á aðfangadagskvöld og jóladag.

Yaman Brikhan, eigandi veitingastaðarins Ali Baba, er einn þeirra sem urðu við aukinni eftirspurn og ákvað að hafa opið yfir öll jólin. Hann sá ekki sérstaka ástæðu til þess í fyrra en í ár var staðurinn fullur bæði á aðfangadagskvöld og jóladag.

„Það var alveg brjálað að gera allan aðfangadag, sérstaklega frá klukkan fjögur til sjö. Ég afgreiddi um það bil sex hundruð manns,“ segir Yaman frá. „Venjulega hef ég haft lokað frá klukkan fjögur á aðfangadag en það er svo mikið af ferðamönnum í bænum. Ég fæ mikið af símtölum frá hótelum um hvort það sé opið hjá mér og ákvað því að hafa opið.“

Hann segist ekki hafa kallað út aukamannskap til að anna eftirspurninni heldur haft snarari handtök. „Við vorum þrjú að afgreiða þegar mest var og það gekk vel. Það voru ekki eingöngu ferðamenn sem komu til okkar í mat á aðfangadag, einhverjir Íslendingar vildu líka kebab í jólamatinn.“

Yamam er upphaflega frá Sýrlandi en fluttist hingað til lands fyrir rúmum fjórtán árum. Hann opnaði veitingastað sinn fyrir fimm árum og hefur notið velgengni.

Hann segir ekki mikið mál fyrir sig eða fjölskylduna að vinna yfir jólin. Hann líti á slíka vinnu sem samhjálp við kristna Íslendinga sem vilji halda jólin hátíðleg. „Við erum múslimar og höldum ekki jól. Jólin skipta okkur litlu máli þótt auðvitað finnist okkur gott að fá svolítið meiri tíma með fjölskyldunni. Ég er frá Sýrlandi og þar eru bæði kristnir og múslimar. Þegar okkar trúarhátíðir eru, þá vinna kristnir og þegar það eru jól, þá vinnum við. Þetta er samhjálp.“



**SAMHJÁLP** Yaman er múslimi og finnst sjálfsagt að vinna á jólum á meðan kristnir Íslendingar halda jól sín hátíðleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANDRI MARÍNÓ KARLSSON

176 þúsund fleiri erlendir ferðamenn hafa farið frá landinu en á sama tímabili í fyrra, eða alls um 915.465. Um er að ræða 23,8% fjölgun ferðamanna milli ára frá áramótum í samanburði við sama tímabil í fyrra.

Mest hefur fjölgun ferðamanna orðið frá N-Ameríku og Bretlandi: N-Ameríkumönnum hefur fjölgað um 33,7%, Bretum um 32,0%, Mið- og S-Evrópubúum um 17,9% og ferðamönnum frá öðrum mörkuðum um 29,5%. Norðurlandabúum hefur hins vegar ekki fjölgað í sama mæli eða um 8,9%.



**STRAUMUR FERÐAMANNA** Þeir ferðamenn sem halda jól á Íslandi þurfa þjónustu. Það var mikið að gera á þeim veitingastöðum sem höfðu opið á aðfangadagskvöld og jóladag. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANDRI MARÍNÓ KARLSSON

kristjanabjorg@frettabladid.is

Dagur um nýjan kirkjugarð:

## Borgarstjóri vill ekki tjá sig

**REYKJAVÍK** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri vill ekki tjá sig um ummæli Þórsteins Ragnarssonar, forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkur, um að brýn þörf sé á nýjum garði í Reykjavík.

„Ég treysti því að borgaryfirvöld hugi að því núna því það má engan tíma missa. Það tekur um sex ár að útbúa nýjan kirkjugarð,“ sagði Þórsteinn í kvöldfréttum Stöðvar 2 á jóladag. „Það væri nokkuð hastarlegt ef höfuðborgin hefði ekki rými fyrir kistugrafir í náinni framtíð.“

Að hans mati blasir það við að fara verður með hina látnu út úr sveitarfélaginu ef ekki verður brugðist við mjög hratt. - sa

Flutt með þyrlu frá Hvolsvelli:

## Skall á húsvegg af snjóþotu

**BJÖRGUN** Þyrla Landhelgisgæslunnar fór með ellefu ára gamla stúlku frá Hvolsvelli á Landspítalann í Fossvogi eftir að hún skall af snjóþotu á húsvegg.

Stúlkan var að renna sér á snjóþotu við bæinn Ytri-Skóga undir Eyjafjöllum og endaði sleðaferðin á húsvegg. Höggið var talsvert og hraðinn mikill. Hún handleggsbrotnaði og hlaut höfuðáverka sem gáfu tilefni til þess að flytja hana með hraði suður. Slysið varð um hálffjögurleytið. Sjúkrabifreið flutti stúlkuna á Hvolsvöll og þaðan var hún flutt með þyrlu til Reykjavíkur og var komin þangað um korter í sex. - kbg




Ökumenn spóluðu á ökutækjum í Gufuneskirkjugarði og löskuðu mörg leiði:

## Skemmdir unnar á kirkjugarði

**LÖGREGLUMÁL** Ekið var yfir leiði í Gufuneskirkjugarði í Grafarvogi, fyrir og um hátíðirnar, og þau skemmd. Vitað er um tvö tilvik hið minnsta og í öðru þeirra sat bíllinn fastur á leiði og var skilinn þar eftir. Talið er að um fimmtán leiði hafi skemmst við athæfið.

„Þegar við komum að var búið að rífa annað afturdekkið, nánast búið að affelga það,“ segir Halldóra Ólafsdóttir en hún kom að bílnum sem hafði verið yfirgefinn. Augljóst var á verksummerkjum að töluvert hafði gengið á.

„Við höfum séð þetta nokkrum sinnum áður og því miður kemur þetta reglulega fyrir,“ segir Helena Sif Þorgeirsdóttir, yfirverkstjóri Gufuneskirkjugarðs. Tjónið sé að mestu tilfinningalegt fyrir aðstandendur en einnig sé það fjárhagslegt fyrir kirkjugarðinn. Það þurfi að tyrfa og lagfæra bæði legsteina og krossa.

Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur, segir að málið muni verða kært til lögreglu og gefi ökumennirnir sig ekki fram muni fara fram sakamálarannsókn.

Umsjónarmenn kirkjugarðsins biðla til þeirra sem hafa einhverjar upplýsingar um málið að koma þeim til lögreglu. - skh, lb, jóe



**HELGISPJÖLL** Aðkoman var ekki falleg en bílar höfðu skemmt um fimmtán leiði. MYND/HELEN SIF




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 72150 12/14

**Icelandair og Vildarbörn hafa hjálpað 2.450 manns við að láta draumana rætast**
Þú getur gefið Vildarbörnum Icelandair Vildarpunktana þína á auðveldan hátt.
Skráðu þig inn á www.sagaclub.is og láttu gott af þér leiða.

Vildarbörn Icelandair er ferðasjóður fyrir langveik börn og börn sem búa við sérstakar aðstæður. Á þeim 11 árum sem liðin eru frá því að sjóðurinn tók til starfa hefur 471 barn notið góðs af framlögum og farið í draumaferðina.

\+ **Athugaðu Vildarpunktastöðuna á sagaclub.is – því ekki að leggja þitt af mörkum og gefa Vildarbörnum draumaferð?**

ICELANDAIR

## 21.12.2014 → 28.12.2014



**24** vörugámar hafa farið í sjóinn af skipum Eimskips í desember.



**50%** þjóðarinnar munu hafa snætt hamborgarhrygg á aðfangadag.

**INSPIRED BY ICELAND**

**2,3** milljarðar er virði fjölmiðlaumfjöllunar vegna Inspired by Iceland árin 2012 og 13.

**500 milljónir** runnu til snjómoksturs hjá Reykjavíkurborg á þessu ári.



**12** hross drukknuðu í Bessastaðatjörn í vikunni.



**2.000** starfsmönnum fjármálafyrirtækja hefur verið sagt upp frá hruni.



**80** ferkílómetrar lands eru komnir undir Nornahraun eftir gos í Holuhrauni í 4 mánuði.

**3.500** Reykvíkingar, af 120.000, eru í göngufæri við vínbúð.





**INNBROT** Rúður voru brotnar í húsnæði því er Fjölskylduhjálp hefur til afnota. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Fjórða innbrotið í desember:

### Brotist inn hjá Fjölskylduhjálp

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í húsnæði Fjölskylduhjálpar Íslands við Iðufell í fyrrinótt.

Engu var stolið þar sem þjótarnir komust ekki í verðmæti. Hins vegar voru rúður brotnar í forstofu og gámi sem nýttur er undir kertaframleiðslu.

„Þetta er skelfilegt og ég skil ekki hvað fólki gengur til þar sem við erum hjálparstofnun,“ segir Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar.

Þetta hafi verið í fjórða sinn í mánuðinum sem gerð sé tilraun til að brjótast inn í húsnæði félagsins. **- skh, jóe**

Brotlenti jórdanskri herþotu:

### Faðir biðlar til ISIS-samtakanna

**SÝRLAND** Safi al-Kasaesbeh, faðir jórdanska flugmannsins sem var handsamaður af ISIS eftir að herþota hans brotlenti í Sýrlandi á dögunum, hefur biðlað til ISIS um að koma vel fram við son sinn. „Ég vil ekki lýsa honum sem gísl. Ég kalla hann gest,“ sagði al-Kasaesbeh við Reuters-fréttastofuna. „Hann er gestur meðal bræðra okkar í hinu íslamska ríki Sýrlands. Ég bið þá í nafni guðs og með sæmd spámannsins Múhameðs að friður sé með honum og að þið takið við honum sem gesti og farið vel með hann.“

Jórdanía er eitt af nokkrum Arabaríkjum sem taka þátt í loftárásum gegn íslamska ríkinu. **- þij**

# Far með strætó og leigubílum lækkar ekki í takt við eldsneyti

Lækkun eldsneytisverðs hefur engin áhrif á fargjöld leigubíla eða hópbifreiða. Formaður Neytendasamtakanna gagnrýnir óbreytt gjald. Framkvæmdastjóri BSR segir þau hins vegar ekki geta sveiflast eins og olíuverð.

**NEYTENDUR** Ekki er útlit fyrir að verð á leigubílaþjónustu eða ferðum með hópbílum lækki á næstu mánuðum þrátt fyrir að bensínlítrinn hafi nú lækkað um 31 krónu, miðað við meðalverð á árinu, og dísilolían um 25 krónur. Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, gagnrýnir að lækkunin hafi ekki skilað lægri fargjöldum leigu- og hópbíla.

„Ég minni á að eldsneytiskostnaður skiptir verulegu máli í þessum rekstri og á auðvitað að skila sér í lækkuðu verði til neytenda. Verðlækkun á eldsneyti hefur verið það mikil að það er ekki annað réttlætanlegt en að þessi fyrirtæki skili henni út í verðlagið,“ segir Jóhannes.

Guðmundur Börkur Thorarensen, framkvæmdastjóri Bifreiðastöðvar Reykjavíkur (BSR), segir lækkun olíuverðs einungis koma í veg fyrir að leigubílaþjónusta fyrirtækisins hækki í verði.

„Staðan er þannig að það er eitt og hálft ár síðan við hækkuðum síðast og það kostar töluvert að breyta mælunum því þeir þurfa löggildingu og svo framvegis. Þetta er kannski eins og hálfs til tveggja prósenta launahækkun fyrir bílstjórana þannig að við erum allavega ekki að fara að hlaupa til. En ef þetta helst svona hefur þetta þau áhrif að það verður síður þörf fyrir verðhækkun,“ segir Guðmundur.

Hann býst ekki við að eftirspurn eigi eftir að dragast saman á heimsvísu og þar af leiðandi hljóti verðlækkanir nú að vera tímabundnar.

„Við sveiflumst ekki eftir einhverjum mánaðasveiflum á olíuverði,“ segir Guðmundur. Kristján Daníelsson, framkvæmdastjóri Reykjavík Excursions – Kynnisferða, segir ekki útlit fyrir að gjaldskrá hópbifreiðafyrirtækisins lækki á næstunni.

„Flestir okkar samningar eru bundnir í erlendri mynt til lengri tíma og því ekki mikið að marka verðlækkanir sem ná yfir stutt tímabil. Einnig hafa verðhækkanir á olíu ekki haft áhrif á verðmiðann okkar hingað til,“ segir Kristján.

Reykjavík Excursions ætlar að hans sögn að taka tillit til olíuverðslækkunarinnar ef hún verður langvarandi. Spurður hversu langur tími þurfi að líða, segir Kristján:

„Það er erfitt að segja. Við erum núna að semja mjög langt fram í tímann og senda út verð til erlendra samningsaðila fyrir næsta sumar og jafnvel næsta vetur. Við þyrftum því að sjá þetta langvarandi í að lágmarki sex mánuði.“ **haraldur@frettabladid.is**




**LEIGUBÍLAR** Bensínlítrinn kostaði um 210 krónur fyrir jól. Samkvæmt upplýsingum frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) hefur meðalverð á bensíni á árinu verið um 240 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **Ég minni á að eldsneytiskostnaðurinn skiptir verulegu máli í þessum rekstri.**
>
> *Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Friedrichshafen | 2° | New York | 10° |
| Aþena | 12° | Gautaborg | 1° | Orlando | 26° |
| Basel | 2° | Kaupmannahöfn | 1° | Ósló | -13° |
| Berlín | -2° | Las Palmas | 22° | París | 7° |
| Billund | 1° | London | 8° | San Francisco | 11° |
| Frankfurt | 1° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | -6° |




**Á MORGUN** 13-20 m/s V-til annað kvöld.




**MÁNUDAGUR** 10-18 m/s.

**BJART OG KALT** á landinu í dag en á morgun snýst í stífa sunnanátt með hlýnandi veðri. Yfirleitt úrkomulítið en þykknar upp vestan til með hvassviðri annað kvöld. Hvöss suðlæg átt einnig á mánudag með mikilli rigningu sunnanlands.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Vínartónleikar

## Dísella Lárusdóttir og Garðar Thor Cortes

Fim. 8. jan. » 19:30
Fös. 9. jan. » 19:30
Lau. 10. jan. » 16:00, 19:30

***David Danzmayr*** *hljómsveitarstjóri*
***Dísella Lárusdóttir*** *og*
***Garðar Thor Cortes*** *einsöngvarar*

Verð frá 3.400 kr.

Árlegir Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar. Tónleikarnir eru fyrir mörgum ómissandi upphaf á nýju ári enda einkenna glæsileiki og gleði Vínartónlistina.

Tryggið ykkur miða



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Aðalstyrktaraðili:**
GAMMA

@icelandsymphony #sinfó

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Sími: 528 5050 » Opið 9-18 virka daga og 10-18 um helgar

Samtök atvinnulífsins gagnrýna óbreytt tryggingagjald þrátt fyrir minnkandi atvinnuleysi á landinu:

# Slæmur gjaldstofn til að fjármagna útgjöld

**VINNUMARKAÐUR** Samtök atvinnulífsins gagnrýna stefnu stjórnvalda að taka til sín sífellt stærri hluta af tryggingagjaldi sem lagt er á öll greidd laun í landinu.

Frá árinu 2008 hefur þessi skattur hækkað um rúm 3 prósent af launum. Frá síðustu alþingiskosningum er hækkun gjaldsins um níu milljarðar króna á ári.

Björgólfur Jóhannsson, formaður SA, telur stjórnvöld ekki standa við gefið loforð í þessum efnum. „Atvinnulífið tók á sig verulega ábyrgð í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Þá tók atvinnulífið á sig hækkun tryggingagjalds vegna aukins atvinnuleysis. Það var þá gert með loforði þáverandi stjórnvalda um að þessi gjöld myndu lækka þegar kæmi til lækkandi atvinnuleysis. Nú er raunin að atvinnuleysi mælist mjög lágt og því ætti tryggingagjald að lækka í samræmi við það. Við það er ekki staðið, svo einfalt er það,“ segir Björgólfur.

Atvinnuleysi í nóvember var 3,1 prósent. Samanburður mælinga Hagstofunnar frá 2013 og 2014 sýnir að bæði atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi fólks hefur aukist samhliða minnkandi atvinnuleysi. Leita þarf aftur til október 2008 til þess að finna lægra hlutfall atvinnuleysis

Að mati SA er gjaldið slæmur gjaldstofn til að fjármagna önnur útgjöld ríkisins þar sem það dregur úr styrk fyrirtækja til að ráða nýtt starfsfólk. - sa



**BJÖRGÚLFUR JÓHANNSSON** Formaður SA.

Árás á Sony og Microsoft:

## Vilja uppfært öryggi á Xbox

**TÆKNI** Fyrirtækin Microsoft og Sony vinna nú hörðum höndum við að laga netvafra sína í leikjatölvunum Xbox og PlayStation eftir að hópur tölvuþrjóta sem kallar sig Lizard Squad réðst á tölvukerfi fyrirtækjanna um helgina. Hópurinn segir að árásin eigi að vera hvatning fyrir fyrirtækin til að uppfæra öryggiskerfi sín.

Til að fá sem mest út úr leikjatölvum sínum þurfa menn að tengjast netinu. Það var ekki hægt eftir árásina. - þij




**AF VETTVANGI** Fimm voru fluttir slasaðir á sjúkrahús ýmist með reykeitrun eða brunasár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fimm fluttir á sjúkrahús eftir að kveikt var í sænskri mosku:

## Hiti að færast í innflytjendamál

**SVÍÞJÓÐ Brennuvargur kveikti í mosku í sænska bænum Eskilstuna á jóladag. Á annan tug manns var við bænir þegar kviknaði í og særðust fimm. Heimildir herma að eldsprengju hafi verið kastað í moskuna. Enginn hefur verið handtekinn vegna atviksins.**

**Íkveikjan varð í kjölfar mikilla deilna á sænska þinginu um hvort herða eigi innflytjendalöggjöf. Margir íbúar Eskilstuna eru af erlendu bergi brotnir en fyrr í ár brutust út átök milli nýnasista og innflytjenda í bænum.** - jóe



**SIGMUNDUR DAVÍÐ** Forsætisráðherra var veittur stórkross þann 13. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hefðbundið að veita orðu án tilkynningar

Erlendir sendiherrar, ræðismenn Íslands og handhafar forsetavalds eru á meðal þeirra sem hljóta fálkaorðuna utan hinna reglubundnu daga. Sagnfræðingur segir orðuna hafa verið umdeilda og eiga rætur að rekja til samfélags sem sé horfið.

**BESSASTAÐIR** Hefðbundið er að handhafar forsetavalds, forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar, séu sæmdir fálkaorðunni og að athöfnin fari fram á Bessastöðum. Ekki er hefð fyrir því að tilkynnt sé sérstaklega um veitinguna heldur sé hún skráð á heimasíðu forsetaembættisins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá skrifstofu forseta Íslands til fjölmiðla. Sami háttur hefur verið hafður á orðuveitingum til sendiherra erlendra ríkja.

Í tilkynningunni kemur einnig fram að sá háttur hafi verið hafður á að fálkaorðan sé veitt tvisvar á ári, á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, og nýársdag, 1. janúar. Þeim veitingum séu fjölmiðlar látnir vita af. Fáeinar orðuveitingar séu utan þessara tveggja daga og hafi ekki þótt ástæða fyrir því að tilkynna þær sérstaklega.

Þann 13. desember síðastliðinn var Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra veittur stórkross hinnar íslensku fálkaorðu og Einari K. Guðfinnssyni, forseta Alþingis, veittur stórriddarakross degi áður. Það spurðist af orðuveitingunni núna um jólin og vakti hún nokkur viðbrögð í samfélaginu þegar fréttir af henni bárust á vefmiðlum.

Allir forsætisráðherrar lýðveldisins, að fjórum undanskildum, hafa hlotið orðuna. Þeir sem hlutu hana ekki eru feðgarnir Hermann Jónasson og Steingrímur Hermannsson auk þeirra Benedikts Gröndal og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Stig fálkaorðunnar eru fimm talsins. Hið fyrsta er riddarakrossinn og flestir orðuþegar eru sæmdir honum. Næst kemur stórriddarakross, þar næst stórriddarakross með stjörnu og loks stórkross. Æðsta stig orðunnar er keðja ásamt stórkrossstjörnu en hún er eingöngu borin af þjóðhöfðingjum.

„Íslendingar hafa ekki mikla hefð fyrir svona vegtyllum og lengi framan af þótti þetta vafasamur heiður,“ sagði Guðmundur Hálfdánarson sagnfræðingur í hádegisfréttum Bylgjunnar. Það þótti bera vott um konungshollustu að vera sæmdur orðunum.

> **Íslendingar hafa ekki mikla hefð fyrir svona miklum vegtyllum og lengi framan af þótti þetta vafasamur heiður.**
> *Guðmundur Hálfdánarson, sagnfræðingur.*

Fálkaorðunni var komið á fót í opinberri heimsókn Kristjáns X. Danakonungs árið 1921 og var konungur fyrsti stórmeistari orðunnar. Sá titill er nú forsetans.

„Þetta er auðvitað ákveðin arfleifð frá eldri tíma og sérstaklega þessi riddaranafnbót sem tengist þessu og þessi mismunandi stig regluverksins. Það kannski hljómar svolítið einkennilega nú til dags að sumir séu á einhvern hátt merkilegri en aðrir,“ segir Guðmundur Hálfdánarson og bætir við að ræturnar liggi í löngu horfnu samfélagi. johannoli@frettabladid.is




Barack Obama snæddi kvöldverð með hermönnum á jóladag á Hawaii:

## Segir þrettán ára stríð á enda

**HAWAII** Barack Obama Bandaríkjaforseti fagnaði því að stríðið í Afganistan tæki brátt enda í kvöldverði í herstöðvum bandaríska sjóhersins á Hawaii á jóladag.

„Við höfum verið í stöðugu stríði nú í meira en 13 ár,“ sagði Obama við hermenn og fjölskyldur þeirra í herstöðinni við Kaneohe-flóa en hann lofaði því að hernaðinum í Afganistan lyki í næstu viku.

„Þökk sé hinni ótrúlegu þjónustu bandaríska hersins, þá hafa Afganar nú tækifæri til að endurbyggja land sitt. Við erum óhultari. Landið verður ekki uppspretta hryðjuverkaárása á ný,“ sagði hann.

Forsetinn, sem var viðstaddur kvöldverðinn ásamt forsetafrúnni, Michelle Obama, sagði að Bandaríkin stæðu samt enn í erfiðum verkefnum víðs vegar um heim, meðal annars í baráttunni við Íslamska ríkið í Írak og Sýrlandi.

„Við erum enn með fólk í Afganistan sem er að hjálpa afgönsku öryggissveitunum,“ sagði Obama. „Við erum með fólk í Afríku sem berst gegn ebólunni og augljóslega erum við með fólk á verði alls staðar um heiminn.“



**BARACK OG MICHELLE OBAMA** Forsetahjónin snæddu kvöldverð með bandarískum hermönnum við Kaneohe-flóa á jóladag. MYND/AFP




# 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM

# 20% AFSLÁTTUR AF ALLRI SNYRTIVÖRU

**27. - 31. DESEMBER**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Áratugur liðinn frá mannskæðu flóðbylgjunni á Indlandshafi

Fyrir tíu árum, á annan dag jóla, varð jarðskjálfti á Indlandshafi sem kom af stað flóðbylgju sem kostaði þúsundir mannslífa. Minningarathafnir voru haldnar víðsvegar í gær til minningar um fórnarlömbin. Flóðbylgjan olli manntjóni á Srí Lanka, í Taílandi og víðar.

**HAMFARIR** Tíu ár eru liðin frá því að jarðskjálfti, 9,1 að styrk, reið yfir á Indlandshafi og kom af stað flóðbylgju sem kostaði um 230 þúsund manns lífið. Staðfest er að tæplega 185 þúsund manns, af tæplega sextíu þjóðernum, hafi látist og ríflega 45 þúsunda er enn saknað.

Flóðbylgjan, sem var allt að sextán metra há er hún náði landi, olli meðal annars manntjóni á Srí Lanka, í Taílandi, Sómalíu, á Maldíve-eyjum og í Suður-Afríku. Mestur varð skaðinn hins vegar í Indónesíu þar sem yfir 130 þúsund manns létust og meira en hálf milljón varð heimilislaus.

Athafnir voru haldnar víðsvegar um Suðaustur-Asíu til að minnast hamfaranna og þeirra sem í þeim létust. Í Banda Aceh, höfuðstað Aceh-héraðs í Indónesíu sem var það svæði sem verst varð úti, stýrði Jusuf Kalla, varaforseti landsins, athöfninni. Hún fór fram við fjöldagrafir fórnarlambanna.

„Þúsundir líka lágu hér á þessum velli. Tárin sem féllu voru tár sorgar, hræðslu og ringulreiðar. Við áttum ekkert nema bænina,“ sagði Kalla. Hann bætti við að lengi hefðu staðið bardagar milli stjórnvalda og uppreisnarmanna í héraðinu en í kjölfar hamfaranna hefðu allir lagst á eitt við að endurbyggja landið. Fyrr um daginn höfðu þúsundir komið saman í mosku bæjarins og hlýtt á klerkinn. Moskan var nánast eina húsið sem stóð eftir flóðbylgjuna.



**MINNINGARATHÖFN** Mahinda Rajapakse, forseti Srí Lanka, hafði tveggja mínútna þögn í forsetahöllinni til að minnast þeirra sem létust. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Í Taílandi lagði forsætisráðherrann, Prayut Chan-ocha, blómsveig að lögreglubát sem skolaði tvo kílómetra upp á land með vatnsflaumnum. Báturinn er nú minnisvarði um þá sem létust en tæpur helmingur þeirra sem fórust þar í landi var erlendir ferðamenn.

Í Srí Lanka hefur Samudra Devi-lestin verið endurbyggð en hún var meðal þess sem eyðilagðist þar í landi. Tæplega 1.300 farþegar lestarinnar létust. Í tilefni dagsins fór hún sérstaka ferð til að minnast þeirra. Ættingjar þeirra sem létust fóru um borð í lestina og staðnæmdust á þeim stað er flóðbylgjan grandaði fyrirrennara hennar.

Yfir fimm hundruð Svíar létust í flóðbylgjunni og var þeirra minnst í dómkirkjunni í Uppsölum. Í kjölfar hörmunganna hafa þau lönd sem liggja að Indlandshafi komið fyrir flóðbylgjuviðvörunarkerfum. Yfir 400 milljónum dollara hefur verið varið til verksins í 28 löndum. Hækki yfirborð sjávar í kjölfar stórra skjálfta flýr fólk strendurnar og kemur sér í var á svæði sem stendur hærra. Reglulega eru haldnar æfingar um hvernig bregðast eigi við sé mögulegrar flóðbylgju að vænta. Umdeilt er meðal sérfræðinga hve áreiðanlegt kerfið sé og hvort nóg hafi verið gert til að fyrirbyggja að annar eins mannskaði verði vegna flóðbylgna á þessu svæði heimsins.

johannoli@frettabladid.is



**ÞÁ OG NÚ** Þessi mynd sýnir Banda Aceh á eynni Súmötru í Indónesíu í janúar 2005 og síðan í upphafi þessa mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




Sjö íbúar héldu jólin hátíðleg í Kvennaathvarfinu:

## Lögregla bregðist við

**SAMFÉLAGSMÁL** Sjö íbúar, börn og konur, voru í Kvennaathvarfinu yfir hátíðirnar vegna heimilisofbeldis. Börnin fengu gjafir frá velunnurum athvarfsins og opnuðu þær við skreytt jólatré, þá var boðið upp á hátíðarmat á aðfangadagskvöld og jóladag.

„Við viljum auðvitað að enginn gisti í Kvennaathvarfinu, síst á jólum. En þótt aðstæður séu vondar er allt reynt til að gera jólin hátíðleg,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra athvarfsins, og segir bakgrunn þeirra sem koma í athvarfið margvíslegan og því fari jólahald í athvarfinu eftir því hverjir gista þar.

„Við hlustum svolítið eftir því, svo eru margir sem hugsa hlýlega til okkar í Kvennaathvarfinu og því er hægt að gefa gjafir og hafa jólamat.“

Hún segist ekki verða mikið vör við það að ofbeldismenn séu fjarlægðir af heimilum sínum, þótt það hafi borið árangur á Suðurnesjum í átaki gegn heimilisofbeldi þar. Hún væntir þess þó að það verði regla fremur en undantekning vegna orða nýs lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, Sigríðar Guðjónsdóttur.

„Í lögum eru heimildir til að fjarlægja ofbeldismann af heimili í stað þess að þolendur þurfi að flýja,“ sagði Sigþrúður. **- kbg**



**RÓLEGHEIT Í DESEMBER** Fá börn fæðast að venju á hátíðisdögum í desember.

Fá börn komu í heiminn nú yfir jólahátíðina:

## Ró á fæðingardeild

**SAMFÉLAG** Ró og spekt var á fæðingardeildum landsins yfir hátíðirnar.

Sjö börn fæddust á öðrum degi jóla á fæðingardeild Landspítalans. Fimm börn komu í heiminn á jóladag og einnig á aðfangadag. Á Þorláksmessu fæddust ellefu börn.

Að sögn ljósmóður á Landspítalanum er þessi fæðingartíðni nokkuð undir meðaltali og jólabörnin því fá í ár. Fæðingar eru alla jafna færri á hátíðisdögum í desember en aðra daga ársins og kunna ljósmæður engar skýringar á því.

Fyrir utan fæðingardeild Landspítalans eru fæðingardeildir á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, í Neskaupstað, Vestmannaeyjum, á Selfossi og í Keflavík.

Á Akranesi fæddist 263. barn ársins á Þorláksmessu en tvö börn fæddust á jóladag á Akureyri. Fæðingum hefur fjölgað nokkuð í Neskaupstað undanfarin ár og þar kom 79. barn ársins í heiminn á Þorláksmessu. **- kbg**

# SALE

ESPRIT

ÚTSALA
hefst í dag!

## 30% - 50%

afsláttur af útsöluvörum

Esprit Smáralind



**Í AUSTURSTRÆTI** Fjöldi fólks nýtti tímann til þess að rúnta um miðborgina. En það voru ekki margir sem voru á gangi í Austurstræti þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

# Útivera á öðrum degi jólanna

Það var fallegt veður í höfuðborginni í gær og margir nýttu tækifærið til útiveru. Fólk ætti að geta notið helgarinnar því áfram er spáð köldu en hægu veðri í höfuðborginni en á mánudag er gert ráð fyrir rigningu.



**GAMAN Í SNJÓNUM** Það getur verð gaman að leika sér í snjónum. En maður má passa sig á því að detta ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



**VEL KLÆDDUR** Það er kuldi í desember og þá er gott að vera vel klæddur. Í hlýrri úlpu og helst með húfu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



**SNJÓKARLAR** Mörg börn hafa nýtt tækifærið undanfarna daga og búið til snjókarla. Það eru mörg listaverkin víða í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



**Á AUSTURVELLI** Það er alltaf fallegt um að litast á Austurvelli á jólunum og víða vel skreytt. Til hægri má sjá jólatré, sem að þessu sinni er ekki frá Ósló. Norska tréð skemmdist í óveðri í byrjun desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



**FJÖLSKYLDUSTUND** Sumir nýttu tækifærið til þess að spóka sig í miðbænum. Eins og þetta fólk sem átti leið um Laugaveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

# Hátíðar-steikur

100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT - SÉRVALIÐ FYRIR ÞIG

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*

ÍSLANDS LAMB
*Stolt kjötmeistarans*

ÍSLANDS GRÍS
*Stolt kjötmeistarans*

Gerðu vel við þig og þína um hátíðarnar, veldu meyrt og ljúffengt gæðakjöt til að gera hátíðina ógleymanlega...

TILBÚIN BERNAISESÓSA



Fæst í:

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

BÓNUS

# ÁSTAND HEIMSINS







**Í JÓLASKAPI** Frans páfi veifaði til fólks úr íbúð sinni á Péturstorgi eftir bænastund í Vatíkaninu í gær. NORDICPHOTOS/AFP




**SIGLT Í GEGNUM FLÓÐIÐ** Það reyndi á þessa fjölskyldu í flóðinu í Malasíu í gær. Meira en 100 þúsund manns hafa þurft að flýja heimili sín. Þetta eru verstu flóð í manna minnum í Malasíu. NORDICPHOTOS/AFP

100% hreinar
Eggjahvítur
Gerilsneyddu eggjahvíturnar eru frábær valkostur í baksturinn.
Hugsaðu um hollustuna, veldu eggjahvítur frá Nesbúeggjum.




Án allra aukaefna!
Íslensk framleiðsla
Nesbú
Fjölvítamín frá náttúrunnar hendi




**FAGNAR JÓLUM** Kristin, sýrlensk stúlka, stillir sér upp fyrir myndatöku á aðfangadagskvöld jóla í borginni Damaskus í Sýrlandi. NORDICPHOTOS/AFP




**VINSÆLL FERÐAMANNASTAÐUR** Það er alltaf dýrlegt að koma til Parísar. Þessir ferðamenn náðust á mynd þegar þeir voru sjálfir að taka mynd af sér í París á jóladag. NORDICPHOTOS/AFP




**SNJÓR Í ÞÝSKALANDI** Það hefur snjóað víðar en á Íslandi undanfarna daga. Þessa snjókallafjölskyldu mátti sjá í garði við Sans-souci-höllina í Potsdam nærri Berlín í gær. NORDICPHOTOS/AFP




**ÓTTASLEGINN** Palestínskur drengur felur sig í röri. Hann er hræddur vegna átaka Palestínumanna og Ísraelsmanna. NORDICPHOTOS/AFP

Sérstakur starfshópur um fjármál kirkjunnar telur að nauðsynlegt sé að hækka sóknargjöld um rúmar 600 milljónir króna:

# Biskup segir að draga verði úr þjónustu kirkjunnar

**TRÚMÁL** Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, segir að draga verði úr þjónustu kirkjunnar á næsta ári útaf niðurskurði. Margar kirkjur liggi ennfremur undir skemmdum þar sem ekki fæst fjármagn til að standa undir viðhaldi.

Sóknargjöld voru skorin niður um 25 prósent á árunum eftir hrun og hefur kirkjan kallað eftir því að þessi niðurskurður verði leiðréttur. Í skýrslu sem sérstakur starfshópur um fjármál kirkjunnar skilaði til innanríkisráðherra í ágústmánuði síðastliðnum kemur fram að nauðsynlegt sé að hækka sóknargjöld um rúmar 600 milljónir. Í fjárlögum næsta árs er hins vegar gert ráð fyrir að sóknargjöld hækki um 100 milljónir.

Í bréfi sem Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, sendi Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra í lok síðasta mánaðar og fréttastofa RÚV birti á aðfangadag er niðurskurðurinn sagður vera óréttmætur og fullyrt að söknir landsins muni ekki geta staðið af sér enn eitt ár niðurskurðar.

Biskup segir að nú þegar sé komið að þolmörkum. „Það hefur verið skorið niður til viðhalds í kirkjunum og kirkjurnar eru okkar menningarverðmæti og við þurfum að huga að þeim. Eins hefur verið skorið niður í starfinu vegna þess að söfnuðirnir, sóknirnar borga ekki laun prestanna heldur annarra starfsmanna. Organistans, æskulýðsfulltrúans, kirkjuvarðarins og svo framvegis.

Þar hefur verið skorið niður eins og hægt er og nú er komið að þolmörkum. Það er ekki hægt að skera meira niður og hvaða skilaboð erum við að senda út í þjóðfélagið þegar við erum að skera niður barna- og æskulýðsstarf?“ spyr biskup. **- hks**



**VILL MEIRI PENING** Biskup Íslands segir að kirkjan geti ekki staðið af sér meiri niðurskurð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**SLAPPUR** George Bush eldri ásamt eiginkonu sinni, Barböru, árið 2012. MYND/AP

Bush átti erfitt með öndun:

## Bush eldri á spítala um jólin

**BANDARÍKIN** Fyrrverandi Bandaríkjaforseti, George Bush eldri, varði jólunum á spítala í Houston í Texas eftir að hann hafði komist í andnauð. Talsmaður Bush segir þó að hann hafi átt „frábæran dag“ og að hann væri „í góðu stuði“.

Á spítalanum fékk Bush heimsókn frá eiginkonu sinni, Barböru, og fleiri fjölskyldumeðlimum.

Jean Becker, sem var herráðsforingi undir stjórn Bush á sínum tíma, segir að Bush ætti að vera orðinn hraustur eftir nokkra daga. **- þij**

Ólétt kona fær að deyja:

## Slökkt verður á öndunarvél

**ÍRLAND** Dómari í yfirrétti í Dublin hefur dæmt að það megi slökkva á öndunarvél sem heldur heiladauðri óléttri átján ára gamalli stúlku á lífi. Fjölskylda konunnar vildi að vélin yrði tekin úr sambandi. Læknar höfðu ekki viljað verða við óskum um að slökkva á vélinni vegna þess að þeir voru óvissir um lagalega stöðu hins ófædda barns.

Konan var úrskurðuð heiladauð þann 3. desember síðastliðinn. Það var niðurstaða dómstólsins að litlar líkur væru á því að barnið myndi fæðast á lífi. **- jhh**



**HARMI SLEGNIR ÍBÚAR** Almenningi í New York er brugðið vegna lögreglumorðanna. NORDICPHOTOS/AFP

Var tveggja barna faðir:

## Lögreglumanni fylgt til grafar

**NEW YORK** Fjölskylda, vinir og samstarfsfélagar úr lögreglunni í New York komu saman í gær til þess að minnast annars af tveimur lögreglumönnum sem féll fyrir hendi byssumanns í Brooklyn í síðustu viku. Hinn fertugi Rafael Ramos var lagður til hinstu hvílu. Hann var kvæntur, faðir tveggja drengja. Fjöldi fólks var viðstaddur athöfnina. Ramos og samstarfsmaður hans í lögreglunni voru skotnir til bana. Byssumaðurinn hafði áður hótað því að skjóta lögreglumenn. Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hefur fordæmt ódæðið. **- jhh**




OPNUNARTÍMI UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

| | |
|---|---|
| Laugardagur 27. desember | 11.00 - 18.00 |
| *Reykjanesbær og Selfoss* | 11.00 - 16.00 |
| Sunnudagur 28. desember | Lokað |
| Mánudagur 29. desember | 11.00 - 18.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur 30. desember | 11.00 - 20.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur 31. desember | 10.00 - 14.00 |

| | |
|---|---|
| Fimmtudagur 1. janúar – nýársdagur | Lokað |
| Föstudagur 2. janúar | 11.00 - 19.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | 10.00 - 20.00 |
| Laugardagur 3. janúar | 11.00 - 18.00 |
| *Reykjanesbær og Selfoss* | 11.00 - 16.00 |
| Sunnudagur 4. janúar | Lokað |
| Mánudagur 5. janúar | Talning |

Sjá nánar um opnun einstakra búða á vinbudin.is

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SÍA / NM67570

# ÚTSALAN

## FLORIDA XL sófi



Stærð: 320x200 cm. H: 70 cm.
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.

VERÐ ÁÐUR ~~219.900~~
ÚTSÖLUVERÐ 153.930

## QUILTS OF DENMARK dúnsæng



60%, 600 gr.
Stærð: 135x200 cm.

VERÐ ÁÐUR ~~19.900~~
ÚTSÖLUVERÐ 14.900

## EASY hægindastóll með skemli



VERÐ ÁÐUR ~~89.900~~
ÚTSÖLUVERÐ 54.900

## AFTON hægindastóll með skemli, svartur



VERÐ ÁÐUR ~~99.900~~
ÚTSÖLUVERÐ 49.950

## IBIZA sófi



Stærð: 286x198 cm. H: 86 cm.
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna.

VERÐ ÁÐUR ~~229.900~~
ÚTSÖLUVERÐ 178.320



## NATURES COMFORT – heilsurúm



Stærð: 120x200 cm / 140x200
160x200 cm / 180x200 cm.
Dýna, botn og lappir.

Nature's Bedding

120x200
VERÐ ÁÐUR ~~119.900~~
ÚTSÖLUVERÐ 77.935

140x200
VERÐ ÁÐUR ~~138.900~~
ÚTSÖLUVERÐ 90.285

160x200
VERÐ ÁÐUR ~~149.900~~
ÚTSÖLUVERÐ 97.435

180x200
VERÐ ÁÐUR ~~164.900~~
ÚTSÖLUVERÐ 107.185

# HEFST Í DAG

## OPIÐ ALLA HELGINA

LAUGARDAG 12–17
SUNNUDAG 13–17



# 20–50%

**50%**
AF ÖLLU JÓLA-SKRAUTI

# AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

DORMA
– býður góða nótt

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800**
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100, opið laugardag 11–16

Frá fyrsta degi læknaátakanna var bara ein lausn:

# Ráðherrar Íslands verði í augnhæð

Hér urðu kosningar, sagði stjórnarþingmaður fyrir ekki svo löngu. Það er rétt, Íslendingar kusu sér nýtt þing vorið 2013. Ný ríkisstjórn tók við völdum. Og hennar eru völdin, það er hennar að ráða fram úr þeim vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir, ekki síst þeim sem ríkisstjórnin ratar sjálf í. Fólkið sem skipar ríkisstjórn Íslands situr þar af fúsum og frjálsum vilja. Til þessa fólks verður að gera strangar og miklar kröfur.



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Aðeins eitt getur leyst læknaverkfallið. Og það eru peningar. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra er gjaldkeri hinna sameiginlegu sjóða okkar. Hann verður að gera betur, hann verður að finna þá peninga sem eru lausn hins ömurlega verkfalls lækna. Hann á engan annan kost. Það er hans, og hans samstarfsfólks, að gera það sem gera þarf. Þetta gengur ekki lengur, löngu er nóg komið. Afleiðingar ráðaleysisins kosta svo sannarlega líka peninga, mikla peninga.

Ekki er lengur hægt að guma af góðu heilbrigðiskerfi. Það skaðast nánast hvern dag. Læknar hætta og yfirgefa okkur. Það er ömurlegt að fylgjast með þessu. Við verðum að gefa þeim fullyrðingum gaum, að heilbrigðiskerfi okkar hafi hrakað í gæðum. Í fréttum, í viðtölum og eflaust víðar hefur málsmetandi fólk fullyrt þetta. Á aðeins örfáaum árum hefur íslenska heilbrigðiskerfið fallið úr fyrsta flokki og jafnvel niður í þriðja. Það gerðist ekki vegna þess að læknar og annað starfsfólk sé síðra nú en áður. Nei, það gerðist vegna þess að verr er að öllu búið. Niðurrifið hófst meðan flestir Íslendingar, ekki síst stjórnmálamenn þess tíma, töldu að hér væri komið heimsins mesta góðæri og það myndi ríkja hér um alla eilífð. Þá byrjaði bakslagið.

Bjarni Benediktsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Kristján Þór Júlíusson og þið öll hin, þetta er enn að gerast og nú á ykkar vakt. Þið óskuðuð eftir að fá að leiða þessi mál og árangurinn, eða réttara sagt, árangursleysið blasir við öllum, og það með stórskaðlegum afleiðingum. Þið verðið að gyrða ykkur í brók. Núna. Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands mega dást að persónulegri upphefð í eigin hugarheimi, en þeir verða þess á milli að gæta sín og vera í augnhæð við okkur hin. Annað gengur ekki. Nýfengnar brjóstnælur eru einskis virði meðan eins er ástatt fyrir okkur og dæmin sanna.

Hér urðu kosningar, sagði stjórnarþingmaðurinn. Eins er hægt að segja, að ekki aðeins hafi orðið læknaverkfall, hér er læknaverkfall og frá fyrsta degi þess lá fyrir hver lausnin á því er. Í mánuði hefur aum samninganefnd ríkisins setið sáttafundi, umboðslaus með öllu. Á meðan blæðir heilbrigðiskerfinu og með hverju augnabliki sem fer í aðgerðarleysi ráðherranna versnar staðan og það mun taka langan tíma, mörg ár, að laga það sem þegar hefur tapast. Lækningar eiga og verða að vera fremst í forgangsröðinni.

Ráðherrar Íslands. Þið verðið að gera betur. Þá fyrst kann að verða við hæfi að bera orðu, þá sem er mest allra hér á landi, en þangað til er hún einskis virði, frekar til háðungar en vegsauka.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## SPOTTIÐ



## MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

# Þarf að fella fólk?



**Örsaga 1:** Tertusneið á eldhúsborðinu. „Til hamingju með afmælið,“ segir mamman. „Þú ert flottur strákur og ég er stolt af þér. En mundu: Ef þú klúðrar einhverju massífu, verður fíkill eða nauðgari, þá mun ég hætta að elska þig. Ég mun ekki hringja í þig á afmælinu þínu, ég mun ekki einu sinni heimsækja þig í fangelsið. En hvað um það, hérna er gjöfin!“

„Hvað er að? Er þetta ekki leikurinn sem þig langaði í?“

**Örsaga 2:** Strönd við Karíbahafið. Ylvolgt hafið sleikir tærnar á unga parinu. Fingur þeirra fléttast. Þau horfa á sjóndeildarhringinn.

„Ég elska þig,“ segir ungi maðurinn. „Athöfnin var frábær og ég er svo glaður yfir að við skulum hafa komið hingað. Ég hlakka til að eyða ævinni með þér. En þú mátt samt vita að ef þú nærð ekki að verða ólétt þá mun ég fara frá þér. Og ef þú heldur framhjá mér þá mun ég skilja við þig. Á stundinni.“

„Af hverju ertu svona skrítin? Hvað sagði ég nú?“

**Örsaga 3:** „Kæra samstarfsfólk, gleðileg jól!“ sagði forstjórinn með rauðvínsglas í hendi. „Þetta er búið að vera viðburðaríkt ár en ég held að við getum öll litið aftur með nokkru stolti. Mig langar svo bara að ítreka það sem ég segi á vikulegu fundunum okkar. Ég vona að hvert og eitt ykkar muni standa sig í vinnunni, því ef þið gerið það ekki, ef þið mætið illa, náið ekki að leysa verkefnin á réttum tíma eða ef viðskiptavinir kvarta undan ykkur þá verðið þið samstundis rekin. Enginn er óhultur. Skál!“

„Ég sagði skál! Af hverju skálar enginn?“

## Fallhótun sem hvatning

Þarf að hóta fólki til að það standi sig? Það er ekki mælt með því að við ölum upp börn okkar þannig. Við reynum ekki að tala þannig við maka okkar. Ef við erum á vinnustað þar sem okkur er hótað brottrekstri við hvert tækifæri þá líður okkur illa.

Almennt virðast popp-uppeldisbækur frekar hvetja fólk til að beita jákvæðri svörun: Til dæmis: „Dugleg ertu að ganga frá diskunum!“ „Mikið líturðu vel út í dag.“

Eða: „Viðskiptavinurinn var virkilega ánægður með tillögurnar sem þú komst með.“ Ég held að flestir kjósi frekar að eiga þannig samskipti. En þau eru ekki bara „aumingjavænni“ heldur einnig oftast árangursríkari.

En í menntakerfinu virðast margir sannfærðir um að hótanir skili í árangri. Dæmi: „Þetta námskeið er hugsað sem sía.“ Í vinnustaðarmyndmálinu væri þetta sambærilegt því að forstjórinn myndi leggja fyrir verkefni sem hann vissi að þriðjungur starfsmanna réði ekki við, til að fá hugmynd um það hverja hann ætti að reka í næstu hópuppsögn.

Það þætti andstyggileg ráðstöfun. En þegar kemur að menntun virðast margir telja að ef námskerfi síar ekki miskunnarlaust frá alla sem ekki standa sig þá sé fjandinn laus.

## Ha, viltu að allir nái?

Hér er einn punktur sem gjarnan heyrist í umræðunni um fyrirkomulag náms í framhaldsskóla: „Viljum við hafa þetta eins og í Svíþjóð þar sem menn ná alltaf? Viljum við minnka brottfall með því að minnka kröfur? Værum við ekki með því að gengisfella námið?“ Allar ráðstafanir sem fjölga þeim sem klára eitthvert nám gengisfella það. En þetta er ekki spurning um að þeir sem skari fram úr í hverjum árgangi upplifi sig meira spes við það að aðrir sitji eftir. Ef við fáum betra menntakerfi með því að „minnka kröfur“ þá eigum við að gera það, sama þótt einhverjum finnist hans skírteini minna virði í kjölfarið. Hver er valkosturinn? Að láta fólk endurtaka ár eða námskeið? Samkvæmt nýsjálenska kennslufræðingnum John Hattie er varla til verri kennslufræðileg ráðstöfun en sú að láta nemanda sitja eftir í bekk. Áfallið fyrir 8 ára barn er svipað því að missa foreldri. Sem betur fer hefur þeim löndum sem beita þessu úrræði í grunnskóla fækkað. Hafa menntakerfi þessara landa beðið hnekki? Varla. Ég er ekki að segja að fólk eigi ekki að fá mishá-ar einkunnir. Ég er ekki að segja að einkunnir eigi engu að stjórna um framgang námsins. Það mun alltaf vera betra að vera betri námsmaður.

En ákvörðunin um það hvort við látum síðri námsmenn dvelja lengur í framhaldsskóla eða leyfum þeim að útskrifast þaðan þótt við vildum að þeir kynnu meira snýst um hvað sé best fyrir þá tilteknu nemendur. Ekki um hvað öðrum kunni að finnast asnalegt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



# Hlýjar hátíðarkveðjur

Kadeco, þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, sendir landsmönnum öllum hlýjar óskir um gleðilega hátíð með þakklæti fyrir árið sem er að líða.

Það eru ótal tækifæri í kortunum fyrir Reykjanesið á nýju ári og við munum halda áfram að efla blómlegt samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs á Ásbrú.

ÁSBRÚ

Upplýsingar um Ásbrú má finna á www.asbru.is




Kadeco®

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | www.kadeco.is

PIPAR\TBWA • SÍA

# HELGIN



**Páll Óskar Hjálmtýsson, tónlistarmaður**

### Dansa af mér jólasteikina

Laugardagurinn, hann fer bara í dansleikjahald. Ég verð eiginlega að frá morgni til kvölds á Spot í Kópavogi með massíft Pallaball til fjögur um morguninn og hristi þar af mér jólamatinn. Sunnudagurinn fer svo í það að reyna að sofa út eftir hasarinn.



**Sigurður Atli Sigurðsson, listamaður**

### Leikur jólasvein óumbeðinn

„Ég var að spá í að leika jólasvein, fara í fyrirtæki og vera með skemmtiatriði, án þess að það hafi verið pantað. Það var ein hugmynd."



**Ólafía Hrönn Jónsdóttir, leikkona**

### Útvarpsþáttur og afmælisboð

„Á laugardaginn ætla ég að fara í systkinaboð. Á sunnudeginum ætla ég að vera með útvarpsþáttinn Sigga og Lolla á Rás 2 og fara svo í afmæli til vinkonu minnar sem á afmæli."



**Marín Manda Magnúsdóttir, athafnakona og gleðigjafi**

### Skrifar lista

„Ég mun eflaust sitja við tölvuna og skrifa „to do" lista fyrir nýja árið en efst á þeim lista verður að stunda „mindfulness" svo ég hætti að skrifa svona lista og verði bara í núinu."

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU…



**Í KIRKJU** og fangaðu jólaandann. Í Bústaðakirkju verður jólatrésskemmtun barnanna sem hefst klukkan 14 með jólahelgistund, síðan tekur gleðin völd.

**Á DISK KÓRS AKUREYRARKIRKJU, Ó, ÞÚ HLJÓÐA TÍÐ** með klassískum jólalögum eins og Hátíð fer að höndum ein, Jésú, þú ert vort jólaljós og Það aldin út er sprungið.



**ILLUR FENGUR,** sögulega skáldsögu Finnboga Hermannssonar sem segir frá forkastanlegri meðferð á sauðaþjófi við Breiðafjörðinn sem ginntur var suður til Reykjavíkur á fölskum forsendum.






**Á SÍÐUSTU MYNDINA** í þríleiknum um hinn fræga Hobbita. Hún er jólamynd í Smárabíói og Háskólabíói og er byggð á ævintýraskáldsögu breska rithöfundarins J.R.R. Tolkien.



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Koma saman um jólin

Hjaltalín heldur tónleika á Rosenberg í kvöld. Hljómsveitin stefnir á að vinna nýtt efni á nýju ári.

Síðastliðin þrjú ár hefur Hjaltalín haldið tónleika á Rosenberg á milli jóla og nýárs. Tónleikahaldið fer að verða ein af jólahefðunum. „Við erum mörg í hljómsveitinni og öll á kafi í alls kyns verkefnum," segir Sigríður Thorlacius, söngkona Hjaltalín. „Það er svo mikið að gera hjá öllum og tveir meðlimir hljómsveitarinnar eru með annan fótinn erlendis. En yfir jólin eru allir heima og þá er gaman að geta skellt í tónleika."

Sigríður segir fólk spyrja hvort Hjaltalín sé hætt en hún segir það vera fjarri lagi. „Við förum að undirbúa vinnu á nýju efni á komandi ári. Við viljum ekki endalaust vera að spila bara til að spila, en það gefur okkur mikið að hittast. Það er alveg ákveðin stemning sem fylgir því að syngja með Hjaltalín og ég sakna þess oft. Hljómsveitin er á marggan hátt nær hjartanu en annað, þetta er eins og að vera heima hjá sér."

erla@frettabladid.is



# DEBENHAMS

# ÚTSALAN ER HAFIN

# 30-70% AFSLÁTTUR

**25%** afsláttur af öllum undirfötum fyrir dömur og herra*

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið** 11 - 18 í dag

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

*GILDIR TIL 31. DESEMBER

Finndu okkur á facebook

# Epla verð

## Nýjar og notaðar vörur á frábæru verði



## iPad

| Fjöldi | Vöruheiti | Verð |
|---|---|---|
| 1 | **iPad 2**, 16GB 3G/Wi-Fi Black | 14.990 |
| 1 | **iPad**, Wi-Fi, 3G, 64GB | 14.990 |
| 1 | **iPad 2**, Wi-Fi, 16GB | 14.990 |
| 1 | **iPad**, Wi-Fi, 16GB, Black, (3rd gen) | 24.990 |
| 1 | **iPad**, Wi-Fi, 16GB, White (3rd gen) | 24.990 |
| 1 | **iPad 2,** 3G, 64GB | 24.990 |
| 1 | **iPad 3,** 16GB Wi-Fi+3G svartur | 29.990 |
| 1 | **iPad 3,** Wi-Fi,4G, 16GB, Black (3rd gen) | 29.990 |
| 1 | **iPad,** Wi-Fi, 32GB, Black, (3rd gen) | 29.990 |
| 1 | **iPad mini,** Wi-Fi, 16GB, White (1st gen) | 34.990 |
| 1 | **iPad 3,** 32GB Wi-Fi+3G svartur | 34.990 |
| 1 | **iPad,** Wi-Fi,4G, 32GB, Black | 34.990 |
| 1 | **iPad,** Wi-Fi,4G, 64GB, Black (3rd gen) | 39.990 |
| 1 | **iPad,** Wi-Fi,4G, 64GB, Black (3rd gen) | 39.990 |
| 1 | **iPad,** Wi-Fi, 32GB, Black (4th gen) | 39.990 |

| Fjöldi | Vöruheiti | Verð |
|---|---|---|
| 6 | **iPad Air,** DEMO 16GB svartur | 59.990 |
| 1 | **iPad mini,** WiFi+4G 16GB Svartur | 69.990 |
| 6 | **iPad mini Retina,** Wi-Fi 64GB | 74.990 |
| 5 | **iPad mini Retina,** Wi-Fi 64GB | 74.990 |
| 1 | **iPad Air,** Wi-Fi 64GB Black | 79.990 |
| 3 | **iPad Air,** Wi-Fi+4G 16GB White | 79.990 |
| 6 | **iPad mini Retina,** WiFi+4G 32GB | 79.990 |
| 4 | **iPad mini Retina,** WiFi+4G 32GB | 79.990 |
| 9 | **iPad mini Retina,** Wi-Fi 128GB | 89.990 |
| 6 | **iPad mini Retina,** Wi-Fi 128GB | 89.990 |
| 13 | **iPad mini Retina,** WiFi+4G 64GB | 94.990 |
| 13 | **iPad mini Retina,** WiFi+4G 64GB | 94.990 |
| 4 | **iPad Air,** Wi-Fi 128GB Black | 99.990 |
| 2 | **iPad Air,** Wi-Fi 128GB White | 99.990 |
| 6 | **iPad mini Retina,** WiFi+4G 128GB | 104.990 |







Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur.
Fyrir nánari upplýsingar um ástand iPads á tilboði, vinsamlegast hafið samband við sölumenn í verslun Epli.

# sprengjur

## iMac tilboð gilda til 31. des 2014



### iMac 21” 2014 módel

| | |
|---|---|
| iMac 21' 1.4GHz Dual-Core i5 | **179.990** Verð áður 199.990 |
| iMac 21' 2.7GHz Quad-Core i5 | **219.990** Verð áður 239.990 |
| iMac 21' 2.9GHz Quad-Core i5 | **249.990** Verð áður 279.990 |

### iMac 27” 2014 módel

| | |
|---|---|
| iMac 27' 3.2GHz Quad-Core i5 | **299.990** Verð áður 329.990 |
| iMac 27' 3.4GHz Quad-Core i5 | **339.990** Verð áður 369.990 |

## Allir aukahlutir **30%** afsláttur

Nema Apple aukahlutir

## Eldri Apple aukahlutir **50%** afsláttur















Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI



**ELMA STEFANÍA OG VIGDÍS HREFNA** „Snilldin hjá Halldóri er að veita okkur innsýn í tilfinningalíf svo ólíkra persóna.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kjarninn er hryllilegur

Sjálfstætt fólk, leikgerð byggð á skáldsögu Halldórs Laxness, var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í gær. Þar leika þær **Elma Stefanía Ágústsdóttir** og **Vigdís Hrefna Pálsdóttir** hlutverk Ástu Sóllilju og Rósu. Þær persónur hafa löngu skipað sér á bekk við hjartarætur þjóðarinnar og því forvitnilegt að komast að því hvaða nálgun þær stöllur hafa valið sér við túlkunina.




**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is


Það er allt á suðupunkti baksviðs við stóra svið Þjóðleikhússins í vikunni fyrir jól. Rennsli á Sjálfstæðu fólki er að ljúka og leikstjórinn, Þorleifur Örn Arnarsson, höfundar leikgerðarinnar, Ólafur Egilsson og Símon Birgisson, leikmyndateiknarinn Vytautas Narbutas, að ógleymdum aðalleikaranum Atla Rafni Sigurðssyni, öðrum leikurum og sviðsmönnum, eiga í eldheitum samræðum í öllum hornum. Það er þó enginn af þessum heiðursmönnum sem ég er komin til að hitta heldur leikkonurnar Elma Stefanía Ágústsdóttir og Vigdís Hrefna Pálsdóttir sem leika mæðgurnar Ástu Sóllilju og Rósu.

Þegar við höfum fundið okkur sæmilega friðsælt afdrep í kraðakinu byrja ég á því að spyrja þær hvort það sé satt sem kvisast hafi út að verið sé að breyta þessu ástsæla verki í eitthvert femínistaávarp.

**Vigdís:** „Auðvitað mótast okkar sýning af viðhorfum samtímans og femínismi og staða konunnar er okkur ofarlega í huga. Kvenpersónur verksins eru bókstaflega seldar án þeirra samþykkis og vitundar. Höfundar leikgerðarinnar, leikstjórinn og leikhópurinn allur hafa verið alveg óhrædd við að taka afstöðu í túlkuninni á verkinu.“

*En áherslan er meira á upplifun kvennanna tveggja, Rósu og Ástu Sóllilju, á yfirgangi Bjarts en hefur verið í fyrri leikgerðum, ekki satt?*

**Elma:** „Ég veit það nú ekki, held þetta snúist fyrst og fremst um hvernig við birtum Bjart. Ef hann er birtur sem rómantísk hetja þá litast sýningin af því, en ef við afhjúpum hann svolítið sem þann mann sem hann í rauninni er þá verða viðbrögðin í samræmi við það. Mér finnst okkur hafa tekist mjög vel að kjarna hans persónu í þessari sýningu. Það er bara svo margt hræðilegt sem gerist í þessu verki og maður fer að spyrja sjálfan sig: hvar er fegurðin? Fegurð bókmenntatexta getur legið á svo mörgum sviðum og vakið manni von en kjarninn í því sem gerist er samt svo hryllilegur.“

**Vigdís:** „Bókin fjallar auðvitað um allt þetta fólk. Snilldin hjá Halldóri er að veita okkur innsýn í tilfinningalíf svo ólíkra persóna. Hvort sem það er 13 ára stúlkubarn sem er misnotað eða ófrísk kona. Hann hefur svo mikinn skilning á mannskepnunni. Og það er mjög sterkt í bókinni og hefur verið mjög frjór jarðvegur fyrir okkur að sækja í.“

### Þrívíðar persónur

*Bjartur hefur í gegnum tíðina orðið einhvers konar ímynd þjóðarinnar og af sumum álitinn hetja, það hefur minna verið horft á þessar dökku hliðar hans.*

**Vigdís:** „Maður hefur eðlilega samúð með lítilmagnanum, og það er Bjartur vissulega, bæði hvað varðar þjóðfélagsstöðu og hans skapgerðarbresti. Maður finnur til með honum þótt hann sé sinn eigin versti óvinur.“

**Elma:** „Hann hefur lengi verið ákveðið tákn fyrir sjálfstæðisþrá mannsins, sjálfstæði Íslendinga jafnvel, og við hugsum um hann sem slíkan. En þessi sjálfstæðisbarátta, eins og Laxness lýsir henni, er vissulega blóðugt stríð.“

**Vigdís:** „Það er þessi fallegi tónn í honum, skáldið, sem gerir hann margbrotinn og upphefur hann yfir það að vera bara fauti. Hann semur ljóð, nefnir dóttur sína Ástu Sóllilju og bæinn sinn Sumarhús. Þetta gefur honum fleiri víddir sem manneskju og þ.a.l. er hann áhugaverðari.“

*Hvað um birtingarmynd kvennanna í þessari sýningu? Fáum við einhverja nýja sýn á Ástu Sóllilju til dæmis?*

**Elma:** „Ásta Sóllilja, rétt eins og Rósa, hefur lifað með þjóðinni í mörg ár. Mér hefur sjálfri þótt ofboðslega vænt um hana síðan ég las bókina fyrst. Ég gleymi því aldrei hvað ég fann rosalega til með henni. Ég veit ekki hvort áhorfendur fá nýja sýn á hana, ég reyni bara eins og ég get að vinna hana eins og hún er fyrir mér þannig að einhver nýr vinkill hlýtur að koma á hana. Sárast er að hennar upplifun á eigin harmi og þeim brotum sem framin eru á henni er að hún reynir að leita skýringa hjá sjálfri sér. Hvað hún gerði rangt. Þótt hún sé vissulega fórnarlamb.“

### Hismið flysjað burt

**Vigdís:** „Ég held að það sem er einkennandi fyrir þessa uppsetningu sé að það er búið að flysja allt burt nema það sem þarf að vera með, við ætlum ekki að bjóða upp á sjö tíma rjómabolluleiksýningu með marengs. Verkið er nöturlegt og við erum ekki hrædd við að sýna það. Það lýsir veruleika sem er ekki svo fjarlægur, hugsunarhætti sem er enn með þjóðinni, heimóttarskap og fordómum. Þessi blygðunarlausa einstaklingshyggja og klíkuskapur sem gegnsýrir okkar samfélag hér á Íslandi. Inn í þetta kemur svo fólk af holdi og blóði, sem er að berjast fyrir tilveru sinni. Sem sagt, Ísland í dag.“

*Rósa hefur alltaf fengið óskipta samúð þjóðarinnar. Gerir hún ekkert rangt?*

**Vigdís:** „Hún sefur náttúrulega hjá röngum manni, það er hennar brot. Hún heldur í eitt augnablik að hún geti komist upp úr sinni stétt. En þetta fólk er pikkfast í fátæktargildru sem það á ekki möguleika á að komast út úr. Það er auðvitað mikill heiður að fá að leika Rósu. Ég upplifði líka miklu sterkar þegar ég las bókina aftur núna, orðin móðir og lífsreyndari en þegar ég las hana fyrst um tvítugt, að Rósa er svo miklu sterkari persóna en ég upplifði hana þá. Hún berst alveg fram í rauðan dauðann fyrir lífi sínu og barnsins síns, í vonlausum aðstæðum.“

### Eins og skrifað í gær

**Vigdís:** „Þessi saga er auðvitað saga þjóðar og þessi sýning er ein útgáfa af Sjálfstæðu fólki, þeir tímar sem við lifum núna hafa áhrif á hana. Við erum með ríkisstjórn sem virðir að vettugi þær grunnstoðir sem við nefnum samfélag. Menn sem ganga blygðunarlaust erinda hagsmunahópa og peningaafla. Ríkisstjórn sem sker niður með því markmiði að auka stéttaskiptingu og mismun á Íslandi. Þannig að þetta eru hættulegir tímar. Að setja Sjálfstætt fólk upp á slíkum tímum getur ekki annað en haft áhrif á uppfærsluna, annað væri heigulskapur og blinda. Þannig að já, þetta er mikilvæg sýning.“

**Elma:** „Sjálfstætt fólk er klassískt verk. Það átti erindi við okkur þegar það kom út fyrir um áttatíu árum og það á enn fullt erindi við okkur. Því miður, gæti maður sagt, ef litið er á pólitíska línu verksins sem kristallast í spillingu og elur á því að þeir fátæku verði fátækari og þeir ríku ríkari.“

*Einhvern veginn hefur maður það á tilfinningunni að margir séu strax komnir í þær stellingar að þessi sýning sé á einhvern hátt að brjóta á verkinu, er eitthvað til í því?*

**Vigdís:** „Það finnst mér alls ekki, mér finnst hún einmitt mjög trú verkinu. En það er alltaf þannig þegar verið er að leika svona stórar og frægar sögur sem eru sterkar í okkar menningarheimi, ég tala nú ekki um þegar það eru íslenskar sögur, að það er aldrei hægt að þóknast öllum. Það er bara hægt að gera það sem maður sjálfur trúir að sé rétt, segja sína útgáfu af sögunni og kannski fær hún samhljóm hjá einhverjum öðrum. En það er hins vegar rétt að í þessari uppsetningu er engin vægð, enginn rósrauður bjarmi.“

*Við hverju mega þá leikhúsgestir búast þegar þeir koma á þessa sýningu?*

**Vigdís:** „Vonandi að þeir verði snortnir. Og að þeir fari hugsi heim.“

# SJÁLFSTÆTT FÓLK EFTIR HALLDÓR LAXNESS ER JÓLASÝNING ÞJÓÐLEIKHÚSSINS 2014







**FLÓKIN SAMSKIPTI.** Elma Stefanía, Vigdís Hrefna og Atli Rafn sem Ásta Sóllilja, Rósa og Bjartur.

## ➜ Sektarkennd Ástu Sóllilju

*Ásta Sóllilja kveikir upp í maskínunni, Hallbera raular lagstúf fyrir munni sér.*

**Ásta Sóllilja:** Ég vakna áður en dagurinn rís yfir blóðið. Það er kalt. Ég bít saman tönnunum. Kveiki upp í maskínunni. Hendur mínar... stúlkuhendur... með grófu bláleitu hörundi. Ég er orðin stór stúlka. Ég kveiki eldinn. Baðstofan fyllist af reyk. Engin leið til baka. Óskastundin. Unaður margfaldaður með flæðandi kvöl. Þúsund margfaldað með miljón. Eins og ég hafi verið skorin með beittum hníf, sundurslitin og marin. Slátrað. Líkaminn eins og blóðrunnið sundurhlutað kjöt. Aldrei, aldrei. Hversvegna lét ég hann... Hversvegna hallaði ég mér upp að honum þegar hann slökkti ljósið?

*Bjartur kemur inn. Hlustar á Ástu í þögn.*

Bræður mínir eru ekki bræður mínir lengur, ég er ekki systir þeirra. Þeir geta ekki skilið það sem kom fyrir mig. Enginn. Ég stend ein utan við allan heim og skyldleika. Þannig mun ég deyja. Pabbi... Hversvegna þurfti endilega að leynast með mér líf undir kviðnum á tíkinni. Hversvegna tókstu hana ekki með þér í eftirleitina?

*Bjartur fer.*

Ég hélt það væri gleðin sjálf, þegar hann... Ég gleymdi þér pabbi, gleymdi öllu, ég reyndi að komast burt en ég gat það ekki. Komst ekki. Burt. Burt. Maður kemst ekki burt, það er lífið.



**SEKTARKENND** Elma Stefanía í hlutverki Ástu Sóllilju. MYND: EDDI




**Nicorette lyfjatyggigúmmí** 2 og 4 mg (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðveldar reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar:** Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Fullorðnir: eitt lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Nota má lyfjatyggigúmmíið eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggigúmmí fyrir þá sem eru lítið háðir nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Tyggið hægt og látið lyfjatyggigúmmíið liggja í munninum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggigúmmíið getur átt til að festast við gervitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúðum, og xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. **Aðgát í návist barna:** Ráðlagðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir ungum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggigúmmíi þar sem börn ná ekki til. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota lyfjatyggigúmmíið í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC-G/201412/5



**STRÍÐ Í SÝRLANDI** Ekkert lát er á styrjöldinni í Sýrlandi, sem geisað hefur síðan í mars 2011 þegar fyrstu átökin hófust milli stjórnvalda og mótmælenda. Hátt á þriðja þúsund manns eru látnir, meira en þrjár milljónir flúnar úr landi og um fimm milljónir á vergangi innanlands. Myndin er tekin í borginni Aleppo þann 9. júlí eftir loftárás stjórnarhersins. Maður ber tvær stúlkur burt frá vettvangi eyðileggingarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Bestu erlendu myndir ársins

Fréttaljósmyndarar hafa á árinu sem er að líða sjaldnast látið sig vanta þegar stóratburðir gerast og fært heimsbyggðinni myndir af styrjöldum, hamförum, flóttafólki, kosningum, mótmælafundum, hryðjuverkum og hversdagsatburðum af öllu tagi.



**Á FLÓTTA TIL EVRÓPU** Á hverju ári reyna tugir þúsunda manna að komast til Evrópusambandsins frá Afríkulöndum og Mið-Austurlöndum. Þúsundir láta lífið á leiðinni yfir Miðjarðarhafið. Þessir menn eru að reyna að klifra yfir rammgirt landamæri spænsku borgarinnar Melilla, sem er á norðurströnd Marokkós, í von um að komast þaðan yfir sundið til Spánar. NORDICPHOTOS/AFP



**SJÁLFSTÆÐISVILJI Í KATALÓNÍU** Þann 11. september héldu Katalóníubúar sína árlegu þjóðhátíð. Stemningin þetta árið var óvenju mikil og góð vegna vaknandi vona um að þjóðaratkvæðagreiðsla í nóvember myndi leiða til sjálfstæðis og aðskilnaðar frá Spáni. Þeir draumar rættust þó ekki.



**MÓTMÆLI LÝÐRÆÐISSINNA Í HONG KONG** Lögreglumenn hvíla sig eftir að hafa skotið táragashylkjum á tugi þúsunda mótmælenda, sem sætta sig ekki við að kínversk stjórnvöld ráði því hverjir verði í framboði til kosninga í Hong Kong. Myndin er tekin í lok september, stuttu eftir að mótmælin hófust.



**HJÚKRUNARKONA LEIÐIR EBÓLUSMITAÐA STÚLKU Í MONRÓVÍU, HÖFUÐBORG LÍBERÍU** Ebólufaraldurinn, sem geisað hefur í nokkrum ríkjum vestanverðrar Afríku, er á hægu undanhaldi en hefur á árinu kostað nærri sjö þúsund manns lífið.


Leiktu þér með matinn
Kjörís



**LEITAÐ AÐ LÍKAMSLEIFUM Í ÚKRAÍNU** Björgunarstarfsmenn í Úkraínu leita að líkamsleifum á svæði í austurhluta landsins þar sem malasíska farþegaflugvélin MH17 hrapaði, skammt frá þorpinu Hrabove í Donetsk-héraði. Vélin var á leiðinni frá Hollandi til Malasíu þegar hún var skotin niður yfir Úkraínu þann 17. júlí. Um borð voru 298 manns, flestir Hollendingar og Ástralíumenn, og fórust allir. NORDICPHOTOS/AFP



**ÁTÖK Í ÚKRAÍNU** Borgarastyrjöldinni í Úkraínu er enn ekki lokið, en ólgan þar í landi hófst síðasta vetur á Maidantorginu í Kænugarði eftir að Viktor Janúkovitsj, þáverandi forseti, hætti við að staðfesta samstarfssamning við Evrópusambandið. Hörð átök geisuðu mánuðum saman á torginu, og þar mátti í ágúst sjá þennan prest veifa barefli vígalegur á svip.



**SPRENGJA SPRINGUR Í GASABORG** Ísraelar hófu loftárásir á Gasa þann 8. júlí í sumar. Árásirnar stóðu yfir linnulaust í fimmtíu daga og kostuðu meira en 2000 Palestínumenn lífið. Allt að 70 prósent þeirra voru almennir borgarar, margir á barnsaldri. Ísraelar misstu 66 hermenn og sex almenna borgara.




**FLÓTTAMANNABÚÐIR Í TYRKLANDI** Vígasveitir samtakanna, sem nefna sig Íslamska ríkið, hafa á árinu herjað grimmt á byggðir kúrda í norðanverðu Sýrlandi og Írak. Meira en 200 þúsund kúrdar hafa flúið yfir landamærin til Tyrklands, og hafast margir við í þessum flóttamannabúðum í tyrkneska landamærabænum Suruc.



**FYLGST MEÐ STRÍÐI YFIR LANDAMÆRIN** Kúrdar í Tyrklandi hafa horft áhrifalausir upp á vígasveitir Íslamska ríkisins herja á kúrdabæinn Kobane, rétt handan landamæranna í Sýrlandi. Tyrknesk stjórnvöld leyfðu á endanum peshmarga-hersveitum kúrda frá Írak að fara yfir landamærin til að berjast gegn vígasveitunum.


4BLS
KIPPA ÚT :)
ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 390kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR NÝJUSTU ACER FARTÖLVUNUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
OPNUM 12:00
Í DAG ÚTSÖLU ÁRSINS
Tilboð gilda dagana 27-31 desember 2014 eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# ÚTSALA

## AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA Í TÖLVUTEK • STÆRSTU TÖLVUVE

ALLT AÐ 25 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ Á iPað

AÐEINS 10 STYKKI

2014

## iPadMini3

### 7.9” RETINA 64GB

- 7.9” Retina fjölsnertiskjár 2048x1536
- Dual Core 1.3GHz Apple A7 örgjörvi
- 64GB flash SSD diskur
- 300Mbps WiFi MIMO, BT 4.0, Lightning
- 5MP iSight og 720p Facetime myndavélar
- Touch ID fingrafaraskanni
- Apple iOS 8.1 stýrikerfi og fjöldi forrita

**69.900**

ALGENGT VERÐ 94.990

ALLT AÐ 30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ACER SWITCH

ÖFLUG SKOTKAKA FYLGIR ACER SWITCH SPJALDTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

SW5-111

## SWITCH11

- 11.6” HD IPS fjölsnertiskjár 1366x768
- Intel Quad Core Z3745 1.86GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 2GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 64GB flash SSD og allt að 64GB microSD
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- FullHD 1080p vefmyndavél að framan
- Lyklaborðsvagga með USB2.0 tengi fylgir
- Windows 8.1 32-bit, hlaðið nýjungum

**79.900**

VERÐ ÁÐUR 99.900

RISA FLUGELDAPAKKI FYLGIR NÝJUSTU ACER FARTÖLVUNUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ACER FARTÖLVUM

FRAMELESS TOUCH HÁGÆÐA 10-PUNKTA FJÖLSNERTISKJÁR

DOLBY DIGITAL PLUS

MIMO

acer

472PG

## V3-TOUCH

### LÚXUS SNERTILÍNA ACER

V3-Touch kemur úr lúxus snertilínu Acer með rammalausum fjölsnertiskjá, nýrri rafhlöðutækni, burstað álbak og Dolby Digital Plus hljóðkerfi.

- Intel Core i5-4210U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 14” HD LED 1366x768 fjölsnertiskjár
- 2GB GeForce 840M leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 7 tímar
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**

VERÐ ÁÐUR 129.900

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF SPJALDTÖLVUM

ÖFLUG SKOTKAKA FYLGIR ÖLLUM ACER ICONIA SPJALDTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

1280x800 IPS HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

250% ÖFLUGRI NÝJUSTU 3D LEIKJUM MEÐ INTEL CLOVER-TRAIL+ ÖRGJÖRVA

acer

ICONIA

## B1-730

### STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA

Ný kynslóð öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með ótrúlegum 7” IPS HD fjölsnertiskjá og nýjasta Clover Trail+ Intel örgjörvanum.

- 7” IPS HD fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Dual Core Z2560 1.6GHz Turbo, 4xHT
- PowerVR SGX 544 Dual Core skjákjarni
- 8GB FLASH og allt að 64GB microSD
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 3.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7.5 tímar
- USB2 micro og microSD kortalesari
- Tvær HD vefmyndavélar 2MP&0.3MP
- Android 4.2 og tilbúin fyrir 4.4 KitKat

**15.920**

VERÐ ÁÐUR 19.900

FYRSTU 50 STYKKIN

1 STK Á MANN AÐEINS 50 STK Í BOÐI

GL2450

BenQ

## 24” LED

### BENQ SKJÁR

- 24” FULL HD 1080p 16:9 LED skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**19.900**

VERÐ ÁÐUR 24.900

25% AFSLÁTTUR

USB 3.0 10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

Seagate

## EXPANSION

### 3TB USB 3.0 FLAKKARI

- 3TB hágæða flakkari frá Seagate
- Einföld og fljótleg öryggisafritun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Virkar jafnt á PC og Mac
- SuperSpeed USB 3.0 / 2.0
- Seagate - Leiðandi í 30 ár!

**14.925**

VERÐ ÁÐUR 19.900

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF TURNKÖSSUM

## TURNKASSAR

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

## MÓÐURBORÐ

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

## ÖFLUG SKJÁKORT

VERÐ FRÁ 4.990 RÝMUM FYRIR NÝJUM PRENTURUM

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

## PRENTARAR

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF MÚSUM OG LYKLABORÐUM

## MÝS & LYKLABORÐ

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## HEYRNARTÓL

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

## MÚSARMOTTUR

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

## BLEK OG PAPPÍR

satzuma · Tt esports By Thermaltake · SP Silicon Power · Point of View · LaCie · brother at your side





# MARKAÐURINN

Laugardagur 27. desember 2014 | 36. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM UMHVERFIÐ! Guðjón Ó VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## Hjálmar Gíslason
# Viðskiptamaður ársins 2014



### Bestu viðskiptin
## Salan á Datamarket




### Verstu viðskiptin
## Salan á Borgun



*Viðskipti ársins*

# Frábært að sjá frumkvöðul fylgja eftir góðri hugmynd alla leið í sölu

***Íslenska fyrirtækið Datamarket var í október selt upplýsingatæknifyrirtækinu Qlik Technologies Inc. í Bandaríkjunum fyrir 11,8 til 13,5 milljónir Bandaríkjadala. Sagt stofnað á erfiðum tímum og góður hagnaður innleystur.***

**ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON**
olikr@frettabladid.is

Sala Datamarket til Qlik Technologies í Bandaríkjunum sem gekk í gegn í október síðastliðnum var með nokkrum yfirburðum valin viðskipti ársins af dómnefnd Markaðarins og Stöðvar 2. Qlik er fyrirtæki skráð á markað Nasdaq í New York í Bandaríkjunum en er sænskt að uppruna og enn með starfsemi þar í landi.

Í skýrslu Qlik til kauphallarinnar í New York kemur fram að kaupverðið á Datamarket hafi verið 11,8 milljónir Bandaríkjadala en geti hækkað um 1,7 milljónir dala í 13,5 milljónir, náist ákveðin markmið og áfangar í þróun sem lýst sé í kaupsamningi. Í krónum talið hleypur upphæðin frá um 1.440 milljónum til nálægt 1.660 milljóna króna, svona eftir því við hvaða gengi er miðað. Miðað við þær fjárhæðir gætu um 390 til 450 milljónir króna komið í hlut Hjálmars Gíslasonar, framkvæmdastjóra og stofnanda Datamarket. Hann stofnaði fyrirtækið árið 2008 og lagði þá upp með „tvær hendur tómar og eigið hyggjuvit“, eins og því hefur verið lýst. Þegar kom að sölu var hlutur Hjálmars í fyrirtækinu 27 prósent og var hann næststærsti hluthafinn.

### Viðræður hófust fyrir ári

Stærsti hluthafinn var hins vegar fjárfestingarsjóðurinn Frumtak sem fór með 40 prósenta hlut og fær því í sinn hlut 580 til 660 milljónir króna. Þá átti fjárfestingarfélagið Investa 7,6 prósent (fær 110 til 125 milljónir), Meson Holding, fjárfestingarfélag Vilhjálms Þorsteinssonar, 5,7 prósent (82 til 95 milljónir), og Frosti Sigurjónsson alþingismaður rúm fjögur prósent (fær þá 57 til 67 milljónir króna).

Þegar salan var kynnt greindi Hjálmar Gíslason frá því að þjónusta fyrirtækisins hér á landi myndi ekki breytast og að fjárfest yrði í frekari þróun hér. „Við kynntumst þessu fyrirtæki, Qlik Technologies, fyrir um það bil ári síðan,“ sagði hann í viðtali við Stöð 2 1. nóvember síðastliðinn. „Þeir höfðu áhuga á tækni sem við höfum byggt upp. Við höfum allt þetta ár verið í þessum viðræðum sem leiddu til þessarar sölu.“

### Hvatning fyrir aðra

Einn dómnefndarmanna sagði söluna á Datamarket til Qlik sýna hvaða gríðarlegu verðmæti liggi í íslensku hugviti og þeim krafti sem búi í vel menntuðu fólki sem vinni að því hörðum höndum að virkja hugvit sitt og skapa verðmæt hugverk sem séu eftirsótt jafnt hér heima sem erlendis. Annar sagði „svo sem“ hægt að velja söluna á Datamarket sem bestu viðskiptin. „1.440 milljónir er gott söluverð fyrir fyrirtæki sem velti 180 milljón krónum á síðasta ári og skilaði tapi,“ sagði sá.

Annar dómnefndarmaður sagðist hafa daðrað við að nefna sem bestu viðskipti ársins endurtekin met í fjölda ferðamanna til landsins og stóraukna kortaveltu erlendra ferðamanna. „En ég ætla samt að tilnefna kaup upplýsingatæknifyrirtækisins Qlik á öllu hlutafé í Datamarket. Það er stórkostlegur árangur fyrir stofnendur fyrirtækisins og hvatning fyrir íslensk sprotafyrirtæki og frumkvöðla.“

Enn einn benti á að stofnendur Datamarket hefðu byggt upp fyrirtæki sitt við erfiðar aðstæður og í gjaldeyrishöftum eftir hrun og hefðu selt með góðum hagnaði. „Um leið hefur Datamarket gegnt mikilvægu samfélagslegu hlutverki á Íslandi við að gera flókin tölfræðileg gögn aðgengileg og skiljanleg fyrir almenning.“

### Með hugvit og úthald að vopni

Jafn eftirtektarverður árangur frumkvöðuls með fyrirtæki sitt vekur athygli enda fór það svo að Hjálmar Gíslason var líka valinn viðskiptamaður ársins af dómnefnd Markaðarins og Stöðvar 2 og er tekinn tali í miðopnu blaðsins. „Frábært að sjá frumkvöðul fylgja eftir góðri hugmynd alla leið í exit með stæl,“ sagði einn.

„Hjálmar Gíslason ákvað í upphafi hrunsins að stofna sprotafyrirtæki sem ynni gagnlegar upplýsingar úr gögnum sem myndast innan fyrirtækja. Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt og fékk Vaxtarsprotann 2014,“ segir annar og bendir á að eigendur Datamarket hafi hagnast vel við söluna til stórfyrirtækis á alþjóðavettvangi sem velt hafi sem nemi 58 milljörðum króna á síðasta ári. „Hjálmar er nörd af guðs náð og hefur með hugvit og úthald að vopni náð að byggja upp á Íslandi fyrirtæki með sérstöðu á alþjóðavettvangi.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Qlik**

**HVERS KONAR FYRIRTÆKI ER QLIK?**

Sérhæfing Qlik liggur í að matreiða gögn þannig að auðvelt sé að vinna með þau og nota til ákvarðanatöku, að því er fram kemur á vef fyrirtækisins. Qlik var stofnað í Lundi í Svíþjóð árið 1993 og ætlaði sér þá að hjálpa fyrirtækjum, stórum (jafnvel risum á heimsvísu) sem smáum, að leysa vandamál. Félagið segir að núna reiði um 33 þúsund viðskiptavinir í yfir hundrað löndum sig á þjónustu þess. „Við höfum verið í fararbroddi í að leita leiða til að breyta gögnum yfir í nytsamar upplýsingar,“ segir í kynningarefni Qlik og vísað til þess að hugbúnaður félagsins, Qlik View, sé leiðandi á meðal gagnaúrvinnslutækja fyrir fyrirtæki. Lagt sé upp úr því að búnaðurinn sé notendavænn, úrvinnsla gagna víðtæk og sjónræn og til staðar á margvíslegum tækjum og auðveldi fólki þannig að vinna saman að verkefnum. Félagið hefur verið skráð í kauphallarkerfi Nasdaq frá árinu 2010. En þótt höfuðstöðvarnar séu í Bandaríkjunum þá sagði Hjálmar Gíslason í tilkynningu um söluna á Datamarket að Qlik héldi norrænum einkennum sínum og að engin skörun væri þar á fyrirtækjamenningu.

## 2. OG 3. SÆTI Í BESTU VIÐSKIPTUM ÁRSINS

### 2 Sala Hagamels á hlut í Högum

Fjárfestarnir Hallbjörn Karlsson og Árni Hauksson seldu í febrúar hlut sinn í Högum, sem þeir áttu í gegnum félagið Hagamel, fyrir rúmlega 3,2 milljarða króna. Söluverð hlutarins var um fjórfalt kaupverð hans. Í Kjarnanum voru þeir félagar með þessu sagðir hafa innleyst mesta hagnað einkafjárfesta eftir bankahrun, en Hagar voru jafnframt fyrsta fyrirtækið sem skráð var í Kauphöllina eftir hrun.

**Rökstuðningur** *„Árni Hauksson og Hallbjörn Karlsson seldu í febrúar 77 milljónir hluta í Högum á genginu 42. Þeir höfðu keypt hlutina í sama mánuði þremur árum áður á genginu 10. Markaðsverðmæti hlutarins sem þeir seldu var um 3,2 milljarðar króna en markaðsverð hlutarins var 770 milljónir þegar hann var keyptur. Þeir Árni og Hallbjörn fjórfölduðu því fjárfestingu sína.“*

### 3 Samkomulag Landsbankans og slitastjórnar LBI um lánalengingu

Samkomulag um lengingu á skilmálum skuldabréfa Landsbankans sem gefin voru út í október 2009 sem náðist í byrjun desembermánaðar er sagt fyrsta skrefið í afnámi fjármagnshafta. Samkomulagið felur í sér breytingar á greiðsluferli skuldabréfa að jafnvirði 226 milljarða króna og lengingu þeirra frá október 2018 til október 2026.

**Rökstuðningur** *„Þarna var um að ræða gríðarlega mikilvægt skref í léttingu hafta – þó að höftum verði aldrei algjörlega aflétt með íslensku krónunni. Þetta samkomulag kemst á listann því sennilega er ekkert eitt sem er eins skaðlegt viðskiptalífinu og höftin.“*

*„Afborganir bankans til þrotabús gamla Landsbankans eru stór hluti af heildarendurgreiðslum erlendra lána þjóðarbúsins næstu árin. Með samkomulaginu virðist sem endurgreiðsluferill erlendra skulda sé í heild orðinn vel viðráðanlegur.“*

## ANNAÐ SEM VAR NEFNT

**Ferðaþjónustan á Íslandi í heild sinni**
*„Ferðaþjónustan á Íslandi í heild sinni á rétt á því að verma toppsætið enda værum við Íslendingar í mjög slæmri stöðu ef vöxtur hennar og gjaldeyrisskópun væri ekki það sem hún er. Vaxtarverkirnir eru þó nokkrir og svört atvinnustarfsemi og gróðabrask skaða um stund ímynd ferðaþjónustunnar. En fagmennskan fer vaxandi og framtíðin er björt ef rétt er haldið á spilum.“*

**Sala á kvóta og skipi Stálskipa**
*„Hjónin í Stálskipum ákváðu að bregða búi fyrir aldurs sakir þegar þau seldu kvóta og skip fyrir um tíu milljarða króna. Söluhagnaður var gríðarlegur. Þau einbeita sér nú að fjárfestingum í fasteignum og rekstri innanlands.“*

**Sala Framtakssjóðsins á Icelandair**
*„Kaup Framtakssjóðs Íslands í Icelandair voru mikið gagnrýnd á sínum tíma og margir drógu framtíðarmöguleika félagsins í efa. Framtakssjóðurinn seldi síðasta hlut sinn í félaginu á árinu og var hagnaður af þessum viðskiptum riflega 11 milljarðar.“*

**Kaup Straums á fimmtungshlut í MP banka**
*„Kaup Straums á lykilhlut í MP voru gerð í óþökk margra hluthafa MP banka. Þótt enn sé of snemmt að álykta um ágæti viðskiptanna virðist sem að Straumur hafi fengið bréfin langt undir innra virði hlutafjár MP banka. Straumur er óþægilegur meðeigandi sem mun þrýsta á nauðsynlega hagræðingu og aukna arðsemi innan íslenska bankakerfisins.“*

**Salan á Promens**
*„Segi það með blendnum hug þó. Þetta var líklega fín ávöxtun fyrir eigendurna, þ.e. Framtakssjóðinn og Landsbankann, en af yfirlýsingum stjórnenda félagsins að ráða hefðu þeir þó frekar kosið að ná að fjármagna félagið til frekari vaxtar, en reyndist það erfitt eða illmögulegt vegna fjármagnshafta.“*

**Verðtryggð húsnæðislán**
*„Hagfelld verðbólguþróun og leiðréttingarpakki stjórnvalda á leiðinni.“*

www.renault.is




# NÝR RENAULT TRAFIC
# NÝJAR LAUSNIR OG MÖGULEIKAR



RENAULT eco2

**NÝR GÍRKASSI OG SPARNEYTNARI DÍSILVÉL**

Renault sendibílar státa af sparneytnustu dísilvélunum hver í sínum flokki. Nýjan Trafic er hægt að fá með dCi 1,6 lítra TURBO dísilvél sem er 90 eða 115 hestöfl eða með nýrri dCi 1,6 lítra TWIN TURBO dísilvél sem er fáanleg 120 eða 140 hestöfl. Með start/stopp búnaði fer eldsneytisnotkunin undir 6 l/100 km* í blönduðum akstri.



- **UPPFELLANLEGT FRAMSÆTI**
  Með uppfellanlegu framsæti er hægt að koma fyrir allt að 415 cm löngum einingum.
- **INNRÉTTING MEÐ GLÆSILEGUM NÝJUNGUM**
  Meðal nýjunga í innréttingu eru tölvuborð/skrifborð, festingar, hleðslumöguleikar fyrir snjallsíma og betri afstaða sætis og stýris sem gerir aksturinn þægilegri.
- **NÝR 13 CM LENGRI UNDIRVAGN OG BETRI FJÖÐRUN**
  Nú er auðvelt að koma fyrir allt að 12 plötum í styttri gerðina af Trafic.
- **HANDFRJÁLS SÍMABÚNAÐUR OG TENGIMÖGULEIKAR**
  Handfrjáls símabúnaður og hljómtæki með AUX og USB tengi er staðalbúnaður.
- **STÖÐUGLEIKASTÝRING (ESP)**
  Stöðugleikastýring sem eykur mjög á öryggi í misjöfnum aðstæðum er staðalbúnaður í nýjum Trafic.
- **ÍSLENSKUR LEIÐSÖGUBÚNAÐUR OG BAKKMYNDAVÉL**
  Hægt er panta nýjan Trafic með íslenskum leiðsögubúnaði og bakkmyndavél.

RENAULT

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM66471

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar** Reykjanesbæ www.bilahusid.is 420 0400
**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622
**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533
**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

## Verstu/umdeildustu viðskipti ársins

# Ógagnsætt söluferli sagt valda Landsbankanum orðsporshnekki

*Flestir álitsgjafa Markaðarins hnutu um sölu Landsbankans á hlut sínum í Borgun. Leynd og ógagnsætt söluferli er sagt skaða bankann. Þá hvílir yfir skuggi samráðssektar sem lögð var á fyrirtæki á greiðslukortamarkaði.*

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is

Sala Landsbankans á hlut sínum í Borgun hlýtur þann vafasama heiður að vera talin verstu, eða umdeildustu, viðskipti ársins að mati dómnefndar Markaðarins.

Tilkynnt var um söluna 25. nóvember síðastliðinn, en 2.184 milljónir króna fengust fyrir 31,2 prósenta eignarhlut bankans í Borgun. Hluturinn var hvorki auglýstur til sölu, né var söluferlið opið. Stjórnmálamenn gagnrýndu vinnulagið og Steinþór Pálsson bankastjóri var í kjölfarið kallaður fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þar sem hann varði söluna og kvað ásættanlegt verð hafa fengist fyrir hlutinn. Hagnaður bankans af sölunni nam tæpum milljarði króna.


STEINÞÓR PÁLSSON

Í umræðu og fréttaflutningi af sölunni voru gerðar athugasemdir við að í hópi kaupenda eru fjárfestar tengdir Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra fjölskylduböndum, feðgarnir Einar Sveinsson og Benedikt Einarsson. Einar er föðurbróðir Bjarna.

Bankinn var minnihlutaeigandi í fyrirtækinu og gat lítið beitt sér vegna úrskurðar Samkeppniseftirlitsins, sem um miðjan desember upplýsti að lögð hefði verið ríflega eins og hálfs milljarðs króna sekt á bankana og greiðslukortafyrirtækin vegna samráðs á greiðslukortamarkaði. Landsbankinn seldi líka vegna málsins hlut sinn í Valitor á 3,6 milljarða króna.

„Á tyllidögum segja stjórnendur ríkisbankans að þeir vilji vera í fararbroddi hvað varðar ábyrgar fjárfestingar á Íslandi. Ógegnsætt söluferli á greiðslumiðlunarfyrirtækinu Borgun hefur hins vegar valdið bankanum orðsporshnekki, meðal annars vegna þess að allsendis er óvíst hvort bankanum hafi tekist að hámarka verðmæti eignarhlutar síns,“ segir einn dómnefndarmaður í umsögn sinni og bendir á að bankarnir hafi ekki verið þekktir fyrir að selja eignir lágt á undanförnum árum, jafnvel þótt þeir hafi verið undir þrýstingi Samkeppniseftirlitsins um að losa eignir. „Því kemur þessi leyndarhyggja Landsbankans á óvart.“



**LANDSBANKINN Í JÓLABÚNINGI** Fólk á hraðferð í jólaönnum við höfuðstöðvar Landsbankans í Austurstræti í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Annar sagði hafa verið erfitt að finna verstu viðskiptin að þessu sinni. „En leiðinlegustu viðskiptin eru örugglega sala Landsbankans á hlut sínum í Borgun, stjórnmálamenn og vissir fjölmiðlar hafa reynt að gera þetta tortryggilegt og málið verið blásið út. Landsbankinn fékk gott verð fyrir hlutinn en það hefur alveg gleymst í umræðunni. Hagnaður bankans af sölunni, rúmur milljarður, rennur sennilega beint í ríkissjóð í næstu arðgreiðslu. En það er ekki sama hver kaupir að mati sumra og málið hefur valdið Landsbankanum óþarfa armæðu. En svona gerist þegar stjórnmálamenn ætla að fara að skipta sér af viðskiptum,“ segir sá og telur endurspeglast í málinu öllu að ekki sé Landsbankanum til framdráttar að vera alfarið í eigu ríkisins.

Dómnefndarfólk var ekki einhuga í mati sínu á ástæðum þess að viðskiptin hafi verið slæm. Þannig töldu sumir verðið hafa verið ásættanlegt en aðrir of lágt. Allir voru þó sammála um að bankinn hefði orðið illa úti í umræðunni eftir viðskiptin. „Viðskiptin á Borgun eru seljanda og kaupanda í hag en það er svoddan fnykur af slíkum viðskiptum að manni líkar ekki. Svona viðskiptahættir væru best geymdir í fortíð,“ segir einn.



**GREIÐSLUMÁTI KYNNTUR** Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar, keypti sér pylsu þegar snertiposinn var kynntur á Bæjarins bestu í október 2012.

> **Hagnaður bankans af sölunni, rúmur milljarður, rennur sennilega beint í ríkissjóð í næstu arðgreiðslu. En það er ekki sama hver kaupir að mati sumra og málið hefur valdið Landsbankanum óþarfa armæðu.**

## ÖNNUR OG ÞRIÐJU VERSTU VIÐSKIPTI ÁRSINS

### 2 Stofnun sjónvarpsstöðvanna Miklagarðs og Bravó

Sjónvarpsstöðvar Konunglega kvikmyndafélagsins, sem Sigmar Vilhjálmsson fór fyrir, hófu göngu sína um miðjan mars á þessu ár. Þær voru ekki langlífar því öllum starfsmönnum var sagt upp í aprillok. Um miðjan maí var tilkynnt um yfirtöku 365 á stöðvunum og að Mikligarður yrði lagður niður.„Ekki góð hugmynd fyrir framleiðslufyrirtæki að fara í samkeppni við viðskiptavini sína og þá á alveg eftir að ræða óraunhæfar tekju- og kostnaðaráætlanir,“ segir í umsögn eins dómnefndarmanns. „Algjört vanmat frá upphafi og vart hægt að klúðra hlutum með meiri bravúr,“ segir annar. „Fá þó prik fyrir að viðurkenna ruglið hratt og bakka út.“


SIGMAR VILHJÁLMSSON

### 3 Skuldaleiðrétting heimilanna




Allmargir dómnefndarmenn nefndu skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarflokkanna sem mesta afleik ársins á viðskiptasviðinu. „Ef það átti að eyða 80 milljörðum þá hefði verið ágætt að setja þá peninga til dæmis í nýjan Landspítala sem hefði nýst landsmönnum öllum,“ sagði einn. Annar benti á að með aðgerðinni hafi miklar fjárhæðir runnið að stórum hluta til fólks sem ekki hafi þurft á þeim að halda. „Fjármunina hefði betur mátt nýta til að lækka skuldir ríkissjóðs (og þar með álögur á einstaklinga og fyrirtæki) og til að renna styrkari stoðum undir heilbrigðiskerfið og menntakerfið,“ sagði sá.

## ANNAÐ SEM VAR NEFNT

**Viðskiptin með Fjarðarlax og Skeljung**
*„Fólk á einfaldlega ekki að færa sig hinum megin borðsins í miðjum viðskiptum.“*

**Kaup Björns Leifssonar á hlut í DV**
*„Viðskipti Björns Leifssonar hafa verið umdeild og áskriftum að blaðinu fækkaði umtalsvert í kjölfarið.“*

**Ákvörðun þeirra sem ekki stóðu við tilboð í hlutabréfaútboði HB Granda**
*„Bréfin hafa síðan hækkað um ríflega þriðjung (eru nú 37,5 en útboðsverðið var 27,7).“*

**Uppbygging ríkisins á innviðum í Helguvík**
*„Hvenær ætla stjórnvöld að hætta að henda peningum í óskuldbindandi og oft raunar mjög ólíkleg plön erlendra fyrirtækja og læra að treysta markaðnum fyrir því að leysa þessi mál?“*

**Baðhúsið/Reginn**
*„Of mikið klúður frá A til Ö … sjálfsagt af beggja hálfu. Sýnir hversu lítið rými fyrirtæki hafa í viðskiptum við stóru eignarhaldsfélögin. Báðir hafa misreiknað sig illa í þessu öllu saman.“*

**Viðskipti með innflutta matvöru sem ekki urðu vegna verndarstefnu**
*„Öll viðskiptin með innflutta matvöru sem neytendur misstu af vegna ofurtolla og innflutningshamla. Líka viðskiptin sem íslensk fyrirtæki misstu af í útlöndum af svipuðum ástæðum; MS hefði til dæmis getað selt ennþá meira skyr á Evrópumarkaði ef ekki væri fyrir háa tolla.“*

**Flutningur Fiskistofu til Akureyrar**
*„Skólabókardæmi um hvernig á alls ekki að gera hlutina – gamaldags pólitík í sinni verstu mynd. Framsókn sjálfri sér lík, en dapurlegt ef Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að kóa með.“*



Þjónusta við fyrirtæki

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hrafnhildur Garðarsdóttir hefur áralanga reynslu í ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu, auk 20 ára reynslu í hótel- og veitingageiranum.

**Hrafnhildur er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.**

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

## Viðskiptamaður ársins



## Hjálmar Gíslason

**FRUMKVÖÐULL** í umsögn eins dómnefndarmanns Markaðarins er Hjálmar Gíslason, stofnandi og framkvæmdastjóri Datamarket, sagður „nörd af guðs náð“ sem náð hafi að byggja hér upp fyrirtæki með sérstöðu á alþjóðavettvangi.

**FLÓKNUM SAMNINGUM LOKIÐ** Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri og stofnandi Datamarket, segir grunnhugmyndina að baki fyrirtækinu, að setja fram með stöðluðum hætti gögn úr ólíkum áttum, aldrei hafa breyst. Í þrígang hafi hins vegar breyst hverjum ætti að selja afurðina. Fyrst var ætlunin að beina sjónum að smærri notendum, svo markaðs- og rannsóknafyrirtækjum, og síðan fólki innan fyrirtækja sem vinnur með gögn. „Síðan smellur þetta allt með Qlik,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gjaldeyrishöftin töfðu söluferli Datamarket um fjóra mánuði

***Qlik, sem nýverið festi kaup á Datamarket, hyggur á umtalsverða fjárfestingu og eflingu starfsemi Datamarket hér á landi. Hjálmar Gíslason, stofnandi Datamarket og framkvæmdastjóri, stýrir samþættingu hugbúnaðar fyrirtækjanna sem fyrir dyrum stendur. Á fyrstu vikum nýja ársins verður fleira fólk ráðið til fyrirtækisins.***

**VIÐTAL**
**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is



„Mér fannst nú frekar merkilegt að niðurstaðan yrði þessi,“ segir Hjálmar Gíslason, stofnandi og framkvæmdastjóri upplýsingatæknifyrirtækisins Datamarket, sem dómnefnd Markaðarins valdi viðskiptamann ársins. Þá var salan á Datamarket til Qlik í Bandaríkjunum einnig valin viðskipti ársins (líkt og fjallað er um á síðu 2 í blaðinu). „En það er gaman að því að þessi geiri fái athygli.“

Hjálmar leggur áherslu á að hann hafi verið afar heppinn þegar kom að því að draga með sér fólk að verkefninu. „Bæði fólkið sem ég fékk til að vinna með mér í Datamarket og að við náðum að byggja upp mjög sterkt teymi þótt það hafi verið lítið.“ Starfsmenn segir hann aldrei hafa verið fleiri en fimmtán talsins og fyrirtækið hafi verið nálægt þeirri stærð í rúmt ár. „En ég leyfi mér að fullyrða að við framleiðum á við þrjátíu manna fyrirtæki bara vegna þess hve við höfum náð saman góðu fólki og góðum takti í það sem við erum að gera.“ Hjálmar, sem lagði upp með verkefnið 2008, segir kjarnahópinn sem kom að Datamarket 2009 og 2010 og hafi verið allan tímann, vera fólk af því tagi sem öðrum finnist gaman að vinna með vegna þess að læra megi af því. „Það hefur hjálpað til við að stækka hópinn og fá fleiri sterka og góða einstaklinga að þessu.“

### STERKA MÁLSVARA VANTAR

Þá segir Hjálmar fjárfestana og stjórnina sem fyrirtækið hafi fengið ekki síður skipta máli. „Ég hef margoft sagt að okkar verðmætasti fjárfestir sé Hilmar Gunnarsson sem var sá sem átti frumkvæðið að fyrstu fjármögnuninni sem við fengum utan frá og hefur á nokkrum tímapunktum komið mjög sterkt með okkur inn í ferlið, bæði varðandi fyrstu skrefin út fyrir landsteinana og í sölumálum og svo með því að aðstoða okkur og vera okkur innan handar þegar kom að sjálfri sölunni og viðræðunum við Qlik.“ Stjórn fyrirtækisins segir Hjálmar að hafi verið mjög virk og hjálpað hafi til að þar komi að fólk með fjölbreyttan bakgrunn og mikla reynslu. „Allt er þetta fólk sem farið hefur í gegnum að byggja upp og selja fyrirtæki.“

Velgengni, uppbyggingu og sölu Datamarket segir Hjálmar því langt í frá að vera eins manns verk. „Hópurinn allur er að baki og forréttindi að fá að vinna bæði með fólkinu sem var með í að byggja upp fyrirtækið innan frá og líka þeim sem komu að því að utan.“

Þótt vissulega séu allir geirar að meira eða minna leyti að breytast í þekkingariðnað, þá segir Hjálmar ljóst að viðskiptaumhverfið hér henti geirunum misjafnlega. „Áherslurnar eru ólíkar. Lengi vel var það þannig að sjávarútvegurinn réð það miklu að gengisfellingar voru gerðar handvirkt þegar illa gekk og með því var beinlínis verið að lækka laun landsmanna, með því að fella gengið.“

### SÉRSTAÐA ÍSLANDS HJÁLPAR EKKI ALLTAF TIL

Hjálmar Gíslason segir að þótt oft sé talað um Ísland sem heppilegan tilraunamarkað vegna smæðar landsins þá fylgi því bæði kostir og gallar. „Hér er fljótlegt að koma hlutum í dreifingu, sjá hvernig þeir ganga og þar fram eftir götunum,“ segir hann en bendir um leið á að ókostur sé hversu óvenjulegur íslenski markaðurinn er vegna þess hvað hann er lítill. „Hér eru alltaf einhver tengsl til staðar. Þokkalega tengt fólk getur komist á fund með framkvæmdastjóra hvaða fyrirtækis sem er á Íslandi með tiltölulega stuttum fyrirvara. Þannig virkar þetta ekki annars staðar.“ Hér vanti því ákveðinn skilning á mikilvægi sölumennsku sem atvinnugreinar. „Eftir því sem ég hef meira lært um sölu- og markaðsmál hefur virðing mín aukist fyrir því fólki sem stundar þau störf.“

Aðra hættu við smáan markað segir Hjálmar svo að á honum hætti fólki til að fara út með of breiðar lausnir. „Það eitt að vera hér með tvo kúnna kallar á tiltölulega fjölbreytta lausn,“ segir hann. Hér dytti engum í hug að byggja fyrirtæki á því að búa til hugbúnað sem gagnaðist Hörpu einni, enda kaupandinn bara einn. En á þúsund sinnum stærri markaði, eins og í Bandaríkjunum, þar sem þá má gera ráð fyrir þúsund Hörpum, sé það fullkomlega raunhæft. „Þá er maður kominn með hillu sem sennilega er þokkalega stór.“

### SAGAN ENDURTEKUR SIG




Einungis einu sinni áður í sögu blaðsins hefur komið fyrir að sami maður væri maður ársins og á bak við bestu viðskiptin, en sú varð raunin 2009 þegar skráning Össurar, þar sem Jón Sigurðsson er forstjóri, í dönsku kauphöllina var talin bestu viðskiptin og Jón og Hilmar Veigar Pétursson hjá CCP deildu toppsætinu í valinu á manni ársins.



**ATSKÁK**
**Atskákmót Icelandair fer fram á Hótel Natura í dag. Í ár er mótið einstaklingskeppni. Tefldar verða 11 umferðir með 15 mínútna umhugsunartíma.**









# ÚR ATVINNUÞRASI Í HÁSKÓLANÁM

**SKIPT UM GÍR** *Erna Hauksdóttir var rödd ferðaþjónustunnar í áratugi en ákvað fyrir ári að skipta um gír í lífinu og fara í háskólanám. Hún segir að það hafi verið góð ákvörðun, íslenskan hafi lengi verið áhugamál sitt.*

Erna var nær daglegur gestur í fréttatímum en hvarf síðan skyndilega á braut. Hún var framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar frá árinu 1998 og þar á undan hjá Sambandi veitinga- og gistihúsa frá árinu 1985. Hún átti því langan og farsælan feril að baki í erilsömu starfi. „Ég ákvað að hefja háskólanám í íslensku. Ég hef alltaf haft áhuga á íslensku máli og langaði að kynnast því betur. Ekki endilega til að fá gráðu heldur fremur til skemmtunar. Ég er nýbúin að ljúka prófum og hef haft óskaplega gaman af náminu, enda alltaf þótt gaman í skóla. Það er svo gaman að koma aftur í háskólann eftir þrjátíu ár en ég útskrifaðist þaðan í viðskiptafræði á sínum tíma. Þá var ein tölva í húsinu og hún tók heilt herbergi,“ segir Erna. „Svo á ég alveg eftir að ákveða hvað ég geri í framtíðinni,“ segir hún glettin.

**Á TÍMAMÓTUM**

„Mig langaði í öðru vísi líf. Ég er nýkomin á löggiltan eftirlaunaaldur og vil mæla með því að fólk finni sér einhver áhugamál til að fást við á þeim tímamótum. Það var dásamlegt að byrja aftur í skóla og hella sér út í námið. Ég var búin að vera atvinnuþrasari, eins og ég segi stundum, í næstum þrjátíu ár. Það var orðið nóg. Bæði fannst mér ágætt fyrir mig að skipta um hlutverk og ▶

**MARGT AÐ GERAST** Erna er mikil fjölskyldumanneskja og hefur yndi af því að fá fólk í mat. Hún á tvö börn og sjö barnabörn. MYND/ERNIR






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447






**ÁNÆGÐ** Erna Hauksdóttir er virkilega sátt við þá ákvörðun sína að hætta sem talsmaður ferðaþjónustunnar og fara í háskólanám. „Maður þarf að finna sér eitthvað áhugavert að gera við starfslok," segir hún. MYND/ERNIR

▶ einnig gott fyrir samtökin að fá nýja ásýnd. Þetta var því hárrétt ákvörðun. Mér þótti engu að síður alltaf gaman í vinnunni. Svo kemur að þeim tímapunkti að breytinga er þörf. Mig langaði allt í einu að fara að gera eitthvað allt annað."

**LÚXUSVANDAMÁL**

Erna segist hafa fylgst með umræðunni um ferðaþjónustuna þótt hún hafi sagt skilið við hana. „Stundum hugsa ég bara um það sem ég er að gera þá stundina og nenni þá ekki að lesa blöðin. Það er mikill lúxus fyrir mig að geta sleppt því. Það er sömuleiðis mikill lúxus að þurfa ekki að hafa skoðanir á öllum hlutum. Nú get ég haft þá skoðun sem mér sýnist," segir Erna og hlær en óneitanlega fylgdi töluvert fjölmiðlakarp starfi hennar hjá ferðaþjónustunni.

„Ég er að langflestu leyti ánægð með þróunina í ferðamálum á Íslandi. Sérstaklega er ég ánægð með það verkefni sem við lögðum mikla áherslu á síðustu árin áður en ég hætti. Það var að auka ferðaþjónustuna yfir vetrartímann. Ég er þess vegna voða glöð og stolt þegar ég sé að 31% aukning hafi orðið á komu ferðamanna í nóvember. Áður fyrr fór allur sumarágóðinn í að reyna að halda fyrirtækjunum opnum yfir veturinn. Þessi mikla aukning á veturna er mikið gleðiefni."

**GJALD INN Í LANDIÐ**

„Það sem mér finnst ekki hafa gengið nægilega vel er uppbygging helstu ferðamannastaða og verndun þeirra. Við höfum rætt þetta vandamál í mörg ár en voðalega lítið hefur breyst til batnaðar. Það hefði átt að setja þetta mál í einhvern farveg fyrir löngu. Ferðaþjónustan skilar miklu í þjóðarbúið og þessir hlutir eiga að vera í lagi. Við vorum búin að ræða lausnir fram og til baka, þar á meðal náttúrupassa, en engin leið virðist góð. Það vill engin ein atvinnugrein í ferðaþjónustu taka að sér að innheimta skatt. Hvorki hótel né flugfélög. Það er ósköp eðlilegt að enginn vilji hækka hjá sér verð til að innheimta skatt. Ég hef þó alltaf talið bestu lausnina að selja inn í landið. Það virðist vera erfitt að koma því á vegna ESB en við ættum að taka þann slag engu að síður. Einfalt er að framkvæma gjaldtöku á þann hátt og mikilvægt að gjaldið sé lágt. Þetta mál er eitthvert það flóknasta sem við höfum haft á borðinu og engin einföld leið sjáanleg."

**AMMAN OG MATARBOÐIN**

Erna á sjö barnabörn og hefur mikla ánægju af því að stússast með þeim. „Þau koma mikið hingað til okkar," segir Erna en hún er gift Júlíusi Hafstein, sendiherra og fyrrverandi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. „Ég er hefðbundin þegar kemur að jólahaldi. Það hafa verið rjúpur á borðum á aðfangadag frá því ég man eftir mér og svo var einnig núna. Við erum svo heppin að hafa veiðimenn í fjölskyldunni. Við breyttum fyrirkomulaginu hjá okkur fyrir þremur árum þegar börnin okkar kusu að vera á sínu heimili á aðfangadag. Við hjónin borðum heima en förum síðan í heimsóknir til barnanna eftir matinn og skiptumst á gjöfum. Tengdaforeldrar mínir gerðu þetta líka á sínum tíma og mér fannst það alltaf sniðugt. Þá fær maður að upplifa jólin með börnum sínum og barnabörnum.

Á jóladagskvöld er ég alltaf með tuttugu manns í mat, fjölskyldu Júlíusar og börnin okkar. Þá býð ég upp á kalkúnabringur. Á gamlárskvöld koma bræður mínir til okkar og við eldum saman. Við erum ekki búin að ákveða hvað verður í matinn núna," segir Erna. „Við tökum garðhúsgögnin inn í stofu og þá geta allir setið til borðs. Það er óskaplega skemmtileg stemning. Í mínum huga snúast jólin um samveru fjölskyldunnar. Ég kem úr stórri fjölskyldu og vil hafa marga í mat," segir Erna enn fremur en hún hefur gaman af matseld og er frábær kokkur. „Börnin mín og barnabörn koma oft til okkar í mat."

**FLÓKIN STAÐA**

„Það er ósköp eðlilegt að enginn vilji hækka hjá sér verð til að innheimta skatt. Ég hef þó alltaf talið bestu lausnina að selja inn í landið. Það virðist vera erfitt að koma því á vegna ESB en við ættum að taka þann slag engu að síður."

**GAMAN AÐ FERÐAST**

Þegar Erna er spurð hvað sé henni minnisstæðast frá árinu sem er að líða, svarar hún: „Ætli það sé ekki þegar sjöunda barnabarnið kom í heiminn. Það eru alltaf mikil gleðitíðindi. Svo er auðvitað æðislegt að vera kominn aftur í háskóla. Það er gaman að sjá allar þessar rafrænu breytingar sem orðið hafa í skólastarfinu. Ég hef líka ferðast mikið á árinu sem hefur í alla staði verið frábært. Okkur finnst gaman að ferðast, sérstaklega til Spánar, Frakklands og Ítalíu. Í haust fórum við í lítið sveitaþorp á Spáni þar sem bróðir minn hélt upp á sextugsafmæli sitt. Það var virkilega ánægjulegt. Ég tel að það sé afar mikilvægt að hafa eitthvað fyrir stafni þegar maður hættir að vinna og gera eitthvað skemmtilegt," segir hún.

„Einn af hápunktum ársins var þegar bókin „Það er kominn gestur" kom út á vegum SAF í nóvember. Þetta er saga ferðaþjónustunnar, mjög flott bók sem ég fékk að fylgja fram að útgáfunni en okkur hefur lengi langað til að leggja í slíkt verk. Á næsta ári vonast ég til þess að við getum haldið verðbólgunni í skefjum, að það verði þokkalegur vöxtur í þjóðfélaginu og lítið atvinnuleysi. Sjálf hef ég bara væntingar um áframhaldandi skemmtilegt líf á næsta ári með fjölskyldu og vinum." ■ **elin@365.is**



# BIO-KULT VIRKAR LANGBEST

**ÁRANGURSRÍKT** *Bio-Kult Candéa er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir fær síður sveppasýkingar og önnur óþægindi eftir að hún hóf notkun þess. Hún er mjög ánægð með árangurinn af notkun Bio-Kult Candéa.*

Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa,“ segir Kolbrún. „Venjulega þegar ég hef ég verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“

**ENGIN UPPÞEMBA EÐA RISTILKRAMPI**

Bio-Kult Candéa-hylkin geta fyrirbyggt sveppasýkingu í meltingarvegi. Berglind Káradóttir er með óþol fyrir nokkrum fæðutegundum og fékk reglulega ristilkrampa, uppþembdan maga og ógleði. „Ég hef þurft að passa vel upp á mataræðið, ekki síst þegar ég fór í veislur þar sem ég gat ekki vitað hvað var í matnum og fékk krampa í kjölfarið. Eftir að ég byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa breyttist þetta og maginn og ristillinn eru til friðs. Ég tek tvö hylki með morgunmat og ristilkramparnir heyra sögunni til. Ég, systir mín og dóttir tökum allar Bio-Kult með góðum árangri,“ segir Berglind.

**ÖFLUG BLANDA**

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.




Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.



**LÍÐUR BETUR** Berglindi Káradóttur líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Candéa og ristilkrampar sem hún fékk áður heyra nú sögunni til. MYND/ERNIR



**ÁNÆGÐ MEÐ ÁRANGURINN** Kolbrún fær ekki sveppasýkingar eftir að hún fór að nota Bio-Kult Candéa.

**BIO-KULT FYRIR ALLA**

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu en hún getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.

# FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

**ICECARE KYNNIR** *Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun. Sævar Guðmundsson hefur lést eftir að hann fór að taka Chili Burn. „Mér finnst þörfin í sykur hafa minnkað, mig langar ekki eins mikið að fá mér gos eða nammi og áður.“*

Chili Burn-töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt. Töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmintuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesíum. Chili Burn virkar þannig á þrefaldan hátt; það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina.

**HJÁLPAR TIL VIÐ AÐ LÉTTAST**

Sævar Már Guðmundsson hefur lengi átt í baráttu við aukakílóin og hefur hreyfing verið helsta ástæða þess að hann hefur ekki verið í ofþyngd. „Fyrir nákvæmlega ári síðan var ég í mjög góðum málum og búinn að vera að léttast töluvert á hálfu ári á undan. Þá hafði ég tekið mataræðið í gegn svo um munaði og hreyfði mig mikið. Álag í vinnunni gerði það svo að verkum að í upphafi þessa árs fór ég að hafa minni tíma til að æfa og borða rétt og fór þá að þyngjast aftur,“ segir Sævar.

Í lok ágúst fór Sævar aftur að mæta í ræktina. „Þetta snýst allt um sjálfsaga og ég fann það á fyrstu skiptunum mínum að ég þurfti breytingu í öllu. Ég skráði mig í fasta tíma í ræktinni og æfi í það heila fimm sinnum í viku. Eftir að ég sá auglýsingu um Chili Burn í byrjun september ákvað ég að prófa það. Tæpum tveimur mánuðum síðar hafði ég lést um rúm



**MINNI SYKURÞÖRF** Sævar langar síður í sælgæti og gos eftir að hann byrjaði að taka Chili Burn. MYND/STEFÁN

fjögur kíló og fituprósenta lækkað um tæp fjögur prósentustig.“

**SYKURÞÖRFIN MINNI**

Sævar tekur Chili Burn-töfluna kvölds og morgna og hann telur það hjálpa til við að halda bruna gangandi allan daginn. „Með réttu mataræði hjálpar þetta mikið. Auk þess finnst mér þörfin í sykur hafa minnkað, mig langar ekki eins mikið að fá mér gosdrykki eða nammi eins og áður. Ég leyfi mér það þó einu sinni í viku.“

Hann segir það lykilatriði að hafa trú á þessu öllu saman. „Hreyfing skiptir mig miklu máli og rækt á líkamanum til að viðhalda hraustlegu útliti. Chili Burn hjálpar til við að halda niðri sykurþörf og mataræðinu í lagi auk þess sem það er vatnslosandi,“ segir Sævar.

**LOKSINS FUNDIÐ ÞAÐ SEM VIRKAR**

Helene Jenssen hefur tekið Chili Burn-töflurnar inn daglega í rúma tvo mánuði. „Ég hef lagt af og ekki bætt kílóunum á mig aftur. Ég nota minni fatastærðir og það er frábært.“

Hún segist hafa barist við hliðarspik og stóran maga í mörg ár, reynt allt til að grennast en ekkert gengið. „Þegar ég las að chili væri náttúrulega efnið í Chili Burn-töflunum fór ég strax í næstu heilsuverslun og keypti mér pakka – og þá fór eitthvað að gerast! Eftir að ég fór að taka Chili Burn inn hef ég minnkað matarskammtana aðeins. Mér líður betur í maganum og ég er ekki eins þrútin og útþanin eins og ég var áður eftir máltíðir. Ég var næstum búin að gleyma því hvað manni getur liðið vel þegar maður lítur vel út. Ég mun aldrei verða þybbin aftur og mun halda áfram að taka inn töflurnar.“

**FRAMLEITT Í SKANDINAVÍU**

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa þróað þessar nýju töflur byggðar á efnum úr chiliplöntunni. Þykkninu hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda katekín-andoxunarefni.



**HELENE JENSSEN**

Klínískar rannsóknir, sem hafa verið birtar í vísindatímaritinu Obesity, sýna fram á að sama magn af þeim innihaldsefnum og er í töflunum getur dregið úr líkamsfitu. Sérfræðingarnir bættu piparmintuolíu við töfluna, sem dregur úr uppþembu og vindgangi.

Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka gæðin bæði úr chili-plöntunni og öðrum innihaldsefnum, allt frá vinnslu þar til neytandinn tekur við þeim.




## SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

***Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.***
***Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.***

IceCare
Þín heilsa

# STEFNA EKKI Á HEIMSFRÆGÐ

**SÁLARSKOTIN TÓNLIST** *Meðlimir hljómsveitarinnar Moses Hightower eru allir á landinu yfir hátíðirnar. Þeir spila á tónleikum næstkomandi þriðjudag og eru á leið í stúdíó eftir áramót til að taka upp nýja plötu. Allir textar Moses Hightower eru á íslensku og þegar þeir spila í útlöndum er það yfirleitt á viðburðum tengdum norrænni sögu eins og til dæmis á Íslendingadeginum í Manitoba.*

Steingrími Karli Teague, hljómborðsleikara og söngvara hljómsveitarinnar Moses Hightower, finnst það skemmtilegasta við jólin að þá koma þeir sem búa í útlöndum heim. „Mér finnst jólin sjálf fín en kannski hef ég spilað of mikið á jólahlaðborðum þegar ég var unglingur þannig að það eru ekki margar jólahefðir sem mér finnst ómissandi. Mér finnst mest gaman að vera með fjölskyldunni og vinunum og slappa af. Kærastan mín býr í Danmörku og hún verður heima um hátíðirnar og flestir vinirnir líka. Ég er á þeim aldri að margir í kringum mig búa í útlöndum og við strákarnir í Moses Hightower höfum allir búið einhvers staðar úti og höfum ekki búið hér á landi á sama tíma síðan hljómsveitin var stofnuð. Ég og Andri Ólafsson, bassaleikari og söngvari, bjuggum í Hollandi, Magnús Trygvason Eliassen trommari bjó í Noregi og gítarleikarinn okkar, Daníel Friðrik Böðvarsson, býr í Berlín. Hann er búinn að búa þar svo lengi að hann er kominn með aflitað hár eins og ég held að gerist bara þegar fólk er búið að búa nógu lengi í Þýskalandi, það eru einhvers konar ofnæmisviðbrögð,“ segir Steingrímur á léttu nótunum.

**HNOÐA NÝJU EFNI SAMAN**

Aðspurður hvort meðlimir Moses Hightower séu góðir vinir segir Steini, eins og hann er kallaður, að þeir séu alls engir vinir, þeir fljúgi hver í sinni einkaþotunni eins og meðlimir hljómsveitarinnar The Eagles og hittist bara á sviði. Hann dregur þó fljótt í land og segir að þeir séu mjög góðir vinir. „Það fer kannski óþarflega mikill tími í að hafa gaman og djóka af þeim annars litla tíma sem við höfum en við verðum að fá að gera það líka þar sem við hittumst svo sjaldan.“

Þeir verða allir á landinu yfir hátíðirnar og ætla að spila saman á Húrra á þriðjudaginn, 30. desember næstkomandi. Þá segir Steini að stefnan verði sett á að spila einhver ný lög. Eftir áramót ætla strákarnir í Moses Hightower að fara í stúdíó til að taka upp nýja plötu. „Þegar Moses kemur saman reynum við að nýta tímann vel og við ætlum að reyna að hnoða einhverju nýju saman á nýju ári. Við lögðum upp með ákveðna hluti fyrir sjö árum þegar bandið var stofnað en ég held að við höfum ekki endað á því að gera nákvæmlega það sem ætluðum. Við vitum ekkert hvernig þetta fer núna, við erum búnir að semja slatta en svo breytist margt í stúdíói. Þegar við höfum gert plötur finnst okkur þær ekkert flottar á meðan við erum að gera þær, vonandi verður þetta bara okkur til sóma,“ segir Steini hógvær.

**SPILA LÍKA MEÐ ÖÐRUM BÖNDUM**

Hljómsveitin spilar sálarskotna tónlist og strákarnir syngja einungis á íslensku. Þeir hafa fengið fjölda tilnefninga til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir fyrri plötur sínar og meðal annars fengu þeir Steini og Andri verðlaun sem bestu textasmiðir ársins 2012 fyrir texta plötunnar „Önnur Mósebók“. „Ég held að tónlistin okkar væri ekkert svo sérstök ef við værum að syngja á útlensku. Þegar við vorum að byrja fannst fólki skemmtilegt að heyra að við værum að gera íslenska texta við svona tónlist. Okkur finnst líka öllum svo gaman að íslenskunni og það er skemmtilegt þegar maður nær að gera eitthvað sem fólki finnst sniðugt.“

Þeir félagar spila allir með öðrum hljómsveitum sem hafa ferðast erlendis og spilað. „Þegar Moses er fengin til að spila í útlöndum er það yfirleitt þegar verið er að halda upp á norræna menningu eða eitthvað í sambandi við það. Við vorum til dæmis fengnir til að spila á Íslendingadeginum í Manitoba í Kanada í sumar. Það gekk vel og var mjög gaman en ég get ekki sagt að Moses Hightower stefni á heimsfrægð,“ segir Steini og hlær.




**MOSES HIGHTOWER** Strákarnir verða með tónleika á Húrra þann 30. desember þar sem þeir stefna á að flytja eitthvað af nýju efni. Frá vinstri: Andri, Magnús, Steini og Daníel er í stólnum. MYND/STEFÁN




Íslensk
kalkúnabringa
fullkomnar veisluna
ÍSFUGL
Notum eingöngu íslenskt úrvalshráefni
unnið af kjötmeistara Ísfugls
isfugl.is




**Active Liver**
Eykur niðurbrot fitu í lifrinni og styrkir starfsemi hennar

*„Finn mikinn mun á mér, eftir að ég byrjaði að nota Active Liver. Hef minni löngun í óhallan mat, sætindi, kaffi og áfengi. Ég hef líka lést og er mjög ánægð með árangurinn“.*
**-Kirsten**



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is







**ÓLÁTABELGIR** Peyjarnir tveir úr Kettinum með höttinn voru kátir. MYND/TORFI LEIFSSON, HLAUP.IS.

# GAMAN AÐ LÁTA EINS OG VITLEYSINGUR

**SKEMMTILEGT HLAUP** *Meira fer fyrir skrautlegum búningum og léttri stemningu en harðri keppni í Gamlárshlaupi ÍR sem nú er haldið 39. árið í röð. Margir hlauparar og hlaupahópar leggja mikinn metnað í búningana.*

Skrautlegir búningar og létt andrúmsloft einkenna alltaf Gamlárshlaup ÍR sem haldið verður 39. árið í röð á gamlársdag. Hlaupið er meðal stærstu hlaupaviðburða ársins og fastur liður í keppnishaldi margra hlaupara og hlaupahópa auk þess sem það setur skemmtilegan svip á miðborg Reykjavíkur þennan síðasta dag ársins. Stór hluti keppenda klæðist skrautlegum búningum og ólíkt flestum öðrum hlaupum ársins mæta flestir með það markmið í huga að skemmta sér og eiga góðan dag með hlaupafélögum og fjölskyldumeðlimum.

Meðal þátttakenda í ár er Halldóra Hálfdánardóttir sem hlaupið hefur með skokkhópi Vals síðan árið 2009. Hún tók fyrst þátt árið 2007 en vissi þá ekki af búningahefðinni. „Í fyrsta Gamlárshlaupi mínu eftir að ég byrjaði í skokkhópi Vals var ég ekki í búningi og gekk ekkert sérstaklega vel. Ég sá því strax að það borgaði sig bara að hlaupa í einum slíkum. Það er mikil hefð fyrir því í skokkhópnum mínum að hlaupa í búningi á þessum degi enda höfum við það mottó að ef maður mætir ekki í búningi, verður maður að ná persónulegu meti. Valsskokkarar eru því mjög duglegir að mæta skrautlega klæddir enda ekki algengt að ná persónulegu meti á þessum tíma árs. Ég hef endalaust gaman af því að láta eins og vitleysingur og þá er mjög heppilegt að geta klætt sig í búning og látið allt flakka!“

Ekki er laust við að mörg eftirminnileg atvik eigi sér stað þegar skrautlega klæddir hlauparar safnast saman með þessum hætti. „Eitt árið fór ég alein í matvörubúð í trúðabúningi. Þar vakti ég eðlilega mikla athygli yngstu kynslóðarinnar sem bjóst eflaust við því að ég myndi taka nokkur trix sem ég er reyndar alveg ófær um! Sama ár hljóp ég með Gísla hlaupavini mínum í Valshópnum klædd trúðabúningi en hann í jólasveinabúningi og gúmmístígvélum. Við vöktum mikla athygli og sérstaklega þegar fólk sá fótabúnaðinn hjá Gísla.“

Hún segir nær alla meðlimi skokkhópsins mæta árlega í hlaupið og engar afsakanir séu teknar gildar, kannski helst þá að viðkomandi þurfi að mæta í eigin jarðarför. „Við erum alltaf mjög forvitin að sjá búningana hjá hvert öðru og leggjum oftast mikinn metnað í þá. Eftir hlaupið skálum við svo í fjallakakói og er það góð stund til að kveðja árið með góðum félögum.“

Gamlárshlaupið verður ræst við Hörpu kl. 12 og lýkur á sama stað.

Forskráning í hlaupið fer fram á www.hlaup.is en henni lýkur á miðnætti 30. desember. Auk þess verður hægt að skrá sig í hlaupið á gamlársdag í Hörpu milli kl. 10 og 11.30.

Allar nánari upplýsingar má finna á vef ÍR, www.ir.s, undir flipanum Frjálsar og á Facebook undir Gamlárshlaup ÍR.



**KÓNGURINN MÆTTUR** Sjálfur Elvis Presley hljóp í fyrra í Gamlárshlaupinu. MYND/ÖRVAR RUDOLFSSON



**BÓFAR Á FERÐ** Lukku-Láki reynir að handsama Dalton-bræður. MYND/TORFI LEIFSSON, HLAUP.IS.



**OFURHETJAN** Halldóra í Superman búningi ásamt Hilmari, eiginmanni sínum, og dóttur þeirra, Dilja. MYND/ÚR EINKASAFNI

# ÁRAMÓTASPRENGJA

# 40%

**afsláttur af öllum vörum**



COSMO

Kringlunni

# MIKILVÆGT AÐ OPINBERA HEITIN

**10 ALGENGUSTU ÁRAMÓTAHEITIN** *45 prósent Bandaríkjamann strengja áramótaheit. Flestir ætla í megrun. Fólk sem opinberar heit sín fyrir öðrum er tíu sinnum líklegra til að halda þau en fólk sem strengir heit í hljóði.*

Bandaríska tímaritið Journal of Clinical Psychology tók í byrjun árs saman lista yfir tíu algengustu áramótaheit Bandaríkjamanna. Listinn er byggður á rannsókn Háskólans í Scranton. Listinn birtist á statisticprain.com

**ALGENGUSTU HEITIN ERU EFTIRFARANDI**

- Að léttast
- Að verða skipulagðari
- Að eyða minna – spara meira
- Að njóta lífsins til fulls
- Að viðhalda góðum árangri í ræktinni.
- Að læra eitthvað spennandi
- Að hætta að reykja
- Að hjálpa öðrum að uppfylla drauma sína
- Að finna ástina
- Að eyða meiri tíma með fjölskyldunni

Í greininni eru teknar saman tölur yfir þá Bandaríkjamenn sem strengja áramótaheit en þeir voru 45 prósent í fyrra. 38 prósent gera það hins vegar aldrei. Einungis átta prósent segjast ná að halda þau fullkomlega. 49 prósent ná stundum markmiðum sínum. 24 mistekst alfarið, alltaf.

Fólk sem opinberar heit sín fyrir öðrum er tíu sinnum líklegra til að halda þau en fólk sem setur heit í hljóði.

Fólk á þrítugsaldri er líklegra til að halda áramótaheit en þeir sem eldri eru. 39 prósent þeirra halda sín heit en einungis 14 prósent þeirra sem komnir eru yfir fimmtugt.

75 prósent þeirra sem strengja áramótaheit halda þau út fyrstu vikuna. 71 prósent heldur þau í tvær vikur. 64 prósent halda út í mánuð og 46 prósent í sex.



**TÍMI TIL AÐ TAKA SIG Á** Fólk á þrítugsaldri er líklegra til að halda áramótaheit en þeir sem eldri eru.



**ÞAÐ SAKAR EKKI AÐ REYNA** Janúar hjá mörgum byrjar svona. Fæstir halda út árið á enda. Það sakar þó ekki að reyna. Átta prósent Bandaríkjamanna standa fullkomlega við áramótaheit sín.




**FLESTIR ÆTLA AÐ LÉTTAST** Að fara í megrun er algengasta áramótaheitið í Bandaríkjunum.






## ÁRAMÓTASUNDIÐ

**SUNDLAUGAR**

Gott getur verið að skella allri fjölskyldunni í áramótabaðið í einu á gamlársdag. Samkvæmt vefsíðunni sundlaugar.is eru langflestar laugar á höfuðborgarsvæðinu opnar fram til hádegis á gamlársdag, sumar til 11 en aðrar til 12.30.

Þeir sem vilja hressa sig við á nýjársdag með góðri pottaferð geta ekki leitað víða enda er aðeins ein laug opin á höfuðborgarsvæðinu. Það er Laugardalslaug sem er opin frá 12 til 18. Utan höfuðborgarinnar er aðeins Laugarvatn Fontana opið frá 11 til 21.

## 112 APP Í FERÐALAGIÐ

**GOTT Í NEYÐ**

Þeir sem hyggja á ferðalag yfir helgina og fram yfir áramót ættu að kynna sér hið bráðsniðuga 112 Iceland app.

Snjallsímaforritið er einfalt í notkun og hefur tvenns konar virkni. Annars vegar er hægt að kalla á aðstoð ef um slys eða óhapp er að ræða. Hins vegar að skilja eftir sig „slóð“ en slíkt má nota ef óttast er um afdrif viðkomandi og leit þarf að fara fram.

Forritið leysir ekki af hólmi önnur öryggistæki eins og neyðarsenda og talstöðvar. Ekki er þörf á gagnasambandi til að nota forritið. Hefðbundið GSM-samband dugar.

Hægt er að sækja forritið fyrir Android-síma, Windows-síma og iPhone.





# FERÐIR

LAUGARDAGUR **27. DESEMBER 2014**

# Mallorca, miklu meira en sólarströnd

Mallorca er sannkölluð fjölskylduperla í Miðjarðarhafinu. Sumarferðir bjóða aftur upp á ferðir til Mallorca og verða með vikulegt beint flug í allt sumar. Rík áhersla er lögð á að uppfylla þarfir fjölskyldufólks hjá Sumarferðum.

Sumarferðir skipuleggja ferðir fyrir fjölskyldur sem vilja gæðaferðir á viðráðanlegu verði," segir Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri Sumarferða. Rík áhersla er lögð á að þarfir fjölskyldufólks hjá Sumarferðum og eru áfangastaðir Sumarferða valdir með vilja og þarfir fjölskyldna að leiðarljósi. Af áfangastöðum Sumarferða má nefna Almería, Alicante ,Tenerife, Kanarí og Mallorca. „Við veljum hótelin einnig af mikilli kostgæfni. Það þarf að hafa í huga að umhverfið sé fallegt, herbergin rúmgóð og að börnin hafi nóg við að vera í hótelgarðinum, svo eitthvað sé nefnt."

Ferðaskrifstofan býður nú, eftir nokkurra ára hlé, upp á ferðir til Mallorca í sumar. „Við einfaldlega spurðum fólkið okkar hvað það vildi og þetta var niðurstaðan," segir Kristbjörg og hefur margt gott að segja um þá sólríku eyju. „Mallorca er einn vinsælasti áfangastaður sólarlandafara í Evrópu og ekki að furða því eyjan býður upp á svo margt fleira en hótelgarða. Eyjan sólríka er rómuð fyrir náttúrufegurð, hvort sem fólk er að leita að fallegri fjallasýn eða tærum sjó við afviknar strendur. Mallorca státar einnig af fjölbreyttri menningu, frá rómantískri spænskri sveitamenningu til heimsborgaralegrar borgarmenningar. Þá er gaman að aka um sveitirnar, sjá bændur að störfum og drekka nýkreistan ávaxtasafa í forsælu á fjallstindi," lýsir Kristbjörg.

> **Mallorca er einn vinsælasti áfangastaður sólarlandafara í Evrópu og ekki að furða því eyjan býður upp á svo margt fleira en sólarstrendur.**

### Hótel sem skilja eftir góðar minningar

Á Mallorca geta viðskiptavinir Sumarferða valið á milli fjölda vandaðra gististaða á þremur svæðum á norðausturhluta eyjarinnar; Alcudia, Playa de Muro og Can Picafort. „Þessi hluti eyjarinnar er algjör náttúruperla enda er svæðið gróið og fallegt. Norður-Mallorca varð líka sérstaklega fyrir valinu vegna þess hve strendurnar eru hreinar og fallegar," segir Kristbjörg og bendir á að ströndin henti sérlega vel fyrir börn enda sé hún aðgrunn og sjórinn hlýr. Í miðbæ Alcudia er boðið upp á fjölskylduhótel þar sem stutt er á veitingastaði og verslanir en í Playa de Muro og Can Picafort bjóða hótelin upp á sérhannaða og spennandi hótelgarða og ósvikna náttúruparadís.

### Allir þurfa eitthvað

„Á Mallorca viljum við geta boðið fjölskyldum upp á afslappandi, þægilegar og eftirminnilegar upplifanir. Boðið er upp á dagsferðir til nálægra þorpa á borð við Pollenca og heimsóknir til höfuðborgarinnar Palma, sem þykir ein hreinasta og fallegasta borgin við Miðjarðarhafið og þar er einnig gott að versla. Þá mæli ég sérstaklega með að aka um eyjuna og kanna fagurt umhverfið," segir Kristbjörg.

> **Mallorca er málið fyrir Íslendinga í sumar. Þar færðu allt í einum pakka.**

Fjölskyldustefna Sumarferða nær líka til flugferðarinnar en boðið er upp á mjög barnvænt, beint flug á góðum tíma, með léttri máltíð og afþreyingu um borð.



Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir

„Mallorca er málið fyrir Íslendinga í sumar. Þar færðu allt í einum pakka, frábært veður, fallegt og öruggt umhverfi sem og einstaka gestrisni eyjarskeggja," segir Kristbjörg og býður öllum að leita nánari upplýsinga á sumarferdir.is.



### ☆☆☆ SOL DE ALCUDIA

*Alcudia*

Sol de Alcudia er gott þriggja stjörnu hótel um 500 metra frá ströndinni í Alcudia. Verslanir og veitingastaðir eru í næsta nágrenni. Í sundlaugargarðinum er góð sólbaðsaðstaða með bekkjum, sólhlífum, sundlaugarbar, veitingastað, sundlaug og barnalaug.



### ☆☆☆ VIVA BLUE

*Playa de Muro*

Íbúðahótelið VIVA Blue er á frábærum stað, aðeins 200 metra frá Muro-ströndinni í Playa de Muro. Hvað afþreyingu varðar er af nógu að taka því hægt er að spila tennis, fótbolta, körfubolta og bandí/hokkí.

SUMAR FERÐIR



### Mallorca Sumarferða er fyrir þá sem vilja:

- Frábær hótel
- Náttúrufegurð
- Menningu og sögu
- Æðislega strönd
- Skemmtigarða
- Öruggt umhverfi
- Barnaklúbba

# Bestu skíðasvæðin í heiminum

Þegar áfangastaður er valinn fyrir skíðaferðalagið eru margir þættir sem taka þarf tillit til og misjafnt hvað fólk leggur áherslu á í því sambandi. Brekkur og lyftur, gististaðir, veitingastaðir, næturlíf, kostnaður og veðurfar eru allt þættir sem skipta máli. Allir þessir staðir sem tilteknir eru hér eiga það sameiginlegt að þeir komast á hina ýmsu lista sem teknir hafa verið saman um bestu skíðasvæði í heimi.

### Vail – Bandaríkin

Hinn rómaði bær Vail í Colorado er markaðsettur sem „uppáhaldsskíðasvæði Bandaríkjamanna“ og eitthvað er víst til í því. Skíðasvæðið í Vail þekur um 2.200 hektara og er stærsta skíðasvæðið í Bandaríkjunum. Í bænum má finna sér ýmislegt annað til dundurs en að skíða því þar eru þó nokkur listagallerí og söfn, hægt að fara á hundasleða, á skauta, í hokkí og margt fleira.

### Kitzbuhel – Austurríki

Kitzbuhel er af mörgum kölluð „Perla Alpanna“ og er þekktasti orlofsstaður austurrísku Týrólafjallanna. Skíðaiðkun hefur verið stunduð í Kitzbuhel síðan 1892 og þar er ein frægasta skíðabrekka heims, „Streif“. Tækifæri til alls kyns íþróttaiðkunar eru þar mörg í fallegri náttúru og í borg með mikla sögu. Hótel og veitingastaðir eru í hæsta gæðaflokki og þar má einnig finna fullt af litlum kaffihúsum og börum, diskótek, spilavíti og kvikmyndahús. Sjarmi þessa sjö hundruð ára gamla þorps er mikill.

### Whistler Blackcomb – Breska-Kólumbía

Í þessum himinháu fjöllum í Kanada er að finna eitt besta skíðasvæði Norður-Ameríku þar sem lóðréttasta brekkan er til staðar. Þetta hrífandi þorp hefur allt það sem vetraríþróttaiðkendur þurfa á að halda; kaffihús, alþjóðlegar verslanir og yfir hundrað veitingastaði sem bjóða upp á allra þjóða matseld, meðal annars kínverska, franska, gríska, ítalska, Miðjarðarhafs, mexíkóska og taílenska. Matur er mikilvægur á þessum stað þar sem skíðaiðkunin sem staðurinn er þekktastur fyrir gerir fólk svangt. Whistler varð fljótt einn besti skíðastaður heims og hefur margsinnis verið valinn besta skíðasvæði Norður-Ameríku af þeim sem þar búa. Japanar eru líka mjög hrifnir af staðnum en þeir hafa valið hann sem sinn uppáhalds alþjóðlega orlofsstað aftur og aftur.



Whistler Blackcomb.



Það er frelsandi að bruna niður skíðabrekkur í góðu veðri.

### Meribel – Frakkland

Í Meribel geta allir skíðaiðkendur fundið brekkur við sitt hæfi og skemmtilegt næturlíf auk þess sem staðurinn er fjölskylduvænn. Meribel hefur verið vinsæll áfangastaður síðustu sjötíu ár og hefur þróast í takt við tímann. Staðurinn sameinar ólíka íþróttamenn, nautnaseggi, sælkera, áhugamenn, börn og afa og ömmur, heimamenn og gesti. Saga og menning Meribel er mjög lifandi og margt sem gleður trygga viðskiptavini staðarins. Í gegnum tíðina hafa íbúar Meribel hugsað vel um sína verðmætustu eign, fjöllin og umhverfi þeirra.

### Alyeska – Alaska

Allir þeir sem elska að skíða í púðursnjó ættu að hafa Alyeska á listanum sínum. Flestir sem fara til Alaska í skíðaferð hafa stundað sportið í langan tíma og eru í leit að einhverri öðru vísi upplifinu, svo sem fjallaskíðamennsku eða þyrluskíðamennsku. Í Alyeska hefur meðalsnjókoman síðastliðin þrjátíu ár verið yfir sextán metrar sem er meira en nóg til að halda skíðabrautunum í góðu ástandi og utanbrautaleiðunum líka í lagi. Byrjendur geta líka fundið brautir við sitt hæfi í Alyeska þar sem nóg er af ruddum brautum af öllum stærðum og gerðum.

### Aspen – Bandaríkin

Þeir sem vilja skíða með þeim ríku og frægu ættu að fara til Aspen í Colorado. Staðurinn er þekktur fyrir brattar brekkur sínar en þar geta allir fundið sér brekku við sitt hæfi, sama á hvaða stigi þeir eru. Í Aspen geta þeir sem hafa nóg á milli handanna valið úr frábærum gististöðum en þar sem meirihluti gesta er þokkalega fjáður er verðlagið þar frekar hátt.



Vail. MYNDIR/NORDIC PHOTOS/GETTY



Kitzbuhel.



Aspen.

### Cortina d'Ampezzo – Ítalía

Cortina hentar minna reyndum skíðamönnum ágætlega þótt þeir vanari geti líkað fundið sér brattar og góðar brekkur. Helsta aðdráttarafl Cortina er hins vegar bærinn sjálfur, menningin, matseldin og umhverfið sjálft fær fólk til að falla í stafi.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 512-5446 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



www.smyrilline.is

SMYRIL LINE · EXPLORERS OF THE NORTH ATLANTIC

# Taktu bílinn með
til Færeyja og Danmerkur 2015




Bókaðu núna!

10% afsláttur
Fullgreitt fyrir 1. mars
*Á ferðum fram og til baka, gildir ekki með öðrum tilboðum.*

**Færeyjar**
2 fullorðnir með fólksbíl
Netverð á mann frá **34.500**

**Danmörk**
2 fullorðnir með fólksbíl
Netverð á mann frá **74.500**

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík
Sími: 570-8600 · info@smyril-line.is

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfjörður
Sími: 472-1111 · austfar@smyril-line.is



## BLYSFÖR Í ÖSKJUHLÍÐ

**Ferðafélag barnanna** í samstarfi við Ferðafélag Íslands og Útivist, stendur fyrir stuttri en skemmtilegri göngu um Öskjuhlíð í dag. „Við söfnumst saman við Nauthól í Nauthólsvík klukkan 17.30 þar sem allir geta fengið ókeypis kyndla," segir Brynhildur Ólafsdóttir fararstjóri. Gangan hefur verið farin síðustu ár og ávallt er vel mætt. „Þetta hafa verið milli hundrað og tvö hundruð manns," segir Brynhildur enda er gangan ókeypis.

Gengið er frá Nauthóli og upp í Öskjuhlíðina. „Það er sérstaklega gaman að ganga í myrkrinu inn í skóginn með kyndlana. Þá myndast skemmtilegir skuggar og svo höfum við alltaf verið svo heppin að finna jólasveina í skóginum sem spjalla við okkur og syngja."





## SVÖRT TÍÐ HJÁ NORSKUM HÓTELUM

**Miklu minni eftirspurn** hefur verið eftir hótelherbergjum í Ósló, Þrándheimi, Bergen og Stavanger í haust en búist var við. Samtímis hefur hótelherbergjum fjölgað mikið og verðið hefur lækkað. Það þykir ekki gott fyrir nýju hótelin. Það hefur verið svört tíð í haust fyrir hótelbransann skrifar netmiðillinn VG.

Allra verst var þetta hjá hótelum í Kristansund þar sem var 30% fækkun gesta miðað við sama tíma í fyrra. Kristiansund er á vesturströnd Noregs.

Margir eru svekktir yfir hversu mikið hefur verið byggt af hótelum en það getur haft neikvæð áhrif á markaðinn. Reyndar hefur tíðin verið best nyrst í landinu í Bodø og Tromsø þar sem tókst að fylla hótelin að tveimur þriðju. Boðið var upp á mun lægra verð á herbergjunum en venjulega á þessum tíma og var munurinn 4,6%. Hóteleigendur eru ekki hrifnir af lækkun verðsins en það ræðst auðvitað af eftirspurn.

## TÝNDAR TÖSKUR

**Eitt af því leiðinlegasta sem getur hent** á ferðalagi er að standa á flugvelli í fjarlægu landi og finna hvergi töskurnar, jafnvel þótt það verði góð saga til að segja frá síðar. En þó að við höfum öll heyrt slíkar sögur eru líkurnar á að flugfélag týni farangri merkilega litlar ef marka má traveltips.usatoday.com. Aðeins eins prósents líkur eru á því að stórt flugfélag týni töskum.

*Ásdís Kristjánsdóttir,forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins ● Eggert Þór Aðalsteinsson, sérfræðingur hjá Virðingu ● Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania ● Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri og einn eigenda Kjöríss og formaður Samtaka iðnaðarins ● Hafliði Helgason, sérfræðingur hjá Framtakssjóði Íslands ● Haraldur Guðmundsson, blaðamaður á Fréttablaðinu ● Hjálmar Gíslason, stofnandi og framkvæmdastjóri Datamarket ● Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnurekstri ● Jafet S. Ólafsson, fjárfestir ● Jón Hákon Halldórsson, blaðamaður á Fréttablaðinu ● Kolbrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kjölfestu ● Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff ● Margrét Sanders, framkvæmdastjóri hjá Deloitte og formaður Samtaka verslunar og þjónustu ● Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda ● Óli Kristján Ármannsson, blaðamaður á Fréttablaðinu ● Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland ● Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika ● Thor Thors, framkvæmdastjóri Kóða ● Þóranna Jónsdóttir, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.*

# Mannabreytingar á árinu 2014

***Mörg af stærstu fyrirtækjum landsins réðu nýja stjórnendur á árinu. Má þar nefna fjarskiptafyrirtækið Vodafone, Samskip og Deloitte. Markaðurinn tók saman helstu mannabreytingar á árinu sem nú er að líða.***

JANÚAR – FEBRÚAR – MARS – APRÍL – MAÍ – JÚNÍ – JÚLÍ – ÁGÚST – SEPTEMBER – OKTÓBER – NÓVEMBER – DESEMBER



**GUÐRÚN HAFSTEINSDÓTTIR**
SAMTÖK IÐNAÐARINS
MARS
Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöríss, var kjörin formaður Samtaka iðnaðarins (SI) á aðalfundi samtakanna í mars. Hún og Svana Helen Björnsdóttir, fyrrverandi formaður SI, gáfu báðar kost á sér í formannsembættið.



**KRISTINN D. GRÉTARSSON**
ORF LÍFTÆKNI
MARS
Kristinn D. Grétarsson settist í forstjórastól Orf Líftækni og dótturfélagsins Sif Cosmetics um miðjan mars. Hann var áður forstjóri líftæknifyrirtækisins Mentis Cura.



**MARGRÉT SANDERS**
SVÞ
MARS
Aðalfundur Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) kaus Margréti Sanders formann félagsins í mars. Tók hún við af Margréti Kristmannsdóttur sem sinnti formennsku fyrir SVÞ frá árinu 2009.



**HERDÍS D. FJELDSTED**
FSÍ
MARS
Herdís Dröfn Fjeldsted var ráðin framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) í mars. Hún hafði þá verið fjárfestingarstjóri FSÍ frá árinu 2010 og setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja.



**SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON**
365 MIÐLAR
MAÍ
Sævar Freyr Þráinsson, fyrrverandi forstjóri Símans, var ráðinn aðstoðarforstjóri 365 miðla í maí. Tveimur mánuðum síðar var tilkynnt að hann tæki við starfi forstjóra fyrirtækisins af Ara Edwald.



**HELGI Þ. ARASON**
LANDSBRÉF
MAÍ
Helgi Þór Arason var ráðinn forstjóri Landsbréfa í byrjun maí. Hann var áður forstöðumaður markaðsviðskipta í Landsbankanum og tók við starfinu af Sigþóri Jónssyni sem var ráðinn til Straums fjárfestingarbanka.



**EYJÓLFUR GUÐMUNDSSON**
HÁSKÓLINN Á AKUREYRI
MAÍ
Dr. Eyjólfur Guðmundsson var ráðinn rektor Háskólans á Akureyri (HA) um miðjan maí. Alls bárust sjö umsóknir um starfið. Eyjólfur starfaði áður sem sviðsstjóri greiningar og aðalhagfræðingur CCP.



**ALMAR GUÐMUNDSSON**
SAMTÖK IÐNAÐARINS
ÁGÚST
Samtök iðnaðarins (SI) tilkynntu í lok ágúst að Almar Guðmundsson hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri samtakanna. Hann var áður framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda og þar á undan vann hann við ýmis stjórnunarstörf innan Íslandsbanka. Almar tók við af Kristrúnu Heimisdóttur sem lét af störfum hjá SI í ágúst eftir aðeins níu mánuði í starfi.



**MAGNÚS GARÐARSSON**
UNITED SILICON
JÚLÍ
Magnús Garðarsson var ráðinn framkvæmdastjóri United Silicon í júlí. Fyrirtækið vinnur að byggingu kísilverksmiðju í Helguvík en Magnús bjó áður og starfaði í Danmörku.



**SIGURHJÖRTUR SIGFÚSSON**
MANNVIT
OKTÓBER
Sigurhjörtur Sigfússon var ráðinn forstjóri Mannvits í október en hann hafði þá gegnt starfi fjármálastjóra fyrirtækisins frá árinu 2012. Eyjólfur Árni Rafnsson, sem gegnt hefur starfi forstjóra Mannvits síðustu12 ár, lætur af störfum sem forstjóri um áramótin.



**MAGNÚS ÞÓR ÁSMUNDSSON**
ALCOA FJARÐAÁL
OKTÓBER
Í haust var tilkynnt um að Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, myndi einnig gegna starfi forstjóra Alcoa Fjarðaáls. Magnús tók við starfinu af Janne Sigurðsson þegar hún var ráðin forstöðumaður upplýsingatæknimála hjá Alcoa á heimsvísu.



**ÓLAFUR STEPHENSEN**
FÉLAG ATVINNUREKENDA
OKTÓBER
Ólafur Stephensen tók við starfi framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda í október. Rúmum mánuði áður lét hann af starfi ritstjóra Fréttablaðsins og annarra fréttamiðla 365. Áður var hann ritstjóri Morgunblaðsins og 24 stunda.



**MAGNÚS G. ÞÓRÐARSON**
RÚV
JANÚAR
Stjórn Ríkisútvarpsins tilkynnti þann 26. janúar að ákveðið hefði verið að ráða Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóra Borgarleikhússins, sem útvarpsstjóra. Magnús var leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar frá árinu 2004 til 2008 þegar hann tók við Borgarleikhúsinu.



**HANNES FRÍMANN HRÓLFSSON**
VIRÐING
JANÚAR
Hannes Frímann Hrólfsson var ráðinn framkvæmdastjóri Virðingar þegar félagið sameinaðist Auði Capital þann 8. janúar. Hann var áður forstjóri Auðar Capital.



**SALÓME GUÐMUNDSDÓTTIR**
KLAK INNOVIT
FEBRÚAR
Salóme Guðmundsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri nýsköpunar- og frumkvöðlasetursins Klak Innovit í febrúar. Salóme tók við af Kristjáni Kristjánssyni en hún hafði áður starfað sem forstöðumaður opna háskólans í HR frá árinu 2011.



**JÓN BJÖRNSSON**
FESTI
FEBRÚAR
Jón Björnsson var ráðinn forstjóri Festa hf. þegar framtakssjóðurinn SÍA II keypti hluta af innlendri starfsemi Norvíkur ásamt hópi fjárfesta. Jón var áður forstjóri Orf Líftækni, Magasin du Nord og Haga hf.



**VALGEIR M. BALDURSSON**
SKELJUNGUR
APRÍL
Stjórn Skeljungs gekk frá ráðningu Valgeirs Matthíasar Baldurssonar, framkvæmdastjóra neytendasviðs félagsins, í stöðu forstjóra olíufélagsins í apríl. Valgeir hafði þá starfað hjá Skeljungi í fimm ár og tók við af Einari Erni Ólafssyni.



**ORRI HAUKSSON**
SÍMINN
FEBRÚAR
Orri Hauksson tók við stöðu forstjóra Símans í febrúar þegar rekstur fjarskiptafyrirtækisins og móðurfélagsins Skipta var sameinaður undir nafni Símans. Hann tók við af Sævari Frey Þráinssyni, forstjóra Símans til sjö ára.




**STEFÁN SIGURÐSSON**
VODAFONE
MAÍ
Stjórn Vodafone réð Stefán Sigurðsson í starf forstjóra fjarskiptafyrirtækisins í maí síðastliðnum. Stefán gegndi starfi framkvæmdastjóra Eignastýringar Íslandsbanka frá árinu 2008. Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone frá árinu 2009, lét af störfum þegar ráðning Stefáns lá fyrir.



**PÁLMAR ÓLI MAGNÚSSON**
SAMSKIP
JÚNÍ
Markaðurinn greindi frá því þann 4. júní síðastliðinn að Pálmar Óli Magnússon hefði verið ráðinn forstjóri Samskipa á Íslandi. Pálmar var áður framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs Landsvirkjunar í þrjú ár og starfsmaður Samskipa frá árinu 1998-2011.



**SIGURÐUR PÁLL HAUKSSON**
DELOITTE
JÚNÍ
Í byrjun júní tilkynnti Deloitte um ráðningu Sigurðar Páls Haukssonar í starf forstjóra endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækisins. Sigurður hafði þá verið meðeigandi í Deloitte frá árinu 2003.



**ELÍN JÓNSDÓTTIR**
VÍB
JÚLÍ
Elín Jónsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, og tók þá sæti í framkvæmdastjórn bankans. Elín tók við af Stefáni Sigurðssyni sem var áður ráðinn forstjóri Vodafone.



**JÓN ÓLAFUR HALLDÓRSSON**
OLÍS
JÚLÍ
Í júlí var tilkynnt að Jón Ólafur Halldórsson myndi taka við starfi forstjóra Olís en Einar Benediktsson hafði óskað í maí eftir því að fá að láta af störfum. Einar hefur starfað hjá olíufélaginu sem framkvæmdastjóri undanfarna tvo áratugi.



**GUÐMUNDUR I. ÁSMUNDSSON**
LANDSNET
OKTÓBER
Stjórn Landsnets réð Guðmund Inga Ásmundsson í starf forstjóra fyrirtækisins í lok október. Guðmundur hefur verið aðstoðarforstjóri Landsnets frá árinu 2008 og tekur við starfinu núna um áramót af Þórði Guðmundssyni sem hefur stýrt fyrirtækinu frá stofnun þess. Guðmundur Ingi hóf störf hjá Landsvirkjun að námi loknu og var ráðinn kerfisstjóri Landsnets árið 1993.




**Dalshraun 3**
Skrifstofurými tilbúin til innréttinga

Falleg 450-1.150 m² skrifstofurými til leigu á fyrstu og annarri hæð. Rýmin eru tilbúin til innréttinga og verða endurnýjuð í samráði við nýja leigutaka. Reitir koma að fjármögnun breytinganna. Næg bílastæði eru við húsið auk aðgangsstýrðs bílakjallara.







**Hátún 2b**
NÝTT TIL LEIGU

Vandað 648 m² skrifstofuhúsnæði til leigu á tveim hæðum auk kjallara. Á báðum hæðum eru rúmgóð og björt opin rými með stórum gluggum auk skrifstofu- og fundaraðstöðu. Húsnæðið er með gott aðgengi og næg bílastæði.

**Klettagarðar 6**
Stórt atvinnuhúsnæði

Til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi. Góð aðkoma er að húsinu, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Í rýminu eru tveir rúmgóðir salir með innkeyrsluhurðum, fallegt skrifstofurými á efri hæð, eldhús, snyrting og sturtuaðstaða.

**Höfðabakki 9**
Skrifstofuhæð með útsýni

Endurnýjuð rúmlega 900 m² skrifstofuhæð með frábæru útsýni. Á hæðinni eru skrifstofur og opin rými ásamt eldhúsum og snyrtingum. Mögulegt er að leigja hálfa hæðina. Höfðabakki 9 er rekinn með vistvænum hætti með starfandi húsverði.

# TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is**
og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR
*Velkomin til starfa*

# Árið gert upp í aðsendum greinum

# Uppbygging á hlutabréfamarkaði er langtímaverkefni

Uppbygging hlutabréfamarkaðarins er langtímaverkefni sem við helgum okkur áfram í Kauphöllinni. Við stöndum þó á vissum tímamótum sem gætu ráðið úrslitum um hvort okkur tekst að skapa markaðnum það umhverfi sem er sambærilegt við það sem best gerist erlendis.

Átta fyrirtæki hafa verið nýskráð á Aðalmarkað frá 2011 og geta fjárfestar í flestum tilfellum unað vel við ávöxtun sína. Sjóvá var nýskráð á Aðalmarkaðinn í apríl í ár og HB Grandi fluttist af First North yfir á Aðalmarkaðinn í sama mánuði. Markaðsvirði skráðra fyrirtækja hefur hækkað og nemur nú tæplega 700 milljörðum króna, eða um 37% af landsframleiðslu. Til samanburðar var markaðsvirði allra skráðra fyrirtækja vorið 2009 rétt um 175 milljarðar króna. Félögum í Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar var einnig fjölgað úr sex í átta 1. júlí síðastliðinn í samræmi við fjölgun félaga á markaði.

### Krefst árvekni

Aukin fjölbreytni þátttakenda á markaði er nauðsynleg. Ólíkar skoðanir þurfa að fá að takast á til að mynda heilbrigðan markað. Lagasetning um kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja yfir ákveðinni stærð var gott skref og konum í stjórnum skráðra fyrirtækja hefur fjölgað á árinu. Kauphöllin, VÍB og FKA stóðu í samstarfi að verkefninu Fjölbreytni á markaði, hvar víðtækt fræðslustarf sem miðaði að því að ná til breiðs hóps fólks var þungamiðja. Við vildum líka vekja fólk til umhugsunar um málaflokkinn og auka sýnileika kvenna í viðskiptalífinu. Við höldum þessu samstarfi áfram á nýju ári.

Gjaldeyrishöft setja verðbréfamarkaði alvarlegar skorður, þar sem smá og stór fyrirtæki geta ekki nýtt sér fjármagn sem þau afla hérlendis til landvinninga erlendis. Stórkostleg hætta er á því að fyrirtækin leiti úr landi, innlendir fjárfestar missi af tækifærum og efnahagslífið hljóti skaða af. Við stóðum fyrir stefnumóti fjárfesta við ellefu nýsköpunarfyrirtæki í maí, sem sýndi greinilega þróttinn í nýsköpun hérlendis og mikilvægi þess að hlúa að efnilegum fyrirtækjum. Við vonumst til að nýtt ár boði kaflaskil við losun hafta.

Fyrsta flokks markaður krefst árvekni allra þátttakenda; kauphalla, starfsfólks skráðra fyrirtækja, fjármálafyrirtækja, fjárfesta, fjölmiðla, opinberra eftirlitsaðila og þeirra sem móta leikreglurnar. Lög og reglur verða að vera virtar og stjórnarhættir í góðu horfi. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti, í samstarfi við Kauphöllina, SA og Viðskiptaráð hefur staðið að formlegu mati á starfsháttum stjórna og stjórnenda, en fjórtán fyrirtæki hafa nú þegar hlotið viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum.



**PÁLL HARÐARSON** Forstjóri Kauphallarinnar bendir í grein sinni á að á næsta ári sé 25 ára afmæli íslensks verðbréfamarkaðar. MYND/KAUPHÖLLIN

### Verðugar áskoranir

Á síðastliðnu hausti lögðum við fram tíu tímasettar tillögur sem hafa það að markmiði að bæta virkni verðbréfamarkaðar. Margar tillögurnar snúast um að bæta umhverfi smærri fyrirtækja og auðvelda þeim að nýta hlutabréfamarkað til vaxtar í sama mæli og þekkist erlendis, en tiltölulega einfaldar breytingar á laga- og regluгerðarumhverfi eru til þess fallnar að bæta aðstöðu þessara fyrirtækja og styðja við skilvirkni markaðarins. Við munum fylgja tillögunum eftir með ýmsum hætti á komandi ári.

Við stöndum frammi fyrir verðugum áskorunum við uppbyggingu hlutabréfamarkaðar á næsta ári, á 25 ára afmæli íslensks verðbréfamarkaðar. Við erum þó bjartsýn, enda hafa nokkur fyrirtæki tilkynnt um skráningaráform, s.s. Reitir, Eik og Síminn. Einnig standa vonir til að ákveðið verði að skrá Landsbankann áður en langt um líður. Öflugur markaður er skilvirkrar fjármögnunar atvinnulífsins og þeirra lífskjara sem við viljum búa við.



**SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON** Forstjóri 365 segir vonir standa til að fólk hafi úr meiru að moða á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Áskrifendum fjölgað og stefnt að enn betri þjónustu

Hagur fólks hefur vænkast og kaupmáttur aukist á árinu sem er að líða. Verðbólga er lægri, viðskiptaafgangur og minnkandi atvinnuleysi. Vaxtalækkun, minni verðbólga og skuldaleiðréttingar munu vonandi tryggja að við höfum úr meiru að moða á komandi ári. Horfa þarf til þess hvað hefur skapað árangurinn svo áfram megi tryggja jákvæða þróun. Aðalútflutningsgreinar okkar hafa dafnað og stefnir í að gjaldeyrisskapandi greinar eflist enn frekar. Íslensk heimili og fyrirtæki greiða hins vegar of háa vexti sem dregur mátt úr atvinnulífinu og heimilunum.

Fjárlög ríkisins fyrir 2015 eru vísbending um metnaðar- og agaleysi. Útgjöld hafa aukist um 90 milljarða frá 2012. Lítils háttar afgangur dugar ekki þegar takast þarf á við miklar skuldir og ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar. RÚV er birtingarmynd þessa agaleysis. Stjórnendur þar virðast líta á það sem hlutverk sitt að biðja elsku mömmu um pening í stað þess að ráðast á rekstrarvandann með myndarskap. Lausatök undanfarinna ára eru verðlaunuð með auknum fjárveitingum. Getur verið að uppeldið sé ekki í lagi?

Hjá 365 höfum við einfaldað rekstur og skerpt á aðgreiningu á markaði. Rekstrarkostnaður hefur lækkað um hundruð milljóna. Hlutur kvenna meðal lykilstjórnenda hefur vaxið úr 10% í 50% og sameining við Tal mun gera 365 mögulegt að bjóða farsímaþjónustu með heimasíma og internetþjónustu. Áskrifendum hefur fjölgað um 17 prósent og hærra er stefnt með enn betri þjónustu. Á Stöð 2 maraþon getur fólk séð heilar þáttaraðir og Stöð 2 er heimili HBO. Áskrifendum stendur til boða besta afþreyingarefni sem völ er á í sjónvarpi. Samtímis hefur samkeppni frá erlendum efnisveitum aukist. Við erum vel í stakk búin til að mæta henni. En um leið þurfa stjórnvöld að hlúa að skapandi greinum í stað þess að þyngja byrðarnar t.d. með hækkun virðisaukaskatts.

Á nýju ári ætlar 365 að standa fyrir hagsmuni heimila og fyrirtækja í landinu. Við viljum að samfélagið okkar dafni. Það ætlum við að gera með öflugri fréttastofu og fjölbreyttri þáttagerð. Við munum bjóða heimilum landsins hagstæðari kjör í fjarskiptaþjónustu og framúrskarandi afþreyingu sem auglýsendur geta nýtt til að stuðla að árangri í sinni starfsemi.

Fyrir hönd 365 óska ég landsmönnum öllum gleðilegs árs.

# Spegill, spegill…

Það sem helst situr eftir á árinu eru fréttir af góðum fyrirtækjasölum, vöxtur sprotafyrirtækja var nokkuð áberandi og mörg þeirra náðu endurfjármögnun eða jafnvel góðri sölu á árinu. Jafnframt var horft á eftir íslenskum fyrirtækjum úr landi sem ekki höfðu tök á því að starfa innan hafta og sum eru enn að íhuga flutning. Þó fréttum við af hagstæðum viðsnúningi hjá nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins og má draga þá ályktun að fagleg, öguð vinnubrögð sem hluti af vönduðum stjórnarháttum, séu orðin viðtekin venja, fremur en undantekning í íslensku atvinnulífi.

### …eru enn neikvæðir

En þá að mjög afmörkuðum þætti stjórnarháttanna sem tengjast fjölbreytni og kynjabreytunni. Árið 2014 var fyrsta heila rekstrarár í kynjakvótaðri stjórnarsetu en lög um kynjakvóta voru sett árið 2010 og tóku gildi haustið 2013.

Ný rannsókn dr. Auðar Örnu Arnardóttur, lektors við HR, og dr. Þrastar Olafs Sigurjónssonar, dósents við viðskiptadeild HR, leiðir í ljós að afstaða kvenna til löggjafarinnar um kynjakvóta er orðin jákvæðari, hefur farið úr 58 prósentum í 77 prósent. Þrátt fyrir það eru um 58 prósent karlmanna, sem gegna stjórnarstörfum, enn neikvæðir í garð laga um kynjakvóta. Afstaða ungra karlmanna hefur haldist nokkuð óbreytt frá setningu laganna, þar sem þeir telja konurnar hefta aðgengi þeirra að stjórnarstörfum.

### Verslun á frísvæðinu

Um leið og verslunarmenn fagna áherslum í fjárlagafrumvarpinu um lækkun vörugjalda, er ástæða til að vera vakandi yfir þróun verslunar hérlendis. Fjölgun ferðamanna hefur komið versluninni til góða og vonandi að þróunin verði með jákvæðum hætti. Og nú má spyrja hvort Isavia, sem rekið er af íslenska ríkinu, herði beina samkeppni við innlenda smásala eða hvort snúið verði frá þeirri þróun og fríhöfnin verði eingöngu tækifærisverslun ferðamanna. Þá geta þeir ferðamenn sem fara hér í gegn verslað, en ekki þeir sem eru á leið inn í landið. Verslanir í Leifsstöð njóta opinberrar meðgjafar í skatt- og tollleysi og geta því boðið lægra verð en verslanir sem taka á móti sömu ferðamönnunum úti um land allt. Í sumum vöruflokkum hefur fríhafnarverslun ríkisins náð allt að þriðjungi í markaðshlutdeild. Mikilvægt er að íslensk hönnun og framleiðsla á öllum sviðum fái rými og stuðning.



**HULDA BJARNADÓTTIR** Konur eiga enn undir högg að sækja í viðskiptalífinu, segir Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri FKA.

### Nýr lánaflokkur kvenna

Að mati Byggðastofnunar eru jafnréttismál í víðu samhengi meðal allra brýnustu byggðamála. Fyrirtæki í eigu kvenna eða fyrirtæki sem stýrt er af konum eru í miklum minnihluta fyrirtækja í viðskiptum við fjármálafyrirtæki, einkum á landsbyggðinni. Því setti Byggðastofnun á laggirnar sérstakan lánaflokk fyrir fyrirtækjarekstur kvenna á árinu. Þrjár ástæður hafa einkum verið nefndar til stuðnings fyrirtækjarekstri kvenna.

Í fyrsta lagi að vinnumarkaður landsbyggðanna sé mjög karllægur, í öðru lagi að karlmenn séu ráðandi í stjórnun fyrirtækja og í þriðja lagi að lánareglur henti illa þeim fyrirtækjum sem konur eiga og reka.

### Staðan er 7:3

Og betur má ef duga skal á fleiri sviðum. Samkvæmt könnun sem Creditinfo framkvæmdi fyrir FKA í lok síðasta árs kom fram að konur eru um 30% viðmælenda í innlendum fréttum ljósvakamiðla. Samfélagsmyndin með jöfnu kynjahlutfalli sést ekki í fréttatengdu efni í ljósvakamiðlum hérlendis. Í dag er því unnið með ritstjórnum og eigendum fjölmiðlafyrirtækja, félagskonum, háskólasamfélaginu og rannsóknarfyrirtækjum í því að efla ásýnd kvenna í þeirri umfjöllun.

Ætlun FKA á komandi ári er að spyrja áfram gagnrýnna spurninga og vinna að úrbótum, fræðslu og þjálfun, samhliða verkefnum og fundum sem vonandi skila sér í breyttum hugsunarhætti og vinnubrögðum.




HERRAGARÐURINN OG FLUGFÉLAG ÍSLANDS KYNNA:

## VINSÆLUSTU TENÓRAR LANDSINS SYNGJA ARÍUR OG SÖNGLÖG Á NÝJU ÁRI ÁSAMT PÍANÓLEIKARA & STRENGJASVEIT

NORÐURLJÓSUM HÖRPU 1. JANÚAR 2015, KL. 17:00

NORÐURLJÓSUM HÖRPU 2. JANÚAR 2015, KL. 17:00

HOFI AKURYRI 3. JANÚAR 2015. KL 17:00 & 20:00

MIÐASALA ER HAFIN Á HARPA.IS, HOF.IS & MIÐI.IS

ATHUGIÐ TAKMARKAÐ MAGN MIÐA – AÐEINS ÞESSIR SÝNINGADAGAR

#OPERUDRAUGARNIR / finndu Óperudrauganna á facebook.com/operudraugarnir

MARKAÐURINN | Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

# Blikur á lofti um áramót

Skjóðan



**HAGVÖXTURINN** hvarf árið 2014 ef marka má Hagstofuna. Nær enginn hagvöxtur mældist fyrstu níu mánuði ársins þrátt fyrir uppgang í sjávarútvegi og ferðaþjónustu og vá er fyrir dyrum gangi slíkar hagvaxtarmælingar eftir. Hávaxtastefna Seðlabankans virðist þannig hafa skilað þeim árangri sem búast mátti við. Mikilvægt er að vextir lækki í 2–2,5 prósent sem fyrst til að hleypa krafti í atvinnulífið.

**Á LÍÐANDI ÁRI** var almennt launafólk látið varðveita stöðugleikann með því að takmarka kauphækkanir við 2,8 prósent. Aðrir fengu meiri hækkanir og laun millistjórnenda í bönkum og fyrirtækjum hækkuðu um sem nemur heildarlaunum verkamanns milli ára. Hætta er á verkföllum verði sultarkjör launafólks ekki leiðrétt.

**VIÐ ÁRAMÓT** stendur heilbrigðiskerfið á brauðfótum. Húsakostur er hrörlegur og tæki úr sér gengin. Hætta virðist á að heilbrigðisstarfsfólk gangi út.

**VERÐLÆKKUN** á olíumörkuðum og atburðir í Rússlandi geta leitt til alþjóðlegrar efnahagskreppu. Þá kann vöxturinn í ferðaþjónustu að stöðvast – alla vega í bili. Útflutningsmarkaðir fyrir íslenskt sjávarfang eru viðkvæmir fyrir efnahagssveiflum.

**MIKILVÆGT** er að segja skilið við hrunið, gera upp slitabúin og afnema gjaldeyrishöft. Ekkert er fast í hendi en miklu skiptir að vel takist til. Mistök geta valdið gengishruni og verðbólguskriðu sem fyrirtæki og heimili þola vart.

**MIKILSVERÐ TÍÐINDI** hafa orðið í verðtryggingarmálum á árinu 2014. Sem oft áður er neytendaverndin frá Evrópu runnin en ekki undan rifjum íslenskra stjórnvalda. Vænta má niðurstöðu íslenskra dómstóla um þessi mál árið 2015.

**HÆSTIRÉTTUR** felldi í byrjun desember áfellisdóm yfir sérstökum saksóknara og héraðsdómara sem hafði sakfellt sakborning á grunni ákæru, sem Hæstiréttur sagði ekki studda af gögnum máls. Vísaði Hæstiréttur málinu frá héraðsdómi. Fyrir jól sýknaði héraðsdómur í tveimur málum með svipaðri röksemdafærslu og Hæstiréttur hafði beitt nokkrum dögum fyrr. Æðsti dómstóll þjóðarinnar hefur nú talað og héraðsdómarar virðast leggja við hlustir. Ríkið hefur nú þurft að greiða 240 milljónir í málskostnað fyrir þá sem sérstakur saksóknari hefur ráðist til atlögu gegn fyrir áeggjan fjármálafyrirtækja. Árið 2015 getur orðið enn verra fyrir sérstakan saksóknara en 2014.

# STJÓRNARMAÐURINN

## Nú árið er (næstum) liðið

Stjórnarmaðurinn er ekki mikill áhugamaður um áramótauppgjör, en ætlar þó að láta tilleiðast þetta árið.

**JÁKVÆÐUSTU TÍÐINDI ÁRSINS**

**1.** Aukin tiltrú á íslenskt efnahagslíf. Þrátt fyrir að mörgu leyti furðulegt rekstrarumhverfi var þetta árið þar sem Qlik keypti Datamarket. Innkoma erlendra aðila á borð við CostCo og tíðindi af löglegri Netflix-þjónustu benda einnig til að hér séu hlutirnir ekki jafn slæmir og sumir halda fram.

**2.** Ferðaþjónustan. Heimilin og fyrirtækin fara ekki varhluta af þeim tæplega milljón gestum sem hingað koma, og er óhætt að segja að til sé á Íslandi fjöldinn allur af stöndugum fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Nægir þar að nefna gamla kunningja eins og Icelandair og 66°N en einnig nýrri á borð við bændagistingu og hipstera úr 101 sem leigja miðbæjarholur gegnum AirBnB.

**NEIKVÆÐUSTU TÍÐINDI ÁRSINS**

**1.** Skuldaleiðréttingin. Óskynsamleg, retróspektív og popúlísk aðgerð sem nýtist sumum en var fjármögnuð af öllum. Skapaði óvissu og eftirvæntingu, þegar staðfestu og stöðugleika var þörf.

**2.** Nýju fötin saksóknarans. Svo virðist sem of hátt hafi verið reitt til höggs í hrunmálunum, þar sem hver sýknudómurinn hefur rekið annan – nú síðast í svokölluðu Milestone-máli. Einnig hefur verktaka hjá saksóknaranum vakið undran, enda greiðslur til ríkisstarfsmanna í fullu starfi í meira lagi ríflegar. Áhugavert verður að fylgjast með þróun í máli Vincents Tchenguiz gegn Kaupþingi o.fl. en mál manna er að í því kunni að leynast gögn sem sýni vinnubrögð íslenskra ákæruyfirvalda í vafasömu ljósi. Stundum þarf sannleikurinn að koma að utan.

**ÞAÐ SEM STJÓRNARMAÐURINN VILL SJÁ GERAST Á NÝJU ÁRI**

**1.** Afnám gjaldeyrishafta. Einungis með því að minnast á orðið „gjaldeyrishöft“ fá erlendir fjárfestar fyrir hjartað. Afnám haftanna er því nauðsynlegt skref. Til að svo megi verða þarf hugrakka stjórnmálamenn. Vonandi eigum við slíka hauka í horni.

**2.** Tíðindi berist af skiptum bankabúanna. Fyrst hægt var að ljúka skiptum á Lehman Brothers á skikkanlegum tíma, hlýtur að mega spýta í lófana. Heiðar Már er a.m.k. orðinn óþolinmóður og hefur farið fram á gjaldþrotaskipti yfir Glitni. Ágæt byrjun væri t.d. ef Kaupþing hæfi eignasölu, en bankinn hefur ekki selt eign í Bretlandi síðan snemma árs 2011!

**3.** Bætt umhverfi fyrir frumkvöðla. Á Íslandi eru gjaldeyrishöft, hér kostar 630 þúsund að stofna einkahlutafélag (200 krónur í Bretlandi) og engar skattaívilnanir eru í boði fyrir sprotafjárfesta. Þessu, og öðru í sama dúr, þarf að breyta.

@stjornarmadur





FARSÆLT KOMANDI ÁR

Við áramót óskum við hvert öðru farsældar á komandi ári. En hvernig lítur árið 2014 út þegar við horfum um öxl?

Verðbólgan hefur ekki verið minni í 60 ár, kaupmáttur óx um meira en 5% og vextir fara lækkandi. Árið 2014 var farsælla, bæði fyrir þjóðarbúið og heimilin, en flestir þorðu að vona.

Það dylst engum að krefjandi verkefni bíða nýs árs. Vonandi berum við gæfu til að læra af reynslunni og sameinast um skynsamlegar lausnir með stöðugleika að leiðarljósi. Með samstilltu átaki verður 2015 það farsæla komandi ár sem við óskum okkur öll.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS BORGARTÚNI 35 REYKJAVÍK WWW.SA.IS

SA

# ÁRSINS

4BLS KIPPA ÚT :)

## RSLUN LANDSINS HALLARMÚLA OG UNDIRHLÍÐ AKUREYRI

ALLT AÐ 70 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ Á APPLE

ÖFLUG SKOTKAKKA FYLGIR ÖLLUM MacBook FARTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

ÞÚ FÆRÐ MACBOOK Á BETRA VERÐI MEÐ ÍSLENSKUM LETUR LÍMMIÐUM

### MacBookPro

### 15" RETINA 256GB

- Intel Core i7 Quad Core 3.4GHz Turbo
- 16GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCIe Flash - 60% hraðari
- 15.4" IPS Retina 2880x1800 skjár
- Intel Iris Pro Graphics og HDMI tengi
- AC WiFi, BT4.0, USB 3.0, Thunderbolt 2
- Apple OS X Mavericks stýrikerfi

**299.900**

ALGENGT VERÐ 369.990

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TOSHIBA TÖLVUM

L50-B-15U

TOSHIBA

### L50

- Intel Core i5-4200U 2.6GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" FULL HD 1920x1080 IPS skjár
- 2GB AMD R7 M260 DX11 leikjaskjákort
- 900Mbps WiFi AC, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 6 tímar
- Innbyggð 720p HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**119.900**

VERÐ ÁÐUR 139.900

ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ACER FARTÖLVUM

RISA FLUGELDAPAKKI FYLGIR NÝJUSTU ACER FARTÖLVUNUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ

4 SPEAKERS

MIMO

acer

NITRO

### VN7-571G

### DRAUMAFARTÖLVA FRÁ ACER

Örþunn og glæsileg fartölva úr úrvalsdeild Acer með Soft-touch metal finish, Full HD IPS skjá, öflugu leikjaskjákorti og Dolby 4.0 hljóðkerfi.

- Intel Core i5-4210U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 12GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FULL HD 1920x1080 IPS skjár
- 4GB GeForce GTX850M leikjaskjákort
- 4.0 Dolby Digital Plus Surround hljóðkerfi
- 300Mbps WiFi 2x2 MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**159.900**

VERÐ ÁÐUR 179.900

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF HLJÓÐKERFUM ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

RMS 60W HLJÓÐKERFI

### LAUT

### HÁGÆÐA 2.1 HLJÓÐKERFI

Glæsilegt og öflugt 2.1 hljóðkerfi samsett úr handvöldum hlutum með Lignin Polymer 6.5" bassakeilu og hárnákvæmum tweeterum sem skila afburða hljómgæðum.

- Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
- 2.1 60W RMS, 40Hz - 20kHz tíðnissvið
- Öflug 6.5" segulvarin bassakeila
- Jafn og góður hljómur yfir allt tíðnissviðið
- 2xRCA stereo hljóð inngangar
- Hægt að stilla til Bass&Treble
- Frábært fyrir tónlist, leiki & kvikmyndir
- Falleg hönnun og ótrúleg hljómgæði

THONET & VANDER state.of.the.art.sound

**9.950**

VERÐ ÁÐUR 19.900

33% AFSLÁTTUR

1 STK Á MANN MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

McAfee An Intel Company

### McAfee

### INTERNET SECURITY

- Öryggisvörn og öflug vírusleitarvél
- PC tune-up hraðar vinnslu stýrikerfis
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangsstýring barna á netinu
- Örugg gagnaeyðing á viðkvæmum skjölum
- Öflugur eldveggur ver heimanet

**1.990**

VERÐ ÁÐUR 2.990

8GB USB2 MINNISLYKLAR Á VERÐI FRÁ 375

64GB USB2 MINNISLYKLAR Á VERÐI FRÁ 6.390

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNISLYKLUM

16GB USB2 MINNISLYKLAR Á VERÐI FRÁ 995

32GB USB2 MINNISLYKLAR Á VERÐI FRÁ 1995

**ALLT AÐ 75%**

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS!

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKJÁVÖRPUM

## SKJÁVARPAR

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## VINNSLUMINNI

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

## FARTÖLVUTÖSKUR

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNISKORTUM

## MINNISKORT

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

## ÚRVAL FLAKKARA

1 STK Á MANN AÐEINS 50 STK Í BOÐI

TURN TURNKASSI MEÐ 450W AFLGJAFA 2.990

## TURNKASSAR

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI

## TÖLVULEIKJA FATNAÐUR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

## USB GLINGUR

GIGABYTE BenQ TÖLVUTEK

# ÚTSÖLUMARKAÐUR

## ÚTSÖLUMARKAÐUR AÐEINS Í HALLARMÚLA • ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!

### EXTENSA

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
AÐEINS 40 STK ÚTLITSGALLAÐAR UMBÚÐIR
EX2509

- Intel Dual Core N2830 2.41GHz Burst
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB Intel HD Graphics skjákjarni
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 7 tímar
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**39.900**
VERÐ ÁÐUR 49.900

### YOGA2

ALLT AÐ 30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF LENOVO FARTÖLVUM
AÐEINS 10 STYKKI
59402189

- Intel Core i5-4200U 2.6GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD diskur með 8GB flýtiminni
- 13.3" FULL HD IPS LED fjölsnertiskjár
- 1GB Intel HD 4400 DX11 skjákjarni
- AccuType lyklaborð með baklýsingu
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 8 tímar
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**129.900**
VERÐ ÁÐUR 149.900

### RÝMING
#### B-VÖRU SPJALDTÖLVUR

ALLT AÐ 80 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF B-VÖRU SPJALDTÖLVUM
AÐEINS 50 STK
BESTU KAUPIN 9" SPJALDTÖLVA MEÐ DUAL CORE ÖRGJÖRVA 11.920

Meðan birgðir endast erum við að rýma sýningareintök, útlitsgallaðar og B-vöru spjaldtölvur á ótrúlegu verði.

- 7" Quad Core með 2xmyndavélar, kr. 4.475
- 7" Dual Core, högghlíf og heyrnartól, kr. 8.450
- 7" Onyx með 3G, GPS og bílfesting, kr. 9.950
- 8" Glæsileg hvít með 2xmyndavélar, kr. 9.950
- 9" Vinsælar Dual Core spjaldtölvur, kr. 11.920
- 10" HD IPS öflug og flott spjaldtölva, kr. 9.950
- 8" Acer með Windows og Office, kr. 19.900
- 10" Acer m/Windows og lyklaborðsdokku, kr. 55.930
- 10,6" Microsoft Surface Pro 128GB, kr. 119.900

**FRÁ 4.475**
ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

### RÝMING
#### B-VÖRU FARTÖLVUR

ALLT AÐ 80 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF B-VÖRU FARTÖLVUM
AÐEINS 100 STK

Meðan birgðir endast erum við að rýma síðustu eintök, sýningarvélar, útlitsgallaðar og B-vöru fartölvur en hér er aðeins brot af úrvalinu:)

- 15.6" Dual Core með 500GB disk, kr. 34.900
- 15.6" Skólavélar með 6GB minni, kr. 44.900
- 17.3" Hvít Dual Core Toshiba fartölva, kr. 49.900
- 15.6" Öflug Intel i5 Lenovo fartölva, kr. 79.900
- 15.6" Fjögra kjarna lúxusfartölvur, kr. 89.900
- 14" Snertiskjár og leikjaskjákort, kr. 94.900
- 15.6" Leikjavél, Intel i7, leikjaskjákort, kr. 99.900
- 17.3" Full HD IPS, i5 og leikjaskjákort, kr. 129.900
- 15,6" Öflug draumavél með snertiskjá, kr. 149.900

**FRÁ 34.900**
ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

### SKJÁIR
#### B-VÖRU SKJÁIR

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

- 20" LED skjár frá BenQ kr. 14.900
- 24" Örþunnur VA-LED skjár, kr. 27.920
- 27" VA-LED skjár með HDMI, kr. 27.920
- 24" VA-LED fyrirtækjaskjár, kr. 34.930
- 24" 3D 144Hz leikjaskjár, kr. 41.930
- 23" IPS snertiskjár frá Acer, kr. 48.930
- 27" QHD 2560x1440 skjár, kr. 55.930

**FRÁ 14.900**
RÝMINGARSALA!

### HÁTALARAR
#### B-VÖRU HÁTALARAR

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

- Frábærir stereo 2.0 USB hátalarar, kr. 750
- Flottir 2.1 hátalarar með bassaboxi, kr. 2.495
- Þráðlausir Bluetooth hátalarar, kr. 3.995
- Öflugir og flottir 2.1 hátalarar, kr 4.990
- Glæsilegt og öflugt 2.1 hljóðkerfi, kr. 5.950
- Lúxus 60W RMS 2.1 hljóðkerfi, kr. 7.960
- 120W RMS draumahljóðkerfi, kr. 24.950

**FRÁ 750**
RÝMINGARSALA!

### TURNTÖLVUR

VERÐ FRÁ 39.900 SÝNINGARTÖLVUR Á RÝMINGARVERÐI
ALLT AÐ 30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF B-VÖRU TURNUM

### GLITTER FILMUR

VERÐ FRÁ 100kr. IPHONE OG IPAD GLITTER FILMUR

### ÖRGJÖRVAR & MÓÐURBORÐ

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF ÖRGJÖRVUM, MÓÐURBORÐUM OG KÆLINGUM

### TURNKASSAR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR SÝNINGAREINTÖK OG OPNAR PAKKNINGAR

### UPPLÝST NEON MÚS

75% AFSLÁTTUR VERÐ NÚ 750kr.
AÐEINS 80 STK VERÐ ÁÐUR 2.990

### HARÐDISKAR

HARÐIR DISKAR REFURBISHED FRÁ FRAMLEIÐANDA ALLT AÐ 3TB
40% AFSLÁTTUR VERÐ FRÁ 4.580

### HEYRNARTÓL MEÐ MIC

AÐEINS 500 KRÓNUR!
AÐEINS 27 STK Í BOÐI

### KAPLAR

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR SÍÐUSTU EINTÖK OG NOTAÐIR

### OPNUNARTÍMAR

| | |
|---|---|
| LAUGARDAG | 12:00 - 19:00 |
| SUNNUDAG | 12:00 - 19:00 |
| MÁNUDAG | 12:00 - 19:00 |
| ÞRIÐJUDAG | 12:00 - 19:00 |
| GAMLÁRSDAG | 10:00 - 13:00 |

LOKAÐ 1.JAN 2015
OPNUM AFTUR 2. JAN KL 12:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**VOFF.IS - NÝ HVOLPASÍÐA**
www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvolpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvolpa. Leitaðu þér nánari upplýsinga á www.hrfi.is og www.voff.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 777 1315**
**leiga@leiguherbergi.is**

3 herb. 90fm íbúð í kj á góðum stað í 104 rvk til langtímaleigu frá 1.jan, Verð 180 þús á mán. trygg 1.mán. uppl í 8465237

## Húsnæði óskast

Vantar góðan vinnuskúr uppl. síma 8603132.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR Á LAUGAVEGI 27**
óskar eftir vakstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar og talar íslensku. Okkur vantar líka 1-2 starfsmenn með reynslu af matreiðslu og tala íslensku.
Möguleiki á 100% vinnu.
Umsóknarfrestur er til 3 januar.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Umsóknir berist til 10dropar@gmail.com**



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


# TILKYNNINGAR

## Einkamál


Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur o live spjall
908-6000 • 535-9999

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.


## skemmtanir



BOLTINN Í BEINNI
Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"
LEIKIR HELGARINNAR
Sunnudagur 27. des
11:50 Tottenham - Man. United
13:55 Southampton - Chelsea
14:50 Man.City - Burnley
16:05 Newca.United - Everton
HLJÓMSVEITIN KLETTAR

RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILBERGS, SIGGI ÁRNA OG BJÖRGVIN GÍSLA SPILA UM HELGINA.
Allir velkomnir
http://www.facebook.com/cafecatalina
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd og umönnun

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



## KONUNGUR FÉLL FRÁ

**Oscar de la Renta** dó á árinu, 82 ára að aldri. Hönnuðurinn var frægur fyrir íburðarmikla kjólahönnun. Honum skaut upp á stjörnuhimininn þegar Jacqueline Kennedy, þáverandi forsetafrú Bandaríkjanna, klæddist hönnun hans en Oscar de la Renta var í miklu uppáhaldi hjá stjörnum jafnt og kóngafólki.



## KOMU OG FÓRU





Eins og gengur og gerist voru einnig sviptingar í tískuheiminum á árinu. Þar bar hæst að hið franska og fornfræga tískuhús ***Louis Vuitton*** fékk nýjan skipstjóra, **Nicholas Gesquiére** tók við af ***Marc Jacobs*** við góðar undirtektir. Þá fékk nýi Íslandsvinurinn **John Galliano** nýja vinnu eftir að hann var rekinn frá ***Christian Dior*** árið 2011. Galliano frumsýnir nýja línu sína fyrir ***Maison Martin Margiela*** í janúar og er mikil eftirvænting fyrir endurkomu hans í tískuheiminn. Annar sem sló í gegn í nýju hlutverki á árinu var **Jeremy Scott** fyrir ***Moschino*** en hann þykir færa merkinu ferskan blæ – til dæmis kom hann skyndibitakeðjum aftur á tískuradarinn í nafni Moschino.

## KIMYE Á FORSÍÐU VOGUE

Það varð uppi fótur og fit þegar forsíða aprílheftis ameríska Vogue lak út en hana prýddu hjónin **Kim Kardashian** og rapparinn **Kanye West**. Mörgum fannst forsíðan ósmekkleg og fyrir neðan virðingu Vogue, en forsíðumynd hjá þeim þykir með eftirsóttari fjölmiðlaplássum. Nokkrum mánuðum síðar talaði ritstýran, **Anna Wintour**, um umdeildu forsíðuna í viðtali þar sem hún sagði eftirfarandi: „Ég held að ef við værum alltaf smekkleg og settum bara smekklegt fólk á forsíðuna þá yrðum við frekar leiðinlegt tímarit! Enginn myndi tala um okkur. Það er mjög mikilvægt að fólk tali um okkur.“



# TÍSKUÁRIÐ 2014

# NORMCORE OG HVÍTIR SKÓR

Tískan á árinu sem er að renna sitt skeið var fjölbreytt að venju. Hönnuðir flökkuðu milli tískuhúsa, raunveruleikastjarna átti tískupallana en þangað rötuðu líka skyndibitakeðjur og hinn venjulegi klæðaburður fékk uppreist æru. Farið er yfir hvað bar hæst á tískuárinu sem leið.









## #NORMCORE

Þessi bylgja fór að gera vart við sig snemmsumars. Sumir vilja kenna þessa tískustefnu við vinsældir hljómsveitarinnar Future Island, en söngvari sveitarinnar, **Samuel T. Herring,** smellpassar inn í stefnuna sem snýst í raun um að klæða sig á eins óeftirtektarverðan hátt og hugsast getur. Stílistar, bloggarar og fleiri tískutappar tóku þessari stefnu fagnandi og klæddust smekkbuxum, skyrtum hnepptum upp í háls og sniðlausum flíkum á árinu. Eitt afsprengi þessarar stefnu er vinsældir hvítu klassísku ***Stan Smith***-strigaskónna frá ***Adidas*** og ***Birkenstock***-inniskónna sem voru skór sumarsins 2014 ef litið er yfir götutískumyndir ársins. Spurning hvort þessi venjulega tíska haldi áfram 2015?





## ÁTTI TÍSKUPALLANA

Það var engin önnur er litla systir Kardashian-systranna, **Kendall Jenner**, sem kom öllum á óvart og átti tískupallana á tískuvikunum á árinu. Á stuttum tíma hefur Jenner skapað sér flottan feril sem fyrirsæta meðal þeirra bestu. Stúlkan sem hóf feril sinn fyrir fjórum árinu í Teen Vogue þrammar nú tískupalla fyrir merki eins og ***Chanel, Givenchy, Marc Jacobs, Diane von Furstenberg*** og ***Dolce & Gabbana***. Í nóvember tilkynnti hún svo aðdáendum sínum, sem skipta tugum þúsunda, í gegnum Instagram að hún væri nýtt andlit Estée Lauder-merkisins.





## DROTTNING RAUÐA DREGILSINS



Hin unga leikkona **Lupita Nyong’o** stal senunni í hvert sinn sem hún mætti á rauða dregilinn á árinu en kjólaval hennar var óaðfinnanlegt. Sá sem stóð upp úr var ***Prada***-kjóllinn sem leikkonan klæddist á Óskarsverðlaunahátíðinni í sérstökum Naíróbí-bláum lit en hún toppaði alla lista yfir best klæddu konur kvöldsins. Nyong’o var andlit ***Miu Miu***-herferðarinnar í byrjun árs, hún prýddi forsíðu júlíheftis ameríska Vogue (önnur afríska konan í sögunni) og er nýtt andlit ***Lancôme***-snyrtivörurisans.

**Álfrún Pálsdóttir**
alfrun@frettabladid.is

# Jól með
# SCHOLA CANTORUM

Sunnudaginn 28. desember 2014 kl. 17:00
í Hallgrímskirkju



Á efnisskránni eru verk eftir Áskel Jónsson, Hörð Áskelsson, Sigvalda Kaldalóns, Ó helga nótt eftir Adams, frumflutningur á jólalögum eftir Hafliða Hallgrímsson o.fl.

**Miðaverð 3.500 kr. / 2.500 kr.**

Einsöngvarar úr röðum kórfélaga: **Fjölnir Ólafsson**, **Hildigunnur Einarsdóttir** og **Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir**

Orgel: **Björn Steinar Sólbergsson** / Stjórnandi: **Hörður Áskelsson**



## Hátíðarhljómar við áramót

### 31. desember Gamlársdagur

**17.00 Hátíðarhljómar við áramót**

**Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur.**

Trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Hörður Áskelsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir Vivaldi, Purcell, Bach og Albinoni. Áramótastemmningin byrjar með hátíðarhljómum þeirra félaga, enda njóta þessir tónleikar gríðarlegra vinsælda og hafa þeir leikið fyrir fullu húsi á gamlárskvöld allt frá vígslu Klaisorgelsins 1992!

Miðaverð 3.500 / 2.500 kr.





Reykjavíkurborg
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Gunnar Eggertsson
Embassy of the Federal Republic of Germany Reykjavík

Miðasala í Hallgrímskirkju, s. 510 1000 og á midi.is.
scholacantorum.is / listvinafelag.is

# SMÁRÍKIÐ SEM VARÐ STÓRVELDI SEM VARÐ SMÁRÍKI

**PÓLLAND-LITHÁEN 1619** Hvítu línurnar sýna útlínur núverandi ríkja




FLÆKJUSAGA



**Illugi Jökulsson** fór í heimsókn til Vilníus, höfuðborgar Litháens, og fann þar fyrir miklum flækjusögum, enda saga landsins óvenjuleg í meira lagi.

Laust fyrir miðjan desember fór ég í nokkurra daga heimsókn til Vilníus, höfuðborgar Litháens, að horfa á leikhús og halda upp á afmæli. Litháar eru af einhverjum ástæðum sem enginn kann að skýra í fremstu röð í heiminum í leikhúslífi, við Íslendingar höfum fengið smjörþefinn af því með sýningum litháíska leikstjórans Rimas Tuminas sem setti upp einar fimm sýningar í Þjóðleikhúsinu kringum aldamótin síðustu.

Á öðrum sviðum er Litháen svo sem ekki í fremstu röð, enda landið lítið og fámennt – þar búa rétt tæplega þrjár milljónir manna sem þýðir að Litháar eru í 35. sæti yfir þjóðir Evrópu. Að stærð er Litháen ögn ofar á lista en þó bara í 27. sæti, landið er ekki tveir þriðju af stærð Íslands, svo dæmi sé tekið. Þar sem ég sprangaði um götur Vilníus fór ekki hjá því að ég fyndi hve Litháar hafa miklar áhyggjur af smæð landsins, nú ríkir þar nefnilega mikill ótti við Rússa, landsmenn telja að í grimmri örvæntingu sinni yfir fallandi veraldargengi gæti Vladimír Pútín átt það til að reyna að gleðja landa sína með því að slá um sig í vestri, og víst er að hinn fámenni litháíski her yrði honum auðveld bráð ef Litháar hefðu ekki stigið það mikilvæga skref að ganga í NATO árið 2004. Og Litháar mega ekki til þess hugsa að lenda aftur á rússnesku yfirráðasvæði, þeir tóku sér sjálfstæði árið 1991 eftir að hafa verið undir rússneskum járnhæl öldum saman og bæði keisarar og seinna kommúnistar gerðu sitt ýtrasta til að bæla niður sjálft þjóðerni Litháa og gera úr þeim Rússa. Þegar ég var þarna á ferð höfðu Litháar kallað út sinn litla her til að sýna Pútín að þeir myndu berjast fram í rauðan dauðann ef hann sendi skriðdreka sína af stað. Sem betur fer er líklega lítil raunveruleg hætta á því og Litháar geta því aftur farið að helga sig hinu helsta áhyggjuefni sínu, sem er hvernig stendur á því að nágrannar þeirra bæði Lettar og Eistar hafa unnið Eurovision en þeir ekki.

Nú skildist mér að þeir ætluðu að gera úrslitatilraun til að vinna!

### Tvískinnungur í sögunni

Auðvitað á maður ekki að fella dóma um fólk og hvað þá þjóðir eftir aðeins nokkurra daga kynni. En þessa daga í desember sýndust mér Litháar allt í senn prúðir, kurteisir og viðkunnanlegir; þeir voru ekki uppáþrengjandi, því hvernig mætti örlítil þjóð sem lengi hefur verið verið pínd af stórveldi vera uppáþrengjandi og oflætisfull? Hún lærir að lifa af og fara sínar eigin leiðir ekki með gassagangi.

En Litháar leyna raunar á sér. Þessi litla þjóð í þessu litla landi (þótt Litháar sjálfir séu raunar áberandi hávaxið fólk í holdinu), hún réð einu sinni yfir stærsta ríki Evrópu og stýrði þá öðrum þjóðum, þar á meðal stórum hópum Rússa, af sama þrótti og Rússar stýrðu þeim seinna – en vissulega þó ekki af þeirri sömu hörku og Rússar sýndu þeim. Það ríkir sem sé afar undarlegur tvískinnungur í litháískri sögu – Litháen er smáríkið sem varð stórveldi sem varð aftur smáríki. Og fyrir þessum flækjum þóttist ég finna þar sem ég gekk um götur í smáborginni Vilníus sem ef til vill kannski hefði hugsanlega og mögulega getað orðið ein af stórborgum heimsins.

### Þjóðverjar stunda trúboð

Litháar eru ein hinna svokölluðu baltnesku þjóða sem voru komnar til sögu í Eystrasaltslöndunum kringum Krists burð; tungumálið er þó talið eiga sér töluvert eldri rót. Baltnesku málin eru skyld hinum slavnesku en aðskilnaður átti sér stað aftur í grárri forneskju og fátt þykir nú líkt með þeim. Meðan Germanir og síðan Slavar og loks víkingar fóru að mestu framhjá Eystrasaltslöndunum í sínu veraldarvafstri bjuggu Litháar nokkuð einangraðir í smáhópum í sínum þéttu skógum en um árið 1000 fer að spyrjast til ríkjamyndunar á svæðinu. Það ríki var ekki burðugt fyrstu áratugina og aldirnar; Litháar voru lengi skattskyldir fyrst Dönum en síðan Kænugarðsmönnum, þeim sem við myndum nú kalla Úkraínumenn. Í Kíev eða Kænugarði var risið úkraínskt stórveldi og eitt mesta ríki Evrópu á 11tu öld, þá var hin rússneska Moskva ekki annað en fáfengilegt smáfurstadæmi. Og Úkraínumenn höfðu um stund ráð Litháa í hendi sér.

Laust fyrir 1200 voru Litháar hins vegar farnir að eflast verulega og í skógunum var komið til sögunnar feikisterkt riddaralið sem ekki var lamb að leika sér við, jafnvel ekki fyrir hina öflugustu nágranna. Eftir að Mongólar komu svo að austan og knésettu Kænugarðsmenn um 1240 fóru Litháar að teygja áhrif sín í austur og suður inn á úkraínsku slétturnar. Í vestri höfðu þá dúkkað upp nýir og hættulegir óvinir, þýskar riddarareglur herskárra bráðdrepandi munka sem höfðu á endanum lagt undir sig Eistland og Lettland og vildu nú Litháen líka, og tókust þungbrynjaðir riddarar á stórum stríðsfákum á í skógunum næstu áratugina. Þjóðverjar töldu sig stunda trúboð ekki síður en landvinninga, það merkilega við Litháa var nefnilega að þeir voru enn heiðnir, sem kallað var, því þeir höfðu ekki undirgengist kristindóminn einir þjóða í Evrópu fyrir utan samískar þjóðir lengst í norðri. Í birkiskógunum þéttu voru gamlir frjósemisguðir enn við hestaheilsu og kunnastur þeirra þrumuguðinn Perkūnas sem gerði vilja Dievas æðstaguðs. Með þá félaga sér til aðstoðar þurftu Litháar ekki á Kristi að halda og voru þó ekki verra fólk en hverjir aðrir.

Alveg óvænt fór nú í hönd stórveldistími fyrir Litháa þótt fáir væru. Árin 1316-1341 réð þar ríkjum Gediminas nokkur sem kallaðist stórhertogi og stofnaði höfuðborgina Vilníus, Algirdas sonur hans lagði undir sig Kænugarð 1362 og virtist á góðri leið með að hirða hina vaxandi Moskvuborg líka þótt hann léti að endingu staðar numið skammt frá borginni eftir að hafa sest um hana tvisvar. Á hans dögum var Litháen líklega orðið víðlendasta ríki Evrópu þótt Litháar sjálfir væru ekki nema brot þeirra slavnesku þegna sem þeir réðu í austri og suðri. Jogaíla sonur Algirdasar treysti svo Litháa enn í sessi þegar hann steig það óvænta skref 1386 að verða konungur Póllands.

### Varla þverfótað fyrir kirkjum

Pólland hafði verið að eflast síðustu aldirnar en nú vildi svo til að konungslaust var í landinu. Landsmenn höfðu á stundum verið í nánu sambandi við Ungverja og því völdu pólskir aðalsmenn Jadwígu hina tíu ára dóttur Ungverjakóngs í hásætið og þegar hún var tólf ára var henni valinn að eiginmanni Jogaíla stórhertogi Litháens. Er þau gengu í hjónaband var hann 26 ára en hún 12 ára. Ætlun Pólverja var fyrst og fremst að fá sterka bandamenn gegn þýsku riddaramunkunum sem herjað höfðu á lendur þeirra ekki síður en Litháens, þótt Pólverjar hefðu tekið kristni þegar um árið 1000. Jogaíla þurfti að kosta því til að taka kristni ásamt sinni þjóð, svo hann fengi sest í hásætið við hlið hinnar barnungu Jadwígu. Að sönnu voru Litháar sagðir blóta í laumi lengi eftir að þeir voru opinberlega orðnir kristnir, áfram var heitið á Perkūnas til mannrauna í áratugi eða jafnvel aldir, en eftir að kristindómurinn festi loks sæmilegar rætur gerðust Litháar hins vegar jafn kaþólskir og þeir höfðu verið heiðnir áður, að minnsta kosti opinberlega. Þegar ég gekk um Vilníus um daginn var varla þverfótað fyrir kirkjum og það voru heldur engar smákirkjur, heldur stórar höfuðkirkjur hver á fætur annarri, oft ekki nema svona 50 metrar á milli þeirra. Kristindómur Litháa kom ekki í veg fyrir að þeir héldu áfram að elda grátt silfur við þýsku riddaramunkana, tevtónsku riddarana, sem svo kölluðust núorðið, en enduðu loks með því að nefnast Prússar.



**RIDDARAR** Það var svolítill Indíánabragur á litháísku riddurunum og dátunum með fjaðraskrautið sitt.

Frá og með valdatíð Jogaíla og Jadwígu voru Pólland og Litháen nátengd. Frá miðri 15. öld var litið á þau sem bandalagsríki tveggja þjóða með sameiginlegan þjóðhöfðingja. Litháar lögðu alltaf mikla áherslu á að þeir væru í alla staði jafnokar Pólverja í ríkinu, enda voru það þeir sem höfðu náð mestöllum lendum hins sameiginlega ríkis í austri og suðri – einu sinni náðu þeir allt til Svartahafs. En með tímanum fór litháíski aðallinn reyndar að taka upp pólska siði og pólska tungu í vaxandi mæli, ástæðan var einfaldlega sú að Pólverjar voru mun fjölmennari en Litháar og hlutu því að verða ráðandi er fram liðu stundir. En lengst af gættu Litháar sjálfstæðis síns og litháísk alþýða blandaði aldrei um of geði við hina pólsku. Árið 1569 voru ríkin formlega sameinuð þótt enn væri kveðið á um að þjóðirnar tvær væru sjálfstæðar, þetta skref töldu Litháar sig verða að stíga til að sporna við uppgangi hættulegs granna í austri.

### Framtíðin virtist björt

Það voru Rússar. Það hafði tekið Rússa margar aldir að ná sér eftir hervirki Mongóla en nú var mannfjöldinn á sléttunum eystra farinn að segja til sín. Moskva sankaði að sér æ fleiri rússneskum hertogadæmum og gerði að sínum. Árið 1547 tók stórhertoginn Ívan grimmi sér keisaranafn og þótti skima skörpum augum á sérhverja landspildu utan landamerkja sinna, rétt eins og Pútín gerir núna. Athyglisvert er að í Póllandi-Litháen voru um tíma uppi hugmyndir um að koma á nánu bandalagi við Rússa og Ívani grimma var til dæmis gert ljóst að því yrði vel tekið ef hann sæktist eftir krúnunni í sambandsríkinu í vestri. En Ívan hafnaði því, þar sem hann var of stoltur til að biðja um konungstign, hann vildi láta ganga bónarveg að sér. Og svo mun honum ekki hafa litist á þá bliku að skilyrði fyrir sameiningu Rússlands og Póllands-Litháens væri að það síðarnefnda fengi að halda trúfrelsi sínu. Meira andans frelsi, þar á meðal trúfrelsi, þótti nefnilega einkenna Pólland-Litháen en flest önnur Evrópulönd um þær mundir, og frelsi hefur sjaldan verið sérstakt áhugamál Kremlarherra, hvaða hugmyndafræði sem þeir þykjast annars aðhyllast.

Ekki kom að sinni til stórkostlegs uppgjörs milli Rússa annars vegar og Pólverja og Litháa hins vegar. Í byrjun 17. aldar var tvíríkið upp á sitt víðáttumesta, sannkallað stórveldi, og skyggði að stærð og fólksfjölda á öll stórveldin í Vestur-Evrópu. Framtíðin virtist björt fyrir hina hávöxnu stoltaralegu Litháa. Og það sem hefði getað orðið, það er sú flókna hugsun sem maður rekst á hvarvetna á götum Vilníus. Hvernig á því stóð að þetta gríðarmikla ríki, er virtist svo öflugt, skyldi svo hrynja til grunna á fáum áratugum, og nú stendur eftir smáþjóð númer 35 í Evrópu, sú saga verður að bíða betri tíma – og nýs árs.

*Gleðilegs nýs árs!*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG LAUGARDAG 10:00-18:00

## Opnunartími í Bónus til áramóta

| | | |
|---|---|---|
| 28.des. | *Sunnudagur* | 12:00-18:00 |
| 29.des. | *Mánudagur* | 11:00-18:30 |
| 30.des. | *Þriðjudagur* | 10:00-20:00 |
| 31.des. | *Miðvikudagur* | 10:00-15:00 |

Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17 Skútuvogi 13 Sími: 527 9000

VALITOR BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

## Konráð og félagar á ferð og flugi 112

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Er það ekki enn ein stafasúpan," dæsti Róbert. „Ég skil bara ekki hvað er svona merkilegt við það að rugla stöfum fram og til baka." „Jú, það eru svo skemmtilegar þrautir," sagði Konráð glaður. „Því þegar maður er að lesa eru öllum orðunum raðað upp í beinar línur og þessvegna er svo gaman að brjóta orðin upp og raða þeim einhvernvegin öðruvísi, raða þeim í þrautir." „Stafaþraut, jáhá," rumdi í Kötu. „Og hvernig er þessi stafasúpu þraut? „Jú það á að raða þessum sjö stöfum þannig að þeir myndi eitt orð."

Getur þú hjálpað þeim að leysa þessa þraut? Klipptu út stafina eða skrifaðu þá á blað og reyndu að raða þeim upp þannig að þeir myndi eitt orð.






## Brandarar

Einu sinni var gamall, blindur maður úti að labba með pappakassa í bandi og mætti löggu.

„Fallegur hundur sem þú átt," sagði löggann, því hún hélt að maðurinn héldi að pappakassinn væri hundur.

„Sérðu ekki að þetta er pappakassi,?" spurði sá blindi.

Löggan roðnaði og rölti í burtu.

Þá sagði sá gamli: „Þarna göbbuðum við hann, Snati minn!"

Hver er munurinn á lauk og fiðlu? Það grætur enginn þegar fiðlan er skorin.

**Vinur 1.** Kötturinn minn fékk fyrstu verðlaunin á fuglasýningunni.

**Vinur 2:** Hvernig má það vera?

**Vinur 1:** Hann át fyrstuverðlaunafuglinn.

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is



**UPPRENNANDI LEIKARAR** Þeir Theodór og Ágúst Beinteinn kynntust fyrst í Óvitunum. Nú munu þeir leika bestu vini í útvarpinu.

# Leika Míó og JumJum

Ágúst Beinteinn Árnason, 13 ára, leikur Míó og Theodór Pálsson 12 ára vin hans, JúmJúm, í leikritinu Elsku Míó minn sem Útvarpsleikhúsið tekur upp í janúar.

**Þeir Ágúst Beinteinn Árnason og Theodór Pálsson voru valdir í aðalhlutverk í útvarpsleikritið Elsku Míó minn eftir leikprufur. Leikritið verður tekið upp á á næstu vikum og sent út í þremur þáttum um páskana. Hvað þurftu drengirnir að gera í prufunum? Ág.** „Við fengum textabrot sem við áttum að fara yfir heima og lesa upphátt.

**Th.** „Ég fékk mjög spennandi texta."

**Hafið þið leikið áður? Ág.** „Ég hef talsett teiknimyndir og tekið þátt í leikritum hjá Sönglist, Þjóðleikhúsinu og í Borgarleikhúsinu. Við Teddi vorum einmitt að leika saman í Óvitunum!" (gefur honum fimmu!)

**Th.** „Já, ég talaði líka fyrir lögregluhundinn Kappa í teiknimyndaseríunni Hvolpasveitinni hjá Stúdíó Sýrlandi, lék í grínþættinum Drekasvæðinu sem verður sýnt í vetur á RÚV og í nokkrum skólaleikritum."

**Hvað þarf til að vera góður að leika í útvarpi? Ág.** „Maður þarf að tala skýrt og eðlilega og lifa sig inn í karakterinn."

**Th.** „Einmitt. Leggja 100% á sig, hlusta og hafa tilfinningu fyrir textanum þannig að allt verði eins og í alvörunni."

**Þurfið þið að mæta á margar æfingar? Ág.** „Nei, við eigum að læra mest allt heima fyrir, svo verður samlestur með öllum og að lokum upptökur í janúar."

**Getið þið lýst sögunni um Míó í fáum orðum? Ág.** „Sagan fjallar um Búa Vilhelm Olsson sem býr hjá fósturforeldrum sínum Erlu og Sigsteini. Búa, eða Bússa, eins og hann er kallaður, finnst þau koma illa fram við sig. Undarlegir hlutir gerast í lífi Búa og allt í einu er hann staddur í Landinu í fjarskanum og hann heitir ekki lengur Búi heldur Míó!"

**Th.** „Þá hittir hann JúmJúm, þeir verða vinir og lenda í spennandi ævintýrum."

**Hvað er það skemmtilegasta sem þið gerið sem Ágúst og Theodór? Th.** „Mér finnst gaman að dansa, syngja, leika, gera leikmuni og skrifa handrit. Ég hef búið til margar stuttmyndir með vinum mínum. Hef líka gaman af að vera á hjólabretti, snjóbretti og skíðum."

**Ág.** „Rappa, leika og spila körfubolta. Ég hef verið að fikra mig áfram í rappi og um daginn gaf ég út mitt fyrsta rappmyndband sem hefur fengið gríðarlega góð viðbrögð!"

**Hvað langar ykkur að verða þegar þið verðið stórir? Ág.** „Leikari, rappari eða lögfræðingur. Ég lifi fyrir fjölbreytni!"

**Th.** „Leikari, ekki spurning!"


Alvöru
FLUGELDAR
...og þú heyrir, finnur og sérð svo sannarlega muninn!
ÞÚ!
ÁTT SKILIÐ ÞAÐ BESTA
TILBOÐ
14.900
Vöruauki
ÞÝÐIR AÐ ÞÚ FÆRÐ MEIRA!
XXL PAKKINN
25.900
XXL PAKKINN
Fáðu meira fyrir peninginn!
Ef þú kaupir fyrir 20.000 færðu 20% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 30.000 færðu 30% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 50.000 færðu 40% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 60.000 færðu 50% meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir 100.000 færðu 60% meiri vöru að auki!*
*Gildir LÍKA á fjölskyldupökkum og öðrum tilboðum!
7.900
3 TOMMU AÐEINS
2.900stk
39.900
29.900
MIÐNÆTURBOMBA
3.900stk
6.500
600 skota
2.200
2.600
Þrumuhólkarnir komnir aftur!
3.900stk
Opnunartími:
28. des. frá kl. 10:00 - 22:00
29. des. frá kl. 10:00 - 22:00
30. des. frá kl. 10:00 - 22:00
31. des. frá kl. 10:00 - 16:00
SÖLUSTAÐIR OKKAR ERU:
Skeifan 19 (við hliðina á Myllunni) Einar 899 6005
Lækjargata 2 (áður videóleiga) Emil / Guðni 694 4150
Bæjarlind 14-16 (verslunin Persia) Jóhann & Ragnar 690 7424
Smiðjuvegur 6 (Beint á móti Íspan) Valdís 773 3714
Kleppsvegur 152 (við hliðina á versluninni Adam og Evu) Jóhann & Ragnar 690 7424
Fitjabakki 1e Pálmi 698 3521
Vitinn, Oddeyrarbryggju (við Eimskip) Steinar 694 9021
SKOÐAÐU VIDEO AF FLUGELDUNUM Á HEIMASÍÐU OKKAR WWW.FLUGELDAR.COM

# KROSSGÁTA

## LÁRÉTT

1. Blanda hluta, er það glæpur? (8)
8. Drápum þau sem við dáðum mest (5)
11. Finn eina sem kann á hápípu fyrir nafnlausan illvirkja (9)
12. Fljót flytjum með aðskilnaði mæðra og afkvæma (8)
13. Hrikaleg örlög ævintýralegra bræðra (5)
14. Lamasteik er matur fyrir ringlaðan gullgerðarmann (9)
15. Innkaup á íslensku góðgæti getur leitt til vanstillingar í viðskiptum (8)
16. Þetta er ögrun, en ekki í réttu röðinni (5)
18. Blússa yst, þá bolur, og þar á eftir sár í kviðarholi? (10)
19. Biskup á Sturlungaöld er sniðugur uppfinningamaður undir lok þeirrar tuttugustu (7)
21. Hóa strákunum saman fyrir göngurnar (13)
26. Sé bandamennina binda fyrir nefið (9)
30. Fjanda fangið áður en róðurinn hefst (8)
31. Það sem margfróðir vita er oft búið að stroka út (9)
32. Geng til lautar að leita smáblóma, sem er rugl (6)
33. Gengur til og allt um kring og beitir ýmsum brögðum (8)
34. Með trúartáknsins makka miða ég út bráðina (9)
37. Vil að þú teljir sögur Egils og nýtir til þess réttar formúlur (12)
40. Finnum einhverjar línur áður en við æðum af stað? (8)
42. Taut trjáa mun faðma (7)
44. Töldum þörf á vinum (5)
45. Hinn hái herra býður uppá herramannsmat á Akureyri (8)
48. Fílið Ratata þótt ruglaður sé og takið upp hætti sígaunanna (11)
49. Ef þau sem lifa færðu mér hamingju (8)
50. Hjá duglegum en hættulega hjálpsömum (9)

## LÓÐRÉTT

1. Uppblásnar þakbollur þykja lostæti (9)
2. Kasta upp stigum og mælitæki (9)
3. Finn blíðan þyt handknúinna spaða (9)
4. Tel að þessi taug tali gegn Tomma (6)
5. Rannsaka hæð þessara tilteknu smokka (8)
6. Ferð knæpukúnna til útjaðranna (8)
7. Sál hinna föllnu fer slangrandi um (8)
8. Þetta eru börn, Örn, og pabbi þeirra frá Búdapest (6)
9. Kem strax heim þegar ég er búinn í nuddinu (5)
10. Römmum inn ringlaðar mæður (6)
17. Í bráðræði blásum við verstum á braut (8)
20. Háttum hérumbil í áttina (6)
21. Ef slöngur komast í skrána fer allt í uppnám (6)
22. Flaust inn í biðraðir til meistarprófs (7)
23. Hinn hnípni en guðhræddi Sódómíti fær vökva (7)
24. Finn hér einn í sekk látinn (7)
25. Mæli dýpt skógar við landamæri (8)
27. Uppruna aurbleytu má finna við hlíðarfót höfuðborgarinnar (9)
28. Sé skör með gráðu, þetta er þrepaskipt fyrirbæri (9)
29. Ill fór á bak Blesa (9)
35. Hér má sjá gulli strengda og glansandi hitagjafa (8)
36. Skínandi skotmaður? (8)
38. Sjáið ekki smáræði (7)
39. Strikin brengla trúarbrögð (7)
41. Höndlum allt sem við ekki gleymdum (6)
43. Flæmi þau frá, það er þrekraun (5)
44. Drögum upp mynd af mörkum (5)
45. Drundi þá vessi (4)
46. Fljót að fela sig (4)
47. Þetta tónverk er bara uppfyllingarefni (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**JÓHANNES ÚR KÖTLUM**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Vonarlandið** *eftir Kristínu Steinsdóttur* frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Eyjólfur Reynisson Hafnarfirði.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist heitur reitur í heimi jarðfræðinnar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 1. janúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „27. desember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.


# FÉLAGSFUNDIR VM



**Akureyri**
29. desember kl. 16:00 Fundarstaður: Strikið

**Reykjavík**
30. desember kl. 13:00 Vélstjórar á farskipum
kl. 17:00 Vélstjórar á fiskiskipum
Fundarstaður: Stórhöfði 25, 3 hæð.

**Reyðarfjörður**
3. janúar kl. 12:00 Fundarstaður: Hótel Austur

**Vestmannaeyjar**
5. janúar kl. 13:00 Fundarstaður: Alþýðuhúsið

Nánari upplýsingar á heimasíðu VM
www.vm.is

VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna - Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800

Landsfélag í vél- og málmtækni




**FLUGELDARNIR** á bak við rakettturnar liggur 1.500 ára löng saga.

# Eldgömul saga flugelda

## Byrjaði með bambus en Bretar fullkomnuðu dæmið.

Kínverjar fundu upp púðrið. Á 3. öld uppgötvuðu þeir að ef grænum bambussprotum var hent á bál sprungu þeir með látum. Eftir það varð það siður að sprengja bambus við hátíðleg tækifæri til að reka burtu illa anda.

Bretar eiga þátt í þróun rakettunnar. Breskur munkur fullkomnaði samsetningu byssupúðurs svo sprengikraftur þess jókst til muna. Þegar Henry VII gekk að eiga Elízabetu af York 1486 var fyrsta flugeldasýningin haldin á Englandi. Flugeldasérfræðingar urðu eftirsótt vinnuafl og Elísabet I skipaði sérstakan „Eldmeistara Englands“ sem sá um konunglegar flugeldasýningar.

Fram að iðnbyltingu voru flugeldar einungis með appelsínugulum eða hvítum lit. En á fjórða áratug 19. aldar fundu suður-ítalskir vísindamenn upp aðferðir til að lita flugeldasprengjur gular, rauðar, bláar og grænar. Áli var líka bætt í púðrið og brann það þá hraðar og bjartar og sprakk með hærri hvelli.

Eitt er víst. Bak við eina rakettu liggur 1.500 ára saga mistaka, sigra, tilviljana, fagurfræði og hernaðar.



**→ Þegar Henry VII gekk að eiga Elizabetu af York, 1486 var fyrsta flugeldasýningin haldin á Englandi.**

# ALLT FYRIR HÁTÍÐINA

## ÞETTA EINA SANNA!

### Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin 12 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




Gildir til 31. desember á meðan birgðir endast.



1.499kr/stk

**Ölkanna**
1770 ml



Fæst í Smárlind, Kringlu, Akureyri og Garðabæ.

**Glow glös**
Helltu í glasið og sjáðu það lýsast upp, kláraðu drykkinn og glasið hættir að lýsa.



**Steikarpottur**
3 stærðir.

**Kalkúnasprautusett**
Sprauta, suga og bursti.



**Häagen-Dazs ís**



999kr/stk
verð áður 1.299

**Ekta ítalskur Gelato**
2 l.




**Ostakörfur fyrir áramótin**
5 stærðir.



file
11.999kr/kg

lundir
13.999kr/kg

**Hreindýralundir og file**
Hreindýrakjöt er dökkt með sterku villibráðabragði. Það má segja að kjötið sé sjálfmarinerað því hreindýrið lifir á sterkum jurtum. Þýðingarmesti þátturinn við matreiðslu á hreindýrakjöti er að ofelda það ekki.



4.499kr/kg

**Valette andabringur**
Hágæða franskar andabringur.



2.989kr/stk

**Pekingönd**
Frosin, innflutt, 2,4 kg.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## MERKISATBURÐIR

**1394** Jörundarkirkja á Hólum brotnar í ofsaveðri.

**1904** Abbey Theatre opnað í Dublin.

**1919** Sænska kvikmyndafyrirtækið Svensk Filmindustri er stofnað.

**1936** Ungmennafélagið Valur er stofnað á Reyðarfirði.



**1945** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn eru stofnaðir.

**1956** Staðfest eru lög um bann við hnefaleikum á Íslandi, bæði keppni og sýningu.

**1986** Snorri Hjartarson, bókavörður og skáld, lést 80 ára gamall. Hann var eitt virtasta skáld á Íslandi og hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 1981 fyrir bókina Hauströkkrið yfir mér.

**1988** Fyrsta fasta bílnúmerið í nýju númerakerfi sett á bifreið **Halldórs Ásgrímssonar** dómsmálaráðherra, HP741. Nýja kerfið gekk í gildi í ársbyrjun 1989.

**2008** Ísraelar hefja hernaðaraðgerðina Operation Cast Lead á heimastjórnarsvæði Palestínumanna á Gasaströndinni.

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SIGURLÍNA INGADÓTTIR**
**Hlíðargerði 2, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum laugardaginn 20. desember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 29. desember klukkan 13.00.

**Garðar Svavarsson**
**Guðrún Garðarsdóttir Rytter** **Jacob Rytter**
**María Garðarsdóttir** **Hrafn Þór Jörgensson**
**og barnabörn.**

†



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa, sonar og bróður,

**SIGURÐAR BALDURSSONAR**
**læknis,**
**Blikahjalla 14, Kópavogi,**

sem varð bráðkvaddur í Svíþjóð 20. október.

**Jóhanna Ingvarsdóttir**
**Jóhanna María Sigurðardóttir** **Arnar Þórisson**
**Erna Guðrún Sigurðardóttir** **Jón Axel Jónsson**
**Baldur Sigurðsson** **Hera Líf Liljudóttir**
**Ingvar Sigurðsson** **Helen Jónsdóttir**
**Sigurveig Þórarinsdóttir**
**Þórarinn Baldursson**
**Gunnar Baldursson**










**ÞETTA GERÐIST:** 27. DESEMBER ÁRIÐ 1932

# Radio City Music Hall opnað

Á þessum degi árið 1932 var hið þekkta kennileiti, Radio City Music Hall, opnað í byggingunni Rockefeller Center á Manhattan í New York. Radio City Music Hall var hannað af arkitektinum Edward Durell Stone og innanhússarkitektinum Donald Deskey í svokölluðum Art Deco-stíl.

Þegar húsið var opnað fyrir almenningi var meiningin að þar færi aðeins fram háklassa skemmtun sem hafði verið vöntun á. Fyrsta sýningin skartaði stjörnum Ray Bolger, Doc Rockwell og Martah Graham en sló ekki í gegn. Því var ákveðið strax í janúar að sýna kvikmyndir og styttri skemmtisýningar í húsinu. Fyrsta bíómyndin sem var sýnd þar var The Bitter Tea of General Yen með Barböru Stanwyck í aðalhlutverki og varð Radio City Music Hall þekkt fyrir frumsýningar sínar.

Á áttunda áratug síðustu aldar byrjaði að halla undan fæti þar sem erfitt var fyrir forsvarsmenn Radio City Music Hall að tryggja sér myndir sem ekki voru sýndar annars staðar. Árið 1979 var reglulegum bíósýningum hætt.

Nú er fókusinn í húsinu að halda tónleika og aðrar sýningar en stundum er breytt út af vananum og sýndar þar kvikmyndir. Þá hefur mörgum viðburðum verið sjónvarpað úr Radio City Music Hall síðustu ár, þar á meðal Grammy- og Tony-verðlaununum og drætti í NFL-deildinni.

**- lkg**




# Dansaði sig í gegnum breytingar í eldhúsinu

Sigurborg Kr. Hannesdóttir hefur lagt stund á 5rytma dans síðastliðin fimmtán ár og hefur undanfarin ár haldið námskeiðið Veldu þína leið, rétt fyrir áramót.

„Það eru ekki ákveðin spor heldur er farið eftir grunni í sambandi við öndun og hvernig við hreyfum okkur. Við erum að finna okkar eigin dans og frelsa dansarann sem býr í okkur," segir Sigurborg Kr. Hannesdóttir, 5rytma kennari.

5rytma dansinn var þróaður af Gabrielle Roth og snýst ekki um ákveðin dansspor heldur um fimm rytma, flæði, stakkató, kaos, lýrík og kyrrð.

„Þegar við dönsum verður til alda. Við keyrum orkuna smátt og smátt upp og endum í kyrrðinni. Þannig flæðir líka lífsorkan, hún er eins og alda."

En að sögn Sigurborgar er dansinn manninum eðlislægur. „Eins og við sjáum hjá börnum þegar þau heyra tónlist eða takt, þau byrja bara að hreyfa sig."

Sigurborg kynntist 5rytma dansinum árið 1999. „Ég var búin að taka ákvörðun um að flytja, fara í óvissuferð og láta lífið leiða mig," segir hún. „Ég átti kassettu með tónlist sem Roth hafði gefið út og prófaði að dansa sjálf inni í eldhúsi og það hjálpaði mér mikið. Það má eiginlega orða það þannig að ég hafi dansað mig í gegnum breytingarnar," segir hún glöð í bragði.

> **Námskeiðið styður okkur í því að fara í gegnum þessi tímamót. Við þekkjum það öll að líta yfir farin veg, sjá ártalið hverfa á sjónvarpsskjánum og strengja áramótaheit.**

Árið 2008 lauk Sigurborg kennaraþjálfun hjá Roth. „Þetta er svolítið skylt hugleiðslu og jóga að því leyti að við við erum að tengjast kjarnanum, sálinni og andanum í gegnum líkamann." Hún segir tjáninguna sem hún upplifir í gegnum 5rytma dansinn sér mikilvæga.

Undanfarin ár hefur hún haldið námskeiðið Veldu þína leið, stuttu fyrir áramót. „Námskeiðið styður okkur í því að fara í gegnum þessi tímamót. Við þekkjum það öll að líta yfir farinn veg, sjá ártalið hverfa á sjónvarpsskjánum og strengja áramótaheit sem endast misjafnlega vel."

Á námskeiðinu skipar 5rytma dansinn veigamikið hlutverk. „Alls konar hlutir sem við upplifum á einu ári, gleði og sorgir. Stundum eru erfiðleikar, missir og sigrar og við horfum yfir þetta allt saman og kveðjum það. Við gerum þetta að mestu leyti í gegnum dansinn og hreyfingu og það er dýpra en þegar maður gerir það í huganum." Einnig vinna þátttakendur klippimynd með markmiðum fyrir árið auk þess sem markþjálfi verður til aðstoðar.

Námskeiðið verður haldið í Yogavin og hefst klukkan ellefu í dag.

gydaloa@frettabladid.is



**SIGURBORG** Byrjaði að dansa í eldhúsinu heima hjá sér. MYND/SIGURBORG

# PARTÍTILBOÐ

*Þú færð allt sem þú þarfnast í Iceland fyrir ógleymanlegan gleðskap!*




Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

## FJÖLBREYTT ÚRVAL Á GÓÐU VERÐI

| Verð | Vara |
|---|---|
| 158 | Grape, náttúrulega biturt 50 cl |
| 158 / 168 | Egils malt og appelsín, 33 cl |
| 168 | Maxi popp 70 gr |
| 368 | Lays 175 gr – Salted, paprika og sour cream & onion |
| 398 | Doritos sósur, mild og sterk |
| 848 | Red Bull 4 í pk. |

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

PIPAR\TBWA • SÍA • 144810



KL. 21:35
**Prisoners**
Hörkuspennandi mynd með Hugh Jackman og Jake Gyllenhaal í aðalhlutverkum.

# Spennandi laugardagur

KL. 19:35
**The Big Bang Theory**
Leonard og Sheldon eru afburða snjallir eðlisfræðingar en það nýtist þeim þó ekki í samskiptum við hitt kynið.



KL. 20:00
**Last Chance Harvey**
Rómantísk mynd með Dustin Hoffman og Emma Thomson og fjallar um fráskilinn og lífsþreyttan tónsmið.



KL. 00:05
**Midnight In Paris**
Rómantísk gamanmynd um vini sem fara til Parísar og eru ekki allir sammála um ágæti þessarar rómantísku borgar.



KL. 22:00
**The Book Thief**
Áhrifamikil mynd sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar með Geoffrey Russ og Emily Watson í aðalhlutverki.



3 | KL. 20:35
**The Reckoning – Fyrri og seinni hluti**
Einstæð móðir langveikrar dóttur fær erfitt verkefni til að létta þeim lífið.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 5 | | | | | 2 | |
| | 6 | | | 7 | | | | 3 |
| 3 | 7 | 8 | 2 | 5 | | | | |
| | | 9 | 3 | | | 2 | 5 | |
| 2 | | | | | | 8 | 6 | 4 |
| | | | 1 | | 8 | | | 9 |
| | 1 | 4 | 9 | | | 3 | | |
| 8 | | | | | 3 | 4 | | |
| | 5 | | 7 | | | 6 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 6 | 9 | |
| 2 | | | | 7 | | 4 | | |
| 3 | 4 | | | | 2 | | 7 | |
| | 1 | | | 8 | | | 5 | |
| | | | 7 | | 4 | | | 8 |
| 6 | 8 | | | | 5 | 7 | | |
| 8 | | | | 1 | | 5 | | 4 |
| | 2 | | 6 | 4 | | 9 | | |
| 1 | 6 | | 9 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | | 7 |
| | | 9 | 3 | | 8 | 4 | | 2 |
| | 8 | 3 | | 4 | | | 6 | |
| | | | | | 9 | | | |
| | | 6 | | | | | 7 | |
| | | | 6 | 7 | 4 | 9 | | 3 |
| | | | | | 3 | | 9 | |
| 3 | | | | | | 7 | | 6 |
| 9 | | 7 | 5 | 8 | | | 2 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 7 | 1 | 2 | 9 | 3 | 6 | 5 |
| 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 1 | 9 |
| 5 | 9 | 1 | 6 | 7 | 3 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 5 | 8 | 9 | 6 | 2 | 4 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 | 2 | 8 |
| 6 | 2 | 4 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 7 | 1 | 3 | 2 | 8 | 4 | 5 | 9 | 6 |
| 9 | 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 6 | 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 7 | 3 | 4 |
| 3 | 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 5 | 6 | 9 |
| 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 1 | 8 | 2 |
| 1 | 8 | 9 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 5 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 4 | 3 | 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 9 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 |
| 5 | 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 |
| 8 | 3 | 4 | 7 | 6 | 1 | 9 | 5 | 2 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 2 | 6 | 5 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 3 | 6 | 5 |
| 6 | 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 8 | 2 | 1 | 6 | 4 | 7 | 9 |
| 7 | 9 | 2 | 4 | 3 | 8 | 5 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Gerðu einungis það sem hjartað segir þér að gera.“**

*Díana prinsessa.*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** skraf, **6.** í röð, **8.** spor, **9.** fæða, **11.** slá, **12.** strengjahljóðfæri, **14.** skammt, **16.** stefna, **17.** bar, **18.** orlof, **20.** persónufornafn, **21.** form.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vag, **3.** frá, **4.** trjátegund, **5.** yfirbragð, **7.** klína, **10.** sigað, **13.** í viðbót, **15.** rótartauga, **16.** upphrópun, **19.** klaki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** jk, **8.** far, **9.** ala, **11.** rá, **12.** gítar, **14.** stutt, **16.** út, **17.** krá, **18.** frí, **20.** ég, **21.** fasi.
**LÓÐRÉTT: 1.** kjag, **3.** af, **4.** barrtré, **5.** brá, **7.** klístra, **10.** att, **13.** auk, **15.** tága, **16.** úff, **19.** ís.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hermann Aðalsteinsson (1.313) hafði hvítt gegn Sveinbirni Ó. Sigurðssyni (1.778) á Framsýnarmótinu um helgina. Hvítur á leik:**



**21. Dd3!** Tvöföld hótun. **21.... Rxe3** dugar ekki vegna **22. fxe3.** Sveinbjörn reyndi að blása til sóknar með **21.... Rh4** en hafði ekki erindi sem erfiði. Jón Kristinn Þorgeirsson sigraði á mótinu.
**www.skak.is** Caruana í banastuði.

## HUGMYND #19
SPJALLA SAMAN



## HUGMYND #12
HAFA KÓSÍKVÖLD SAMAN





## HUGMYND #4
FARA Í FJALLGÖNGU SAMAN

## HUGMYND #15
ELDA SAMAN



## HUGMYND #2
HJÓLA SAMAN





## HUGMYND #17
VEIÐA SAMAN

## HUGMYND #9
Í SNÚ SNÚ SAMAN



## HUGMYND #18
SPILA TÖLVULEIK SAMAN





## HUGMYND #14
GERA STUTTMYND SAMAN

# MEIRI SAMVERA Á NÝJU ÁRI

## Fleiri samverustundir unglinga og forráðamanna er besta forvörnin

Rannsóknir sýna að samvera fjölskyldunnar er ein besta forvörnin gegn vímuefnum. Þær sýna jafnframt að ungmenni vilja gjarnan eyða meiri tíma með fjölskyldunni og njóta stuðnings hennar.

Á **www.forvarnardagur.is/hugmyndir** finnur þú ýmsar skemmtilegar hugmyndir unglinga að ánægjulegum samverustundum.

HVITA HÚSIÐ / SÍA - 14-2634

*Actavis hefur verið bakhjarl Forvarnardagsins frá því að hann var haldinn fyrst árið 2006 að frumkvæði Actavis og Forseta Íslands, í samstarfi við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Rannsókn og greiningu.*

FORVARNARDAGURINN
TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Actavis

# BESTU KVIKMYNDIR ÁRSINS 2014

Fréttablaðið tekur saman 20 erlendar kvikmyndir sem fengu mikla athygli í ár. Gríðarlega mikið af flottum kvikmyndum var framleitt í ár og reyna kvikmyndanördar nú eflaust að sjá flest það sem þeir áttu eftir á árinu. Í tilefni af því að 2014 er senn á enda tekur Fréttablaðið hér saman 20 erlendar kvikmyndir sem fengu mikla athygli og frábæra dóma í ár.



## Whiplash

BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **DAMIEN CHAZELLE**
IMDB: **8,7**
ROTTENTOMATOES: **96%**



## Jodorowsky's Dune

BANDARÍKIN/FRAKKLAND
LEIKSTJÓRI: **FRANK PAVICH**
IMDB: **8,2**
ROTTENTOMATOES: **98%**



## The Babadook

ÁSTRALÍA
LEIKSTJÓRI: **JENNIFER KENT**
IMDB: **6,9**
ROTTENTOMATOES: **98%**



## La Danza de la Realidad

CHILE/FRAKKLAND
LEIKSTJÓRI: **ALEJANDRO JODOROWSKY**
IMDB: **7,5**
ROTTENTOMATOES: **94%**



## Guardians of the Galaxy

BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **JAMES GUNN**
IMDB: **8,3**
ROTTENTOMATOES: **90%**



## Interstellar

BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **CHRISTOPHER NOLAN**
IMDB: **8,9**
ROTTENTOMATOES: **73%**



## Mr. Turner

BRETLAND
LEIKSTJÓRI: **MIKE LEIGH**
IMDB: **7,0**
ROTTENTOMATOES: **98%**



## Nightcrawler

BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **DAN GILROY**
IMDB: **8,1**
ROTTENTOMATOES: **95%**



## Birdman

BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **ALEJANDRO G. IÑÁRRITU**
IMDB: **8,7**
ROTTENTOMATOES: **93%**



## Dear White People

BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **JUSTIN SIMIEN**
IMDB: **6,6**
ROTTENTOMATOES: **91%**



## The Imitation Game

BRETLAND/BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **MORTEN TYLDUM**
IMDB: **8,4**
ROTTENTOMATOES: **88%**



## Wild

BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **JEAN-MARC VALLÉE**
IMDB: **7,4**
ROTTENTOMATOES: **93%**



## Vi är bäst!

SVÍÞJÓÐ
LEIKSTJÓRI: **LUKAS MOODYSSON**
IMDB: **7,2**
ROTTENTOMATOES: **97%**



## The Raid 2

INDÓNESÍA
LEIKSTJÓRI: **GARETH EVANS**
IMDB: **8,1**
ROTTENTOMATOES: **79%**



## Boyhood

BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **RICHARD LINKLATER**
IMDB: **8,4**
ROTTENTOMATOES: **99%**



## En duva satt på en gren och funderade på tillvaron

SVÍÞJÓÐ
LEIKSTJÓRI: **ROY ANDERSSON**
IMDB: **7,2**
ROTTENTOMATOES: **92%**



## Inherent Vice

BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **PAUL THOMAS ANDERSON**
IMDB: **8,0**
ROTTENTOMATOES: **71%**



## Leviathan

RÚSSLAND
LEIKSTJÓRI: **ANDREY ZVYAGINTSEV**
IMDB: **8,1**
ROTTENTOMATOES: **100%**



## Turist (Force Majeure)

SVÍÞJÓÐ
LEIKSTJÓRI: **RUBEN ÖSTLUND**
IMDB: **7,8**
ROTTENTOMATOES: **93%**



## Under the Skin

BRETLAND/BANDARÍKIN
LEIKSTJÓRI: **JONATHAN GLAZER**
IMDB: **6,2**
ROTTENTOMATOES: **86%**




# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!



50% afsláttur

50 kr. stk.

Verð áður ~~99 kr.~~ stk.

X- Ray Orkudrykkur, 0,25 l



4x2 lítrar

999 kr. tvennan

Coke, Coke light eða Coke zero kippa
Veldu með einn af þínum þínum
uppáhalds Stjörnu Partý mix pokum

## NÝTTU TÆKIFÆRIÐ!

## VERSLAÐU Á GAMLA VERÐINU TIL ÁRAMÓTA

Þá hækkar lægra þrep virðisaukaskattsins úr 7% í 11%





299 kr. pk.

Maarud Sombreros, 125 g



329 kr. pk.

Maarud Tortilla Cheese, 150 g



329 kr. pk.

Maarud 3 Amigos Cheese, 180 g



649 kr. stk.

Gullostur, 250 g



419 kr. stk.

Camembert, 150 g



265 kr. stk.

Piparostur, 150 g



259 kr. pk.

Pringles Original, 165 g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 7:20 - 10:20 | 12 |
| THE HOBBIT 2D VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| LOVE, ROSIE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 - 4:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 8 | 7 |
| INTERSTELLAR | KL. 10:20 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| LOVE, ROSIE | KL. 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5:50 | L |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 3:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 2 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT HFR 3D | KL. 1 - 4 - 7 - 10 | 12 |
| THE HOBBIT 2D | KL. 12 - 3 - 6 - 9 | 12 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS 3D | KL. 10:20 | 16 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 1 - 3:20 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| LOVE, ROSIE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 | L |


# Að vernda fólk fyrir fólki

**BAKPANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



**„LEYFIÐ** litlu trúleysingjunum að fara til kirkju og bannið þeim það ekki.“ Ég hef þessi eggjandi inngangsorð til að laða augu þín að því hvernig ég vildi að tekið yrði á trúarbrögðunum í fjölmenningunni. Sjálfur er ég trúlaus þannig að þetta minnir kannski á skraufþurra alþingismanninn sem vill áfengi í verslanir.

**FYRIRMYNDINA** mætti samfélagið sækja til Cordóvu snemma á miðöldum þegar gyðingar, kristnir og múslimar sátu hlið við hlið á bókasafninu þar í borg og rituðu lærðar bækur innblásnar af ýmiskonar öndum. Á bókasafninu sat líka heimspekingurinn Averores sem sagði að siðfræði heimspekinnar væri æðri siðfræði trúarinnar því að sú síðarnefnda hvetti fólk til að gera góðverk því guð myndi launa fyrir slíkt á meðan siðfræði heimspekinnar segði að góðverk væri gott í sjálfu sér og þyrfti engrar viðurkenningar við.

**Í DAG ER** dómkirkjan í Cordóvu einstakt merki um þetta umburðarlyndi því auk þess að vera dómkirkja er hún moska.

**KANNSKI** er ég svona einfeldningslegur því ég var alinn upp í litlu þorpi fyrir vestan þar sem við krakkarnir gátum leikið okkur útum allt og jafnvel þvælst innanum vinnandi fólk. Við lékum okkur í bátunum, skoðuðum klámblöð í togaranum, földum okkur í kirkjunni í strik og pílu, sem var magnaður feluleikur. Við töluðum við fullorðna hvort sem þeir voru að gera við net, afgreiða í búðinni eða að búa sig undir að skjóta lamb. Kannski þess vegna hef ég ekki áhuga á samfélagi sem reisir múra til að vernda fólk frá annars konar fólki. Við eigum líka heimspeki og siðfræði sem eru svo fádæma góð tæki til að miðla milli fólks af öllum skoðunum og gerðum. Það kennir okkur líka að halda haus jafnvel innanum predikara. Svo dreymir mig frekar um að trú eða trúleysi verði efni til uppbyggilegra umræðna í skólum heldur en tabú.

**FARIÐ** með krakkana sem víðast: í kirkju, mosku og kíkið við hjá Vantrú.

**ÉG HELD** við mættum líka slaka á, sama hverju við trúum. Stærilætið verður vandræðalegt því öll erum við jafn smá þegar sömu örlögin taka við okkur í feigðarósi.

# Ný Pee-Wee Herman mynd í bígerð

Netflix mun gefa út myndina og Judd Apatow framleiðir. Tökur hefjast 2015.

Ný kvikmynd með Pee-Wee Herman er nú í bígerð en hún verður framleidd af Judd Apatow og gefin út af Netflix. Samkvæmt sjálfum Pee-Wee, leikaranum Paul Reubens, munu tökur hefjast á næsta ári.

Pee-Wee Herman var gríðarlega vinsæll á níunda áratugnum þegar hann var meðal annars titilkarakter hinna súrrealísku barnaþátta Pee-Wee's Playhouse og költmyndarinnar Pee-Wee's Big Adventure. Rubens féll svo úr náðinni þegar hann var gripinn við að fróa sér í klámbíói árið 1991.

Nú virðist sem Pee-Wee fái tækifæri til að snúa aftur. „Núna erum við farin að vinna með svo frábæru fyrirtæki,“ sagði Reubens í viðtali í nóvember og vísar þar í Netflix en gömlu Pee-Wee þættirnir og kvikmyndin urðu fáanlegar á síðunni fyrr í þessum mánuði.

Reubens skrifaði handritið að nýju myndinni ásamt grínistanum Paul Rust. **-þij**



**PEE-WEE HERMAN** var vinsæll á níunda áratugnum.








GILDIR LAUGARDAGINN 27. OG SUNNUDAGINN 28. DES.




**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL 1 – 4.30 – 6 – 8 – 9.30 – 11 | 12 |
| THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL 1 – 4.30 – 8 – 11 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL 1 – 3.30 – 5.45 – 8 | L |
| EXODUS | KL 6 – 9.30 | 16 |
